**SARA MARTI GUÐMUNDSDÓTTIR**

*Fer með eitt aðalhlutverkið í Fólkinu í blokkinni sem sýnt er við miklar vinsældir í Borgarleikhúsinu.* 22



## Hringborð Fréttablaðsins

Við enduruppbyggingu landsins þurfa Íslendingar að tileinka sér ný gildi eins og ráðdeild, hógværð og lítillæti.



24


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. október 2008 — 285. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## LAUGARDAGUR



**DANSTÓNLIST HEFUR MIKIL ÁHRIF Á MIG**

Unnsteinn Manuel Stefánsson í Retro Stefson

VIÐTAL 28

# Þjóðin vill atkvæðagreiðslu um Evrópu

**Sjötíu prósent kjósenda vilja að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður um inngöngu í ESB, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Capacent. Meirihluti innan allra flokka er því hlynntur. Um helmingur er hlynntur aðild.**

**EVRÓPUMÁL** Sjötíu prósent kjósenda vilja að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort hefja eigi aðildarviðræður um inngöngu Íslands í Evrópusambandið (ESB). Aðeins 17,5 prósent eru andvíg þessari leið. Tæp fimmtíu prósent eru hlynnt aðild Íslands að ESB en 27 prósent andvíg.

Þetta eru niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar sem Capacent Gallup vann fyrir hóp áhugafólks um Evrópumál innan Framsóknarflokksins.

Athygli vekur að meirihluti kjósenda allra flokka er hlynntur því að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður. Þar fara kjósendur Samfylkingar fremstir með 83 prósent og Vinstri grænna með 78 prósent. Tæp sjötíu prósent framsóknarmanna vilja þjóðaratkvæðagreiðslu en rétt rúmlega helmingur þeirra sem myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, væri gengið til kosninga í dag.

Niðurstaða spurningarinnar um hvort viðkomandi væri hlynntur aðild að ESB eða ekki var afgerandi önnur en þegar spurt var um þjóðaratkvæðagreiðslu. Tæp fimmtíu prósent eru hlynnt aðild en 27 prósent andvíg. Tæplega áttatíu prósent Samfylkingarfólks eru mjög eða frekar hlynnt aðild en 36 prósent kjósenda Sjálfstæðisflokks.

Páll Magnússon, fyrrverandi varaþingmaður Framsóknarflokksins, segir að skoðanakönnunin sé unnin án samráðs við forystu flokksins og sé viðbragð grasrótarinnar í flokknum við Evrópuumræðunni, bæði innan framsóknar og í samfélaginu. - shá / sjá síðu 4



**TROMMAÐ Í TAKT** Karl Ágúst Úlfsson og félagar í Practical stóðu í gær fyrir trommugjörningi á Ingólfstorgi þar sem þeir hvöttu fólk til að koma saman og tromma í takt. Um 300 manns sýndu þar fram á að íslenska þjóðin getur spilað í takt enda sagði Karl Ágúst Íslendinga alla í sama liði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**HJÁ MÆÐRASTYRKSNEFND** Um 200 manns mæta í viku hverri í úthlutun Mæðrastyrksnefndar.

Mæðrastyrksnefnd 80 ára:

## Fleiri leita sér aðstoðar

**SAMFÉLAGSMÁL 218 manns leituðu aðstoðar Mæðrastyrksnefndar í úthlutun vikunnar, sem er óvenjumikið miðað við miðjan mánuð. „Það voru margir á ferð sem við höfum ekki séð áður,“ segir Ragnhildur G. Guðmundsdóttir formaður sem segir fjölgun í hópi yngra fólks og eldri borgara hafa verið áberandi.**

**Í hverri viku hafa á bilinu 170 til 220 mætt í úthlutun nefndarinnar á miðvikudögum. Ragnhildur býst við fjölgun skjólstæðinga nefndarinnar á næstunni í kreppu, dýrtíð og auknu atvinnuleysi og vonast því til að árleg söfnun nefndarinnar gangi vel. Mæðrastyrksnefnd hefur verið starfrækt í 80 ár.** - sbt/sjá síðu 26

Ísland ekki í öryggisráðinu:

## Geir segir tapið vera vonbrigði

**UTANRÍKISMÁL** „Ég tel, þrátt fyrir að við höfum tapað þessari kosningu að það hafi verið rétt að fara í þetta framboð,“ segir Geir H. Haarde forsætisráðherra um framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Ísland tapaði í gær kosningu um setu í öryggisráðinu. Geir segir það nokkur vonbrigði en telur eigi síður að staða Íslands sé að mörgu leyti sterkari en áður en kosningabaráttan hófst. „Kosningabarátta okkar endurspeglaði að við vildum halda fast við þá grundvallarreglu að litlar þjóðir eigi sama rétt og stórar í þessum samtökum,“ segir Geir. - ovd/sjá síðu 10




## VEÐRIÐ Í DAG




**SNJÓÉL NYRÐRA** Í dag verða norðan 5-13 m/s, hvassast NA-til. Snjókoma eða él norðan til en bjart veður sunnan og vestan til. Hiti víðast um eða undir frostmarki en þó frostlaust að deginum syðra.

VEÐUR 4

Einar Ólafsson bókavörður segir útlán safna oft endurspegla tíðarandann:

## Einar Áskell mjög viðeigandi

**BÓKMENNTIR** „Rétt fyrir kreppuna settum við upp útstillingu með bókum um gömlu haustverkin, að sjóða niður og þar fram eftir götunum. Það hefur töluvert farið út af þessum bókum, og hugsanlega hefur kreppan eitthvað með það að gera,“ segir Einar Ólafsson, bókavörður á Borgarbókasafninu við Tryggvagötu.

„Oft er hægt að merkja það á bókavali safngesta hvað er í umræðunni. Nokkuð hefur farið út af bókum um efnahagsmál, kapítalisma síðustu daga. En mig grunar að fólk sé einnig á höttunum eftir einhverju til að slaka á yfir í þessu ástandi. “

Að sögn Einars gera frændur okkar Svíar það gott þegar kemur að lánum á barnabókmenntum og tónlistarefni. „Allir ABBA-geisladiskarnir okkar eru í útláni og löng bið eftir þeim. ABBA er auðvitað fullkomin í kreppuna. Smá dans og gleði. Svo ræður hinn sænski Einar Áskell ríkjum hjá yngsta fólkinu. Starfsfólkið á safninu hefur rætt það sín á milli að fullorðna fólkið hefði líka gott af því að lesa um Einar Áskel og þá hluti sem hann veltir fyrir sér. Það eru mörg góð og viðeigandi skilaboð falin í Einari Áskeli,“ segir Einar um sænskan nafna sinn. - kg


OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

ALLIR BÍLAR Á EINUM STAÐ - Á KLETTHÁLSI

HEKLA
NOTAÐIR BÍLAR



**SPURNING DAGSINS**



*Sigmundur, verður Gyrðir ekki að bera klæði á vopnin?*

„Jú, við verðum að komast út úr þessum rimlum hugans.“

Sigmundur Ernir Rúnarsson og Einar Már Guðmundsson deila nú um hvort sá síðarnefndi hafi verið rekinn úr þættinum Mannamáli vegna skoðana sinna. Þeir tveir, ásamt Gyrði Elíassyni, eru oft kallaðir Grafarvogsskáldin.

Forsætisráðherra segir enn ekki hægt að segja til um virði eigna bankanna:

# Engin brunaútsala á bankaeignum

**VIÐSKIPTI** „Þetta er ekki komið það langt, það ég best veit, að það sé hægt að kveða upp úr um hvað eignirnar eru mikils virði,“ sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra á blaðamannafundi í gær, um eignir Landsbankans í Bretlandi.

Stjórnvöld hafa þegar samið við Hollendinga um að ábyrgjast innstæður á Icesave-reikningum þar í landi og rætt er við Breta um málið. Viðskiptaráðherra hefur sagst vonast til þess að eignir Landsbankans í Bretlandi dugi fyrir skuldbindingum Íslands vegna innstæða á reikningum þar. Skuldbinding stjórnvalda vegna Icesave í Bretlandi mun nema 450 milljörðum króna. Bretar hafa lánað Landsbankanum í Bretlandi 100 milljónir punda til að halda áfram rekstri. Geir sagði á fundinum í gær að það væri jákvætt. „Að þeir sköffuðu Landsbankanum rekstrarfé til að hann gæti haldið áfram að þjónusta sína viðskiptavini í nokkrar vikur og það er liður í því að varðveita eignir Landsbankans.“

Geir ítrekaði á fundinum að því hefði verið beint til skilanefnda að reynt yrði að varðveita og passa upp á eignir bankanna erlendis, „svo þær fari ekki á brunaútsölu,“ og þær mætti nýta til að gera upp skuldir. - ikh



**GEIR H. HAARDE** Á blaðamannafundi sem haldinn var síðdegis í gær fjallaði Geir H. Haarde forsætisráðherra meðal annars um yfirferð á erlendum eignum bankanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Beraði sig í vefmyndavél:

## Braut gegn tíu ára stúlku

**DÓMSMÁL** Karlmaður var í gær dæmdur í Héraðsdómi Reykjaness í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn tíu ára stúlku. Maðurinn fékk stúlkuna til að sýna af sér kynferðislegt athæfi í gegnum vefmyndavél í febrúar á síðasta ári.

Maðurinn játaði brot sitt og var horft til þess við ákvörðun refsingar. Var hinum dæmda gert að greiða stúlkunni 250 þúsund krónur í miskabætur auk þess sem hann þarf að greiða rúmar 170 þúsund krónur í sakarkostnað. - ovd

Hráolíutunnan rúmir 70 dalir:

## Olía ekki ódýrari í 14 mánuði

**VIÐSKIPTI** Olíuverð fór undir 70 dollara í viðskiptum á miðvikudag. Tunnan af hráolíu fór þá lægst í 68,57 dollara í viðskiptum í vörukauphöll New York. Olíuverð hækkaði lítillega í gær og endaði í 70,6 dollurum tunnan. Olíuverð hefur ekki verið lægra í 14 mánuði. Það náði hámarki, 145,29 dollurum tunnan, þriðja júlí í ár.

Ástæður lækkunarinnar eru taldar minni olíunotkun í iðnríkjum og auknar áhyggjur af almennum samdrætti um allan heim. Lægra olíuverð minnkar verðbólguþrýsting í heimshagkerfinu, en verð á öðrum hrávörum hefur einnig lækkað um helming síðustu vikur. - msh



**SÁTT** Angela Merkel kanslari, t.h., greiðir atkvæði á þinginu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjármálakreppan í Evrópu:

## Þýska þingið afgreiðir áætlun

**ÞÝSKALAND, AP** **Þýska Sambandsþingið í Berlín samþykkti með yfirgnæfandi meirihluta í gær lög um 500 milljarða evra neyðaraðstoð ríkisins við fjármálakerfið.**

**„Við vonum að lögin muni koma í veg fyrir það versta,“ sagði Peter Struck, þingflokksformaður jafnaðarmanna sem standa að ríkisstjórninni ásamt kristilegum demókrötum með Angelu Merkel sem kanslara. Þýska neyðaráætlunin er hluti af samræmdum ráðstöfunum ESB-ríkjanna gegn alþjóðakreppunni.** - aa

# Ein fullkomnasta dópverksmiðja í Evrópu

**Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lagði hald á ýmis sönnunargögn og reiðufé í átta húsleitum sem gerðar voru í áhlaupinu á amfetamínverksmiðjuna, sem var afar afkastamikil. Þriðji maðurinn var úrskurðaður í gæsluvarðhald í gær.**

**LÖGREGLUMÁL** Í átta húsleitum sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu gerði í tengslum við amfetamínverksmiðjuna í Hafnarfirði lagði hún hald á sönnunargögn af ýmsum toga, svo og fjármuni. Meðal annars var um að ræða innflutningspappíra varðandi tækjabúnað í verksmiðjuna og fleiri gögn sem styðja rannsókn lögreglu. Þá fundust hundruð þúsunda í reiðufé. Við húsleit í Kópavogi kom í ljós að þar hafði verið í gangi kannabisræktun, en engar plöntur voru í húsnæðinu þegar lögregla kom á vettvang.

Þrír menn á þrítugs- og fertugsaldri sitja nú í gæsluvarðhaldi.

Tveir voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald í fyrradag til 30. október. Þriðji maðurinn var svo úrskurðaður í gæsluvarðhald í gær, einnig til 30. október. Hann var handtekinn í Leifsstöð þegar hann var að koma frá Amsterdam.

Á blaðamannafundi sem lögreglan efndi til í gær kom fram, að tveir sérfræðingar frá Europol hafa unnið að því að fjarlægja efni, tól og tæki úr verksmiðjunni eftir að hún var upprætt. Sú vinna hefur gengið áfallalaust. Gert er ráð fyrir að henni ljúki í dag.

Tegund og styrkleiki efnanna sem voru í verksmiðjunni liggja ekki fyrir enn. Hins vegar liggur fyrir, að sögn annars hinna sérhæfðu lögreglumanna frá Europol, Andre van Rijn, að verksmiðjan hafi verið afar fullkomin og afkastageta hennar mjög mikil. Andre van Rijn hefur séð nokkur hundruð fíkniefnaverksmiðjur á sínum ferli. Hann segir Hafnarfjarðarverksmiðjuna eina þá fullkomnustu enda verið búna rándýrum tækjum. Í henni hefði verið hægt að framleiða bæði amfetamín, metamfetamín og e-töfluduft. Hægt hefði verið að selja fullan framleiðsluskammt á allt að 30 þúsund evrur. Ljóst sé að þeir sem þarna komu að verki hafi haft sérfræðiþekkingu og ætlað hluta efnisins til útflutnings þar sem framleiðslugetan hafi verið mjög mikil. Spurður um hversu fullkomin verksmiðjan gæti talist á skalanum 1 – 10 svaraði van Rijn að hún hefði verið í kringum níu. Verksmiðjan hafi trúlega verið starfrækt í vikur eða jafnvel mánuði áður en hún var upprætt. Á fundinum kom enn fremur fram, að menn útiloka ekki að tekist hafi að koma einhverjum fíkniefnum í umferð hér áður en verksmiðjunni var lokað.

jss@frettabladid.is



**AMFETAMÍNMÁLIÐ** Þeir greindu frá upplýsingum varðandi amfetamínverksmiðjuna í Hafnarfirði, f.v. Andre van Rijn, sérfræðingur frá Europol, Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn og Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar LRH.

Forstjórinn er ánægður:

## Marel sótti 1,4 milljarða króna

**VIÐSKIPTI** **„Ánægjulegt er að ljúka útboði við þessar aðstæður. Við erum mjög þakklát fyrir stuðninginn,“ segir Hörður Arnarson, forstjóri Marel Food Systems.**



**HÖRÐUR ARNARSON**

**Fyrirtækið lauk í fyrradag hlutafjárútboði og seldi tuttugu milljón hluti fyrir rétt rúma 1,4 milljarða króna. Öllum tilboðum var tekið, sem voru að stærstum hluta frá lífeyrissjóðum.**

**Hörður segir tilganginn hafa verið að styrkja fjárhag félagsins og auka viðskipti með bréf þess. Hann bendir á að þegar dragi saman í hagkerfinu breytist neyslumynstur fólks. Það neyti meiri próteinvara, svo sem kjúklings. „Þessar breytingar skapa tækifæri sem við þurfum bolmagn til að nýta okkur.“** - jab

Sameining Fjölnis og Fram:

## Viðræður hafnar að nýju

**BORGARMÁL** „Það varð hlé á viðræðum vegna efnahagsástandsins, en nú eru þær hafnar aftur. Mér heyrist menn vera sammála um þann mikla ávinning sem sameining gæti haft í för með sér, en einnig að um er að ræða flókið og viðkvæmt mál fyrir marga,“ segir Ragnar Þór Guðgeirsson, formaður Ungmennafélagsins Fjölnis í Grafarvogi. Stjórnir Fjölnis og Knattspyrnufélagsins Fram héldu á fimmtudagskvöld áfram viðræðum um hugsanlega sameiningu félaganna tveggja og býst Ragnar við frekari fundahöldum um eða upp úr helginni. - kg






Sautján ára gömul íslensk stúlka varð rússneskum manni að bana fyrir slysni:

# Voðaskot Íslendings í Rússlandi

**RÚSSLAND** Íslensk 17 ára stúlka er talin hafa orðið tvítugum rússneskum manni að bana þann 10. október síðastliðinn þegar hún hleypti skoti óviljandi af byssu í heimahúsi fórnarlambsins í borginni Astrakhan í Suðvestur-Rússlandi. Stúlkan kom til Íslands í fyrradag að sögn Péturs Ásgeirssonar, skrifstofustjóra rekstrar- og þjónustuskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

Stúlkan hafði verið skiptinemi í Rússlandi frá því í ágúst og bjó á heimili fórnarlambsins. Eftir þeim upplýsingum sem Fréttablaðið fékk frá þarlendum fjölmiðlum var maðurinn að tala í símann en systir hans var skammt frá að leika sér á tölvuna þegar slysaskotið reið af en byssan var í eigu mannsins. Stúlkurnar kölluðu á hjálp og var maðurinn fluttur á spítala þar sem hann lést síðastliðinn þriðjudag. Íslenska stúlkan kom sér til Moskvu en fjölskylda hennar hringdi frá Íslandi í sendiráðið þar í borg þangað sem hún leitaði sér aðstoðar.



**FRÁ MOSKVU** Stúlkan kom sér frá Astrakhan til Moskvu þar sem hún leitaði á náðir íslenska sendiráðsins. Hún kom til Íslands í fyrradag.

Að sögn Péturs hefur ekki verið haft samband við íslensk yfirvöld vegna málsins.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er líklegt talið að Rússar fari fram á það að stúlkan verði framseld þangað en íslensk stjórnvöld myndu ekki verða við þeirri beiðni heldur fara fram á að fá öll gögn send hingað til lands. Síðan yrði það metið hvernig hægt væri að sækja málið hérlendis.

Að sögn Mnatsakanyan Tatevik, hjá rússneska fréttamiðlinum Russia Info Centre, hefur þetta mál fengið mikla umfjöllun í rússneskum fjölmiðlum. Þar hefur því verið haldið fram að íslenska stúlkan sé eftirlýst í Rússlandi en það hefur ekki fengist staðfest.

Á fréttavef Vísis sagði í gær að alþjóðadeild ríkislögreglustjóra hefði ekki fengið upplýsingar um málið. - jse

## GENGIÐ 17.10.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
| --- | --- | --- |
| Bandaríkjadalur | 112,42 | 112,96 |
| Sterlingspund | 194,45 | 195,39 |
| Evra | 150,58 | 151,42 |
| Dönsk króna | 20,202 | 20,32 |
| Norsk króna | 16,878 | 16,978 |
| Sænsk króna | 14,939 | 15,027 |
| Japanskt jen | 1,1134 | 1,12 |
| SDR | 170,77 | 171,79 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
201,1017

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hópur áhugafólks innan framsóknar með skoðanakönnun um Evrópumál:

# Kallar á umræður í flokknum

**EVRÓPUMÁL** Páll Magnússon, fyrrverandi varaþingmaður Framsóknarflokksins, segir að skoðanakönnun um Evrópumál sé unnin án samráðs við forystu flokksins og sé viðbragð grasrótarinnar í flokknum við Evrópuumræðunni, bæði innan Framsóknarflokksins og í samfélaginu.

Páll segir að niðurstöður könnunarinnar kalli á umræður innan Framsóknarflokksins um Evrópumál, til dæmis á miðstjórnarfundi flokksins í nóvember. „Það eru ekki nema átján prósent kjósenda innan flokksins sem eru á móti atkvæðagreiðslu um aðildarviðræður. Þeir forystumenn sem tala gegn þessari leið tilheyra því miklum minnihluta innan flokksins.“

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði í umræðum á Alþingi fyrir viku að Evrópumálin væru ekki á dagskrá vegna efnahagsvanda þjóðarinnar, sem hefur verið gagnrýnt innan flokksins.

Miðstjórn Framsóknarflokksins samþykkti hins vegar í maí að efna bæri til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður annars vegar og síðar yrði samningur borinn undir þjóðaratkvæði. Byggði þessi ályktun á ræðu Guðna við opnun fundarins. - shá



**PÁLL MAGNÚSSON** Könnunin um Evrópumálin var ekki unnin í samráði við forystu framsóknar að sögn Páls.

Norðurál á Grundartanga:

# Greiðir auka mánaðarlaun

**VINNUMARKAÐUR Norðurál hefur ákveðið að greiða öllu starfsfólki í fullu starfi aukalega ein mánaðarlaun. Fólk í hlutastarfi og þeir sem ekki hafa starfað allt árið hjá fyrirtækinu fá greitt hlutfallslega. Greiðslurnar verða lagðar inn á reikninga starfsfólks á næstu dögum.**

**Stjórnendur sendu starfsmönnum fyrirtækisins bréf um þetta á fimmtudag. Í bréfinu er starfsmönnum þakkað fyrir gott framlag og rifjað upp að árið hafi verið gott fyrir fyrirtækið. Mikilvægt sé að vinna saman að áframhaldandi uppgangi fyrirtækisins.** - ghs



**FRÁ RÁÐHERRABÚSTAÐNUM** Geir H. Haarde forsætisráðherra ásamt belgískum starfsbróður sínum, Yves Leterme, í ráðherrabústaðnum í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Standa við skuldbindingar:

# Endurreisa Kaupþing í Lúx

**EFNAHAGSMÁL Geir H. Haarde forsætisráðherra átti í gær fund með Yves Leterme, forsætisráðherra Belgíu.**

**Á fundinum ræddu þeir meðal annars fund leiðtoga Evrópusambandsins fyrr í vikunni og ályktun þess fundar en Leterme sagði sambandið fylgjast vel með málum á Íslandi.**

**Ráðherrarnir ræddu einnig stöðu Kaupþings í Lúxemborg þar sem fjölmargir Belgar og Lúxemborgarar eiga innstæður og sögðust þeir vonast til niðursöðu á næstu dögum. Hugmyndin væri að endurreisa dótturfélag Kaupþings í Lúxemborg í smækkaðri mynd og sjá til þess að bankinn geti staðið við skuldbindingar sínar.** - ovd

## NOREGUR

### Fimmtíu rýmdu hús sín

Fjölbýlishús í miðborg Björgvinjar í Noregi brunnu í gærmorgun. Tæplega fimmtíu íbúar þurftu að rýma húsin og hafa ekki fengið að snúa heim.

### Jarðskjálfti í Kirkenes

Jarðskjálfti varð nýlega í Kirkenes, nyrst í Noregi. Jarðskjálftinn mældist 3 á Richter og fannst bæði í Kirkenes og lengra inni í landi eins og í Karasjok. Síðast varð jarðskjálfti í Noregi í lok maí.

# Um helmingur kjósenda vill Ísland í Evrópusambandið

**Skoðanakönnun Capacent sýnir að um helmingur kjósenda er hlynntur ESB-aðild. 27 prósent eru andvíg. 70 prósent vilja þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður og fyrir því er meirihluti innan allra flokka.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Tæplega fimmtíu prósent þjóðarinnar er hlynnt aðild að Evrópusambandinu (ESB) en tæplega þriðjungur er henni mótfallinn. Sjötíu prósent vill að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort hefja eigi aðildarviðræður um inngöngu Íslands í ESB. Aðeins 17,5 prósent eru andvíg þessari leið. Meirihluti er fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu innan allra flokka.

Þetta eru niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar sem Capacent Gallup vann fyrir hóp áhugafólks um Evrópumál innan Framsóknarflokksins. Þar kemur fram að 48,7 prósent kjósenda eru hlynnt aðild að ESB en 27 prósent eru andvíg aðild. Mest fylgi við ESB-aðild er meðal kjósenda Samfylkingarinnar, væri gengið til kosninga nú, eða 78,5 prósent. Rúm 35 prósent kjósenda Sjálfstæðisflokks eru mjög eða frekar hlynnt aðild en 32,2 prósent frekar eða mjög andvíg. Tæplega tíu prósent kjósenda Samfylkingar eru andvíg ESB-aðild. Svipað hlutfall kjósenda Vinstri grænna og Framsóknarflokks er mjög eða frekar hlynnt ESB-aðild. Mun fleiri kjósendur Vinstri grænna eru andvígir aðild samanborið við aðra flokka.

Athygli vekur að meirihluti kjósenda allra flokka eru mjög eða frekar hlynntir því að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður um inngöngu Íslands í ESB. Þar fara kjósendur Samfylkingar fremstir með 83 prósent og Vinstri grænna með 78 prósent. Tæp sjötíu prósent framsóknarmanna vilja þjóðaratkvæðagreislu en rétt rúmlega helmingur þeirra sem myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, væri gengið til kosninga í dag.

Mun fleiri karlar eru mjög eða frekar hlynntir aðild að ESB eða 54,6 prósent á móti 41,5 prósentum kvenna. Þegar hugur kynjanna til þjóðaratkvæðagreiðslu er skoðaður snúast hlutföllin við þar sem 76,3 prósent kvenna eru mjög eða frekar hlynnt á móti 64,3 prósentum karla. Rúm 12 prósent karla eru mjög andvíg þjóðaratkvæðagreiðslu en aðeins 2,8 prósent kvenna.

Könnunin var unnin um síðustu mánaðamót með 1.200 manna úrtaki. Svarhlutfall var 68,9 prósent. svavar@frettabladid.is










The Embassy of the Russian Federation and the Society of Russian-speaking Compatriots in Iceland “Zemlyachestvo” are proud to inform about the opening ceremony of the **traditional Russian Culture Days Festival.**

The arrangement is to be held today, October 18 at 17.00 in the premises of the MIR Society at Hverfisgata 105. The programme will include an exhibition of the paintings by the Russian residents in Iceland and a concert by the pupils of the Russian school.

Admission is **free of charge.**
Everybody is cordially welcome.


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**VETUR Í KORTUNUM**
Í dag og raunar næstu daga verður víða vetrarlegt á landinu. Á morgun gengur lægð austur með sunnanverðu landinu og síðdegis fylgir henni úrkomuloft við suður- og austurströndina. Sunnan til verður þetta slydda og síðar rigning en austan til fyrst og fremst snjókoma. Jafnframt hvessir mjög suðaustan til um kvöldið.



**Á MORGUN**
5-13 m/s en 13-23 m/s um kvöldið, hvassast SA-til

**MÁNUDAGUR**
13-20 m/s víðast hvar

**HEIMURINN**

| | |
| --- | --- |
| Alicante | 24° |
| Amsterdam | 14° |
| Basel | 13° |
| Berlín | 12° |
| Billund | 11° |
| Eindhoven | 14° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 15° |
| New York | 14° |
| Orlando | 30° |
| Osló | 9° |
| París | 15° |
| Róm | 23° |
| Stokkhólmur | 10° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

## KJÖRKASSINN



*Ætlar þú til útlanda á næstunni?*

| | |
|---|---|
| Já | 21,4% |
| Nei | 78,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú sátt[ur] við að Ísland náði ekki kjöri til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

vísir

Yfirlýsing til bresku bankanna um að opna fyrir fjármagnsstreymið til Íslands:

# Bresk yfirvöld gefa grænt ljós á Ísland

**VIÐSKIPTI** Breska fjármálaráðuneytið sendi öllum bönkum þarlendis yfirlýsingu um að opnað hafi verið fyrir fjármagnsflutning til Íslands. Þó eru enn hömlur á viðskiptum Landsbankans þar sem bresk yfirvöld vilja koma í veg fyrir að eignir bankans séu fluttar úr landi.

„Það er þó of snemmt að fagna því enn geta verið mörg ljón í veginum svo viðskiptin verði með eðlilegum hætti á nýjan leik,“ segir Friðrik Jón Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Vandinn felst meðal annars í því að breskir lögfræðingar hafa lagt fram þau tilmæli til bankanna að ef



**FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON**

þeir sendu peninga til Íslands væru þeir að leggja blessun sína yfir framgöngu íslenskra stjórnvalda en bresk yfirvöld eru enn óörugg um að þau íslensku muni standa við skuldbindingar sínar gagnvart skuldum Landsbankans.

Einnig hafa fjölmörg tryggingagreiðslufyrirtæki fellt niður greiðslutryggingar íslenskra fyrirtækja. Það þýðir að fyrirtækin njóta ekki lengur lánstrausts hjá viðskiptavinum sínum. Þá verða þau að staðgreiða vörurnar en það er ekki heiglum hent eins og gjaldeyrisviðskiptin hafa gengið fyrir sig frá yfirtöku á Landsbankanum og Kaupþingi. Eitt þeirra fyrirtækja sem þurft hafa að þola slíka meðferð vegna þessa ástands er röraverksmiðjan Set á Selfossi. „Við höfum en hráefni til að vinna úr en það gengur á þau,“ segir Bergsteinn Einarsson, framkvæmdastjóri Sets. „En á sama tíma er líka minnkandi spurn eftir vörum vegna samdráttar í byggingageiranum.“

- jse



**FJÁRMÁLARÁÐHERRA** Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands.




**NÝ HVERFI** Eftir að viðskiptabankarnir hættu að lána fyrir lóðakaupum hefur fjölda lóða verið skilað til sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. MYND/RVK

# Lóðasala borgarinnar 93 prósent frá áætlun

**Neikvæður viðsnúningur framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar er níu milljarðar króna á fyrstu sex mánuðum ársins og er áætlaður ellefu milljarðar í árslok. Sala byggingarréttar er sjö prósent af áætlun fyrir árið 2008.**

**BORGARMÁL** Rekstrarniðurstaða framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar við sex mánaða uppgjör er neikvæð um níu milljarða króna miðað við áætlanir fyrir árið 2008. Skýringin liggur aðallega í því að tekjur vegna sölu byggingarréttar og gatnagerðargjalda eru brotabrot af því sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Halli sjóðsins er áætlaður 6,2 milljarðar á árinu og viðsnúningurinn því á ellefta milljarð frá áætlunum.

Rekstrarniðurstaða sviðsins er neikvæð um 4,6 milljarða króna en áætlanir gerðu ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 4,3 milljarða. Þessi neikvæði viðsnúningur skýrist af því að sala byggingarréttar er aðeins sjö prósent af áætlun eða 300 milljónir króna í stað 4.524 samkvæmt áætlun.

Óskar Bergsson, formaður borgarráðs og framkvæmda- og eignaráðs, segir árshlutareikning borgarinnar sýna jákvæðar og neikvæðar tölur. Aðalsjóður standi vel en viðsnúningurinn komi allur fram í eignasjóðnum. „Eignirnar eru þó áfram til staðar og það sem við ætluðum að úthluta á einu ári mun ganga út á töluvert lengri tíma; þremur til fimm árum. Þetta er ekki tapað fé, þetta er ekki samdráttur í skatttekjum heldur tekjuáætlun sem gengur ekki eftir.“ Óskar segir það ekki flókið hvað neikvæður viðsnúningur eignasjóðs þýði. „Við bregðumst við með því að draga úr framkvæmdum.“

Í skýrslu fjármálaskrifstofu varðandi árshlutauppgjörið er bent á að brýnt sé að hraða ákvarðanatöku um endurskoðun fjárfestinga og fjármögnun þeirra í ljósi breyttra tekna og aðgengis að lánsfé. Nýlega samþykkti borgarstjórn sérstaka aðgerðaáætlun til að bregðast við efnahagsástandinu. Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri kynnti áætlunina og kom fram í máli hennar að í 6,2 milljarða króna halla á eignasjóði á þessu ári stefni vegna aukins fjármagnskostnaðar, gengisáhrifa og vegna þess að forsendur eru brostnar í sölu á byggingarrétti.

Borgarráð fól framkvæmda- og eignasjóði að endurskoða reglur um lóðaúthlutanir á vegum borgarinnar í september í því skyni að auðvelda almenningi að eignast lóðir í Reykjavík. Nú liggur fyrir að kaupendum lóða verða boðin hagkvæmari greiðslukjör og minni áhersla verður á að byggja upp ný svæði.

svavar@frettabladid.is




Allt hreint með Miele

Ef þú kaupir Miele þvottavél eða þurrkara færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum. Þetta tryggir tromla af nýrri gerð, (einkaleyfi Miele) lengri ending vélarinnar en gengur og gerist, sem og fullkomnasta tækni sem völ er á.

Most Trusted Brand 2008

best brands 2008 das deutsche markenranking

Íslenskt stjórnborð •
Íslenskar leiðbeiningar •
Stórt hurðarop •
20 ára ending •

vilborga@centrum.is

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200

„...fyrst á visir.is“

vísir.is

...ég sá það á visir.is



Fjórir MND-sjúklingar taka þátt í lyfjatilraun í Bandaríkjunum:

# Vonast eftir gjörbreyttu lífi

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ef björtustu vonir ganga eftir mun þetta lyf gjörbreyta lífi okkar allra,“ segir Kristinn Guðmundsson, einn fjögurra íslenskra MND-sjúklinga sem taka þátt í lyfjatilraun á Mount Sinai-sjúkrahúsinu í New York. Greitt er fyrir þátttöku þeirra úr „Dollar á mann“-rannsóknasjóðnum. Í hann safnaðist í fyrra jafnvirði eins dollara á hvern Íslending með hjálp íslenskra fyrirtækja.

Lyfið heitir Pyrimethamine og er gamalt malaríulyf. Prófa á hvort notkun þess í stigvaxandi skömmtum geti haft jákvæð áhrif á ákveðið eggjahvítuefni í frumum sjúklinganna. Efnið er í líkama allra en MND-sjúklingar framleiða það í of miklu magni, sem truflar skilaboðin milli tauga og vöðva.



**LÆKNIRINN OG FJÓRMENNINGARNIR** Grétar Guðmundsson taugalæknir, Arnmundur Jónasson, Kristinn Guðmundsson, Edda Heiðrún Backman og Guðjón Sigurðsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nokkuð misjafnt er hvernig MND-sjúkdómurinn leggst á fólk en í öllum tilfellum veldur hann hægfara lömun. Vonast er til að lyfið ýmist dragi úr því ferli, stöðvi það eða jafnvel snúi því við. Mikil þörf er á lyfjalausnum fyrir fólk haldið sjúkdómnum, eða eins og Guðjón Sigurðsson, formaður MND-félagsins, orðaði það á blaðamannafundi: „Bankakreppan er engin kreppa miðað við þá lyfjakreppu sem við MND-sjúklingar búum við.“ Á Íslandi greinast þrír til fimm með MND-sjúkdóminn á ári hverju.

- hhs

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** *Hvaða líkfundarmaður var handtekinn vegna amfetamínverksmiðju í Hafnarfirði?*

**2.** *Hvaða íslenski söngvari hyggst gefa út plötu sína Meira í Moskvu?*

**1.** *Hvað fræga poppsöngkona gekk í hjónaband í Dómkirkjunni um síðustu helgi?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Björn Bjarnason segir Ísland fyrsta ríkið til að lúta í lægra haldi í heimsátökum:

# Ný sjálfstæðisbarátta óhjákvæmileg

**EFNAHAGSMÁL** „Ný sjálfstæðisbarátta [er] óhjákvæmileg til að endurheimta og treysta fjárhagslegan styrk þjóðarinnar,“ sagði Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra í ræðu sinni á Hátíðarmálþingi Háskóla Íslands í gær. Þingið var haldið í tilefni af því að 100 ár eru liðin frá því lagakennsla hófst á Íslandi.

„Bresk stjórnvöld beita hrammi hryðjuverkalaga gegn íslenskum fyrirtækjum. Hollendingar hóta með aðgerðum á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, fallist Íslendingar ekki á kröfur þeirra,“ sagði Björn.

Hann sagði ákvörðun bresku ríkisstjórnarinnar um að beita hryðjuverkalögum til að sölsa undir sig eignir íslenskra banka og starfsemi í Bretlandi hafa hugsanlega dramatíkst, táknrænt gildi og vitnaði þar til greinar í The Washington Post, undir fyrirsögninni Næsta heimstyrjöldin, frá síðastliðnum sunnudegi. Sagði hann greinarhöfunda segja að sú styrjöld gæti orðið fjármálaleg.

„Greinarhöfundar líkja ástandinu í banka- og fjármálaheiminum við heimsstríð og Ísland hefur að margra áliti orðið fyrst ríkja til að lúta í lægra haldi í þeim átökum.“ Þá hafi umræður á innlendum stjórnmálavettvangi réttilega snúist um það undanfarið, hvar Íslendingar geti leitað stuðnings og skjóls, þegar hvarvetna ríkir uppnám. - ovd



**DÓMSMÁLARÁÐHERRA** Björn Bjarnason segir bresk stjórnvöld hafa beitt hrammi hryðjuverkalaga gegn íslenskum fyrirtækjum.

Efnistaka á botni Hvalfjarðar:

# Umhverfisáhrif sögð óveruleg

**UMHVERFISMÁL Frekari efnistaka Björgunar ehf. í Hvalfirði kemur til með að hafa óveruleg umhverfisáhrif samkvæmt frummatsskýrslu fyrirtækisins vegna mats á umhverfisáhrifum efnistöku af hafsbotni í Hvalfirði.**

**Skýrslan barst Skipulagsstofnun í síðustu viku og þar segir meðal annars að á umræddu svæði í Hvalfirði séu 6 námur. Áætlað er að efnistaka á svæðinu á næsta leyfistímabili, 2008-2018 verði um 10 milljón rúmmetrar af þeim 27 milljón rúmmetrum efnis sem áætlað er að sé að finna í námum í Hvalfirði. Frestur til athugasemda er til 28. nóvember.** - ovd

Mótmæli á Austurvelli í dag:

# Davíð verði vikið úr starfi

**MÓTMÆLI „Við teljum bankamenn bera mikla ábyrgð, ríkisstjórnina bera meiri ábyrgð og Davíð Oddson bera mesta ábyrgð á núverandi efnahagsástandi, og viljum losna við hann,“ segir Kolfinna Baldvinsdóttir, sem stendur fyrir mótmælum á Austurvelli klukkan þrjú í dag. Aðrir aðstandenur mótmælanna eru Hörður Torfason, Birgir Þórarinsson, Dr. Gunni og Andri Sigurðsson.**



KOLFINNA BALDVINSDÓTTIR

**Kolfinna segir að ef dæma eigi af undirskriftalistum á netinu megi búast við þúsundum manna á Austurvöll í dag.** - kg

### FINNLAND

**Tapa ekki miklu**

Finnska fjármálaeftirlitið áætlar að finnsku bankarnir geti tapað 20 milljónum evra í mesta lagi, eða um þremur milljörðum króna, á íslensku bönkunum Fyrri áætlanir höfðu sýnt mögulegt tap upp á 210 milljónir.

### NOREGUR

**Fann kind á hafsbotni**

Norski kafarinn Hans Harald Ylvisåker fann nýlega kind á sextán metra dýpi við Noreg. Steinn hafði verið bundinn við þrjár af löppum dýrsins og því kastað út í sjóinn.

### AKRANES

**Endurvekja árshátíð**

Bæjarráð Akraness hefur tekið undir áskorun leikskólastjóra í bænum um að Akraneskaupstaður endurveki árshátíð bæjarstarfsmanna og sýni þannig að störf þeirra allra séu metin að verðleikum.

# Eftirlaunafrumvarp er enn þá óútkljáð

**Óvíst er hvenær eftirlaunafrumvarpið verður tekið aftur fyrir á Alþingi. Talsmenn allra flokka lýsa sig reiðubúna til að útkljá málið og varaformaður Samfylkingar vill lögin burt. Unnið hefur verið að málinu í sumar.**

**STJÓRNMÁL** Óvíst er hvenær frumvarp um breytingar á eftirlaunum þingmanna og ráðherra verður lagt fram. Frumvarp Valgerðar Bjarnadóttur, varaþingmanns Samfylkingarinnar, frá síðasta þingi átti að vinna frekar í sumar og er það komið á forræði forsætisráðherra.

Í ljósi umræðu um að mögulega þurfi að skerða lífeyrisgreiðslur almennings vegna taps lífeyrissjóðanna, hefur umræðan um breytingar á eftirlaunafrumvarpinu orðið æ háværari.

Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, segir ríkt tilefni til að endurskoða lögin. „Það hefur alltaf staðið til, enda er kveðið á um það í stjórnarsáttmála. Nú er ríkara tilefni en ella að formenn flokkanna komi sér saman um sameiginlegar breytingar á lögunum. Það gengur ekki að þingmenn og ráðherrar búi við sérkjör í lífeyrismálum. Ég segi bara burt með lögin.“

„Það væri manndómsbragur af því að hreinsa þau ósköp af okkur,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna. Hann segir það vera á forræði ríkisstjórnarinnar. „Við höfum lýst því yfir að við værum til í uppstokkun á því kerfi. Ef raunverulegur vilji er til þess stendur ekki á okkur. Það kemur ekki annað til greina en að æðstu embættismenn deili kjörum með þjóðinni.“

„Þetta hefur nú ekki komið til tals akkúrat núna, það er nóg af öðru að ti í augnablikinu,“ segir Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins. Hún segist reikna með því að fljótlega komi tillögur í málinu, enda sé kveðið á um það í stjórnarsáttmálanum.

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, vísar í umræður formanna flokkanna um málið. „Eftirlaunamálið hefur verið í ákveðnum farvegi en ekki er komin nein lausn á því. Menn hafa haft um annað að funda undanfarna daga. Forsætisráðherra hefur fundað tvívegis með okkur formönnunum síðsumars, en engin samstaða var komin um málið þá. Til þess getur auðvitað komið, við þessar hamfarir allar, að við þurfum að stilla allt samfélagið upp á nýtt og þetta þar með,“ segir Guðni.

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, segir flokkinn tilbúinn til að afgreiða frumvarpið um leið og það er til. „Ég hef alltaf sagst vera reiðubúinn til þess að endurskoða þetta. Það er samt hálfaumt þegar 43 manna ríkisstjórn kemur máli ekki í gegn og þarf að koma því á stjórnarandstöðuna.“

kolbeinn@frettabladid.is



**VIÐ ÞINGSETNINGU** Töluverðar líkur eru á því að lífeyrisgreiðslur almennings skerðist vegna efnahagskreppunnar. Háværar raddir hafa verið uppi um að breytingar verði gerðar á eftirlaunafrumvarpi þingmanna og ráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


**Kraków**

**październik**

od **24.900** kr. w jedną stronę

od **39.900** kr. w dwie strony

***Oferta specjalna dla Polaków w Islandii***

Biuro turystyczne Heimsferðir przygotowało wyjątkową promocję dla Polaków mieszkających w Islandii. Bezpośrednie loty z Islandii do Krakowa w październiku po okazyjnie niskiej cenie. Przelot w jedną lub dwie strony. Liczba miejsc ograniczona.

**24.900**
Cena biletu dla 1 osoby w jedną stronę przy zakupie w Internecie. Cena zawiera już podatek. (Uwaga! Cena obowiązuje tylko w określonych terminach)

**39.900**
Cena biletu dla 1 osoby w dwie strony przy zakupie w Internecie. Cena zawiera już podatek. (Uwaga! Cena obowiązuje tylko w określonych terminach)

**Keflavík-Kraków**
23 października
26 października
30 października (tylko w jedną stronę) (Keflavík-Egilsstaðir-Kraków)

**Kraków-Keflavík**
23 października
26 października
30 października (tylko w jedną stronę)

**Heimsferðir**
**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


Þolendakönnun á viðhorfum til lögreglu og reynslu almennings af afbrotum:

# Færri öruggir í miðborginni

**LÖGGÆSLA** Um þriðjungur fólks telur sig vera öruggan í miðborg Reykjavíkur að næturlagi um helgar. Þetta er lægra hlutfall heldur en í könnun sem gerð var árið 2004. Þá töldu 36 prósent svarenda sig örugga í miðborginni, en rétt rúm 32 prósent nú.

Þetta kemur fram í árlegri könnun Ríkislögreglustjóra á reynslu landsmanna af afbrotum og viðhorfi til lögreglunnar. Í könnuninni sem framkvæmd var í sumar var meðal annars spurt um öryggistilfinningu almennings í heimabyggð og í miðborg Reykjavíkur, um þjónustu lögreglunnar og sýnileika hennar.

Um 32 prósent svarenda sáu lögreglubíl í sínu hverfi eða byggðalagi oft eða nær daglega. Tæp níu prósent sögðust aldrei sjá lögreglumann eða lögreglu. Á höfuðborgarsvæðinu voru svör þrettán prósent svarenda á þann veg.

Þegar spurt var um hvaða afbroti fólk óttast mest að verða fyrir svöruðu ríflega 40 prósent innbrot. Næstflestir eða 36 prósent óttast ofbeldi og líkamsárásir.

Um 88 prósent svarenda í könnunni telja að lögreglan vinni nokkuð eða mjög gott starf. - jss



**LÖGREGLAN Í MIÐBORGINNI** Um 88 prósent telja lögreglu vinna gott starf. Heldur færri eru þó öruggir í miðborginni.



**LJÓSADÝRÐ Í BERLÍN** Sjónvarpsturninn í Berlín sést hér upplýstur í marglitum ljósum í tilefni af ljósahátíð sem nú stendur yfir í þýsku höfuðborginni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stephen Harper verður áfram forsætisráðherra minnihlutastjórnar í Kanada:

# Boðar aukið samstarf á þingi

**KANADA, AP** Þingkosningarnar í Kanada á þriðjudag breyttu ekki miklu um stöðu stjórnmálaflokkanna þar í landi. Stephen Harper, leiðtogi Íhaldsflokksins og forsætisráðherra minnihlutastjórnar flokksins síðustu tvö ár, boðar þó nánara samstarf við stjórnarandstöðuna á komandi kjörtímabili.

Íhaldsflokkurinn jók fylgi sitt töluvert á þingi, er nú með 143 þingmenn en var með 127. Það dugar honum þó ekki til meirihluta á 308 manna þjóðþingi landsins.

Frjálslyndi flokkurinn, sem lengi vel var stærsti flokkur Kanada, hlaut hins vegar slæma útreið í kosningunum: fékk 76 þingmenn en hafði 95 á síðasta kjörtímabili. Stephan Dion, leiðtogi frjálslyndra, lofaði minnihlutastjórn Íhaldsflokksins fullri samvinnu „á þessum erfiðu efnahagstímum".

Kanadabúar virðast almennt hafa verið óánægðir með hve seint Harper forsætisráðherra brást við fjármálakreppunni, Harper segist þó hafa sýnt fram á það á síðasta kjörtímabili að minnihlutastjórn geti náð árangri og hvetur alla stjórnarandstöðuflokka til að tryggja að svo megi verða áfram: „Á þessum tímum efnahagslegs óstöðugleika eiga Kanadamenn það inni hjá okkur, að okkur takist þetta aftur." - gb




Norrænir fjölmiðlar:

## Matarskortur yfirvofandi

**NORÐURLÖND Norrænir fjölmiðlar eru uppfullir af fréttum um að matarskortur sé yfirvofandi á Íslandi eftir þrjár til fimm vikur vegna gjaldeyrisvandræða. „Matarforði landsins dugar í um það bil einn mánuð en gjaldeyrisviðskiptin verða að komast í lag eins fljótt og hægt er svo að innflytjendur geti haldið starfsemi sinni áfram," segir finnska dagblaðið Uusi Suomi.**

**Seðlabanki Íslands hefur lýst yfir að landið eigi gjaldeyrisvaraforða til margra mánaða. Þá blása íslenskir ráðamenn á fregnir um að hérlendis sé matarskortur yfirvofandi.** - ghs



**ODDVITAR Í KÓPAVOGI** Bæjarstjórnin vill að Íslendingar standi saman í alvarlegri stöðu.

Áhrif efnahagskreppunnar:

## Þjónusta ekki skert í Kópavogi

**SVEITARSTJÓRNIR** „Bæjarstjórn Kópavogs leggur áherslu á að grunnstoðir samfélagsins eru traustar og að þjónusta við bæjarbúa verður ekki skert," segir í ályktun sem bæjarstjórn Kópavogs samþykkti einróma. Bæjarstjórnin segir hins vegar að samdráttur í tekjum bæjarbúa og erfiðari skuldastaða sé fyrirsjáanleg.

„Í ljósi þeirrar alvarlegu stöðu, sem ríkir á Íslandi er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að Íslendingar standi saman, allir sem einn. Viðbrögð og úrlausnir við þeirri alvarlegu stöðu, sem upp er komin kalla á sameiginlega krafta og samvinnu. Breyttar aðstæður í efnahagslífi landsmanna munu hafa víðtæk áhrif á afkomu Kópavogsbæjar." - gar

# Íslendingum hafnað

**Afgerandi niðurstaða fékkst strax í fyrstu umferð atkvæðagreiðslu meðal fastafulltrúa á allsherjarþingi SÞ í gær um það hvaða þjóðir fengju umboð þeirra til setu í öryggisráðinu. Ísland var ekki þar á meðal.**

**UTANRÍKISMÁL** Ísland mun ekki eiga sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna árin 2009 til 2010. Þetta varð niðurstaða kosningar sem fram fór á allsherjarþingi SÞ í New York í gær, en þar með lauk ferli sem hófst fyrir tíu árum þegar íslenska ríkisstjórnin tók ákvörðun um að sækjast eftir setu í öryggisráðinu í fyrsta sinn.

Ísland fékk 87 atkvæði en Austurríki 135 og Tyrkland 151. Kosið var á milli þeirra þriggja um tvö sæti ríkjahóps sem kenndur er við Vestur-Evrópu.

„Það kom á óvart að þetta skyldi ráðast svona strax í fyrsta umgangi," sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra í samtali við Fréttablaðið eftir að úrslitin lágu fyrir, en hún var sjálf viðstödd atkvæðagreiðsluna þrátt fyrir að vera formlega enn í veikindaleyfi. Með tilliti til þess að upp undir 140 ríki höfðu gefið Íslandi vilyrði fyrir stuðningi voru þetta vonbrigði, að sögn Ingibjargar.



**EINU DEILUMÁLINU FÆRRA** „Það er alla vega ljóst að fólk þarf ekki að deila um þetta mál lengur," sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra eftir að niðurstaðan lá fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Spurð hvaða skýring henni þyki nærtækust á að svona fór segir hún meginskýringarinnar að leita í því við hve sterka keppinauta var að etja. Bæði Tyrkland og Austurríki ráði yfir rótgróinni og öflugri utanríkisþjónustu og þau hafi jafnframt lagt mikið upp úr kosningabaráttunni. „Í samanburði við þau erum við svolítið á bersvæði," viðurkennir Ingibjörg, en bætir við að „maður fer auðvitað í svona baráttu með því hugarfari að ætla sér að hafa sigur."

Spurð hvort efnahagskreppan sem nú er skollin á Íslandi af meiri þunga en öðrum ríkjum heims kunni að hafa haft áhrif segir Ingibjörg að vissulega hafi sú atburðarás síðustu vikna „sett strik í reikninginn" og til að mynda hafi framkoma Breta í garð Íslendinga ekki verið hjálpleg.

En Ingibjörg segist telja að sú vinna sem unnin var til undirbúnings öryggisráðsframboðinu „sé reynsla sem muni nýtast okkur mjög vel. Í mínum huga hefur þetta verið mikilvægt og gott markaðsátak" sem hafi meðal annars leitt af sér góða kynningu á því fyrir hvað Ísland stendur, ekki síst hjá þjóðum sem Ísland hafði til þessa ekki átt mikil samskipti við.

Uppgefinn heildarkostnaður við framboðið er í kringum 250 milljónir króna.

Þar sem framboð Íslands naut stuðnings hinna Norðurlandanna segir Ingibjörg Sólrún undirbúning þess hafa eflt samstarf Norðurlandanna á sviði utanríkismála og öryggis- og varnarmála „og ég held að það muni líka skila okkur heilmiklu þegar til framtíðar er litið."

Þar sem Norðurlöndin skiptast á um að sækjast eftir setu í ráðinu má gera ráð fyrir að allt að 20 ár líði uns Íslandi gefst næst kostur á að bjóða sig fram til setu í því.

audunn@frettabladid.is



**ÖRYGGISRÁÐ SÞ** Í því sitja fimm fastafulltrúar með neitunarvald og tíu önnur ríki sem sitja í tvö ár í senn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**MILLJARÐAR, MORÐ OG MISINDISVERK**
**Grafskrift íslenska hlutabréfaævintýrisins**
*Að baki hverjum viðskiptasigri býr glæpur ...*

[ „Stefán Máni spinnur söguna af miklum krafti og fjöri."
*Þórarinn Þórarinsson / Nýtt líf* ]

Ný skáldsaga eftir höfund metsölubókarinnar *Skipið*.

BÓKIN ER PRENTUÐ Á ÍSLANDI






NÝ BÓK

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



**ALEX SALMOND** Gagnrýndur fyrir drauminn um „sveig velsældar". NORDICPHOTOS/AFP

Skoskir sjálfstæðissinnar í vörn vegna hrunsins á Íslandi:

## Örlög Íslands sögð víti til varnaðar

**SKOTLAND** Alex Salmond, leiðtogi skoskra sjálfstæðissinna, á nú undir högg að sækja í stjórnmálunum heima fyrir vegna þeirrar áherslu sem hann hefur lagt á að Skotar ættu að taka sér Ísland til fyrirmyndar.

Draumur Salmonds um að sjálfstætt Skotland yrði hluti af „sveig velsældar" frá Írlandi um Ísland til Skandinavíu og Finnlands er nú hruninn, að því er pólitískir mótherjar hans halda fram. Í ljósi þess hvernig alþjóðlega bankakreppan hefur leikið efnahagslíf Íslands og fleiri lítilla ríkja ætti það að vera Skotum víti til varnaðar, að því er Lundúnablaðið The Independent hefur eftir talsmönnum Verkamannaflokksins í Skotlandi. Við þetta bætist að tvær meginstoðir skosks efnahagslífs, bankarnir Royal Bank of Scotland og HBOS, hefðu komist í þrot ef breski ríkissjóðurinn hefði ekki dælt tugmilljörðum sterlingspunda inn í þá. Efasemdamenn um hyggindi aðskilnaðar hafa af þessu tilefni bent á að ríkissjóður sjálfstæðs Skotlands hefði vart verið fær um að bjarga bönkunum. Talsmenn Skoska þjóðarflokksins, SNP, gefa þó lítið fyrir þessar úrtöluraddir. Það sé merki um „örvæntingu" sjálfstæðisandstæðinga að „tala niður getu Skotlands" með þessum hætti, að því er Independent hefur eftir Pete Wishart, talsmanni SNP í stjórnlagamálum. - aa

Bresk stjórnvöld:

## Vilja öflugan njósnagrunn

**BRETLAND, AP** Breska stjórnin hefur fengið þá hugmynd að koma upp risavöxnum gagnagrunni þar sem safnað verði upplýsingum um öll símtöl, tölvupóst og önnur netsamskipti.

Tilgangurinn er að auðvelda varnir gegn hryðjuverkum og glæpastarfsemi. Jacqui Smith innanríkisráðherra segir gagnagrunninn nauðsynlegan fyrir lögreglu og öryggissveitir landsins. Stjórnarandstæðingar og mannréttindasamtök fordæma hugmyndirnar. Umboðsmaður hryðjuverkalaga segir ófært að stjórnvöld fái að koma sér upp svo viðamiklum gagnagrunni. - gb

Fyrrverandi borgarstjóri:

## Hverfisblað er flokkssnepill

**SVEITARSTJÓRNIR Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi kveðst gera alvarlega athugasemd við að Vesturbæjarblaðið fái 450 þúsund króna styrk frá Reykjavíkurborg eins og önnur hverfisblöð.**



ÓLAFUR F. MAGNÚSSON

**„Enda má færa rök fyrir því að fremur sé um að ræða flokkssnepil en eiginlegt hverfisblað. Um það vitna meðal annars leiðarar ritstjóra blaðsins, Geirs A. Guðsteinssonar, sem fela í sér órökstuddar dylgjur um störf undirritaðs sem borgarstjóra og eindreginn stuðning við þá flokka sem nú ráða í borginni og bera, umfram aðra, ábyrgð á því ófremdarástandi sem ríkir í íslensku samfélagi," segir í bókun Ólafs í borgarráði.** - gar

Heimsmeistaraeinvígi í skák:

## Anand vann þriðju skákina

**SKÁK** Viswanathan Anand vann þriðju skákina í heimsmeistaraeinvíginu við Vladimír Kramnik. Tvær fyrstu skákirnar enduðu með jafntefli.

Anand var með svart og upp kom hið flókna Meran-afbrigði í Slavneskri vörn. Kramnik lenti í heimabruggi hjá Anand sem tefldi hratt og djarflega í hvassri stöðu. Brátt munaði heilum klukkutíma á tímanum hjá keppendunum. Kramnik svaraði fyrir sig með því að fórna manni og þá var komið að Anand að hugsa. Hann fórnaði manninum til baka og tókst að halda frumkvæðinu.

Í hárbeittri stöðu þar sem báðir keppendur höfðu lítinn tíma gaf Kramnik eftir og hann gafst upp eftir 41 leik. - pal





Meistaranám, MS
Doktorsnám, Ph.D.

» Kennarar í fremstu röð.
» Sterk tengsl við atvinnulífið.
» Góð vinnuaðstaða.
» Nálægð stúdenta við kennara auðveldar námið.
» Ýmsir möguleikar á styrkjum.
» **Umsóknarfrestur er til 15. nóvember.**

www.verk.hi.is

Byggingarverkfræði
Fjármálaverkfræði
Hugbúnaðarverkfræði
Iðnaðarverkfræði
Rafmagnsverkfræði
Reikniverkfræði
Tölvunarfræði
Tölvuverkfræði
Umhverfisverkfræði
Vélaverkfræði

Eðlisfræði
Efnafræði
Ferðamálafræði
Jarðeðlisfræði
Jarðfræði
Landfræði
Lífefnafræði
Líffræði
Sameindalífvísindi
Sjávarlíffræði
Stærðfræði
Umhverfis- og auðlindafræði

ÍSLENSKA SIA.IS HSK 43990 10.2008

Skrifstofa verkfræði- og náttúruvísindasviðs, opin virka daga frá kl. 10–16, sími 525 4700, verk@hi.is





10% vaxtaauki...

Þeir sem stofna sparnaðarreikningana **SPRON Vaxtabót, Viðbót eða Veltubót** á Netinu fyrir 3. nóvember nk. fá um næstu áramót 10% vaxtaauka á áunna vexti.*

... á áunna vexti!

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á **spron.is**

spron – bankinn þinn

*Vaxtaaukinn leggst inn á reikninginn um næstu áramót.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
644 **+0,05%**

**Fjöldi viðskipta:** 67
**Velta:** 122 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **SLÁTURF. SUÐURL.** | 33,33% |
| **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | 30,77% |
| **MAREL** | 2,14% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **ATORKA** | 37,50% |
| **ICELANDAIR** | 1,70% |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR:**

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,00 +0,00% ... Atorka 0,50 -37,50% ... Bakkavör 5,00 +0,00% ... Eimskipafélagið 0,85 +30,77% ... Exista 4,62 +0,00% ... Icelandair Group 14,45 -1,70% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 71,50 +2,14% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 83,50 +0,97%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Kreppufræði

Í nýjasta tölublaði Economist er fjallað um Ísland undir yfirskriftinni „kreppanomics“. Athyglisvert er hins vegar hvernig tímaritið virta greinir stöðuna sem hér er upp komin. Aðgerðir stjórnvalda eru fremur sagðar hafa aukið á ringulreiðina. Hrunadansinn hafi hafist með yfirlýsingu um þjóðnýtingu Glitnis og hafi ýtt undir áhyggjur af stöðunni hér. „Eftir að hafa reynt að styðja við einn banka [þurftu stjórnvöld] brátt að taka hina, Landsbanka og Kaupþing. Og fyrstu viðbrögð, sem meðal annars fólu í sér yfirlýsingu um að tengja gengi krónunnar við evru, þrátt fyrir ónógar gjaldeyrisbirgðir til að verja tenginguna, auk tilraunar til að tryggja lán frá Rússum, urðu aðallega til að rugla stöðuna,“ segir í Economist, sem þó kemst að þeirri niðurstöðu að heimfæra megi vanda Íslands upp á fleiri þjóðir. Þetta sé bara spurning um hlutföll, ekki eðli vandans. Kreppuhugtakið sé hins vegar þess eðlis að skiljist vel á milli tungumála.




### Nýrri herferð frestað

Á málþingi um áhrif fjármálakreppunnar hér á landi sem Félag viðskipta- og hagfræðinga hélt í gær upplýsti Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair, í framhjáhlaupi um ákveðin áhrif á rekstur félagsins. Í ljósi tíðinda af Nýja-Landsbankanum og Nýja-Glitni, hafi þeir hjá flugfélaginu ákveðið að fresta um sinn auglýsingaherferð þar sem við sögu kemur „New Icelandair.“ Hættan er nefnilega sú að nýjungin verði ekki tengd við stóla og skemmtanakerfi, heldur ríkisvæðingu og yrði því heldur til að ýta undir sögusagnir um hrakfarir en hitt.



## Sparisjóðavísun vænn kostur

„Það er ljóst að útrás íslensku bankanna er í biðstöðu auk þess sem við vildum styrkja okkur sem banki sparisjóðanna,“ segir Agnar Hansson, forstjóri Sparisjóðabanka Íslands.

Bankinn tók upp nafnið Icebank í miðju útrásaræðinu fyrir tæpum tveimur árum en kastaði því fyrir róða á hluthafafundi í gær.

Agnar segir þetta ákveðna varnaraðgerð þótt engin uppstokkun hafi átt sér stað í bankanum. Þá var ný stjórn skipuð á fundinum í gær.

Sparisjóðirnir eiga 56 prósent í Sparisjóðabankanum en helstu stjórnendur hans auk annarra fjárfesta eiga afganginn. **- jab**

# Algjört verðhrun á Glitni í Svíþjóð

„Verðið er ásættanlegt í ljósi þeirra aðstæðna sem nú eru, ef maður er bara raunsær,“ segir Sigrún Hjartardóttir, forstöðumaður fjárfestatengsla hjá Glitni.



**ANDERS HOLMGREN** Anders er framkvæmdastjóri Glitnis í Svíþjóð.

Tilkynnt var um sölu á sænsku dótturfélagi Glitnis, Glitni AB, til sænska HQ bankans í gær. Söluverðið er 60 milljónir sænskra króna, eða sem nemur tæpum níu hundruð milljónum króna, miðað við skráð gengi Seðlabankans í gær. Kaupverðið í júlí í hittifyrra var hins vegar 425 milljónir sænskra króna, eftir því sem næst verður komist.

Kaupverðið var því ríflega sjö sinnum hærra en söluverðið nú, í sænskum krónum mælt.

Sigrún segir verðið svo sem ekki hátt ef miðað sé við bókfært virði félagsins og upphaflegt kaupverð. „En við þessar aðstæður veltir maður vitaskuld fyrir sér raunverulegu verðmæti fjármálafyrirtækja.“

Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis, segir það fara eftir aðstæðum á hverjum stað hvað sé selt. Til að mynda sé haft til hliðsjónar lánasafn fyrirtækisins og þess háttar sem ekki þurfi að setja fjármuni í. „Í skilanefndinni höfum við sett okkur þá vinnureglu að selja í engum tilvikum þær eignir sem við getum haldið í.“ **- ikh**

# Peningamarkaðssjóðir leystir upp

### Óvíst hversu hratt peningar skila sér til eigenda og eins í hvaða magni.

Fjármálaeftirlitið (FME) hefur beint þeim tilmælum til rekstrarfélaga verðbréfasjóða að grípa til aðgerða sem leiða til þess að peningamarkaðssjóðum félaganna verði slitið. Fólk sem fjárfest hefur í slíkum sjóðum má því eiga von á að fá úr þeim greiðslu inn á bankareikninga sína.

Byrjað verður á því að endurgreiða fólki laust fé í sjóðunum í hlutfalli við eignarhlut hvers og eins í þeim. Hversu mikið endanlega skilar sér svo af fjárfestingum fólks á eftir að koma í ljós.

„Þeim tilmælum er beint til rekstrarfélaganna að ekki verði opnað fyrir innlausnir í sjóðunum, heldur að sjóðsfélagar fái greitt úr þeim. Í því felst að allt laust fé hvers peningamarkaðssjóðs verði greitt inn á innlánsreikninga sjóðsfélaga í hlutfalli við eign þeirra og jafnræði þeirra verði haft að leiðarljósi,“ segir í tilkynningu sem FME sendi frá sér síðdegis í gær.



**PENINGAR** Fólk ætti brátt að fá inn á bankareikninga hluta eignar sinnar í peningamarkaðssjóðum bankanna. Hversu mikið skilar sér af fjárfestingum fólks á eftir að koma í ljós. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í tilmælum eftirlitsins er einnig lagt til að greitt verði mánaðarlega inn á innlánsreikninga sjóðsfélaga í samræmi við hlutfallslega eign þeirra eftir því sem aðrar eignir sjóðsins fást greiddar, allt þar til engar eignir verði eftir í eignasafni sjóðanna.

Ekki liggur fyrir hversu langan tíma gæti tekið að gera upp sjóðina, en samkvæmt heimildum blaðsins er það verið mismunandi eftir sjóðum, sem séu mismunandi að gerð og samsetningu. **- óká**




# Bretar taki á mútum

Starfshópur Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) vegna baráttu gegn mútum gagnrýnir bresk stjórnvöld harðlega fyrir að hafa ekki uppfært og samræmt löggjöf gegn spillingu og mútugreiðslum.



GORDON BROWN FORSÆTISRÁÐHERRA BRETA

Bendir hópurinn á að bresk löggjöf sé bæði gloppótt og ómarkviss og geri að verkum að nærri ógerlegt sé að sækja fyrirtæki til saka fyrir mútur. Þótt Bretar hafi samþykkt ályktun OECD um baráttu gegn mútuþægni fyrir áratug, hafi enn engum mútumálum gegn spilltum fyrirtækjum lyktað með sakfellingu í Bretlandi.

Segist starfshópurinn hafa „orðið fyrir miklum vonbrigðum og hafa þungar áhyggjur“ af aðgerðaleysi Breta og varar við því að óvissa um lagaumhverfi í Bretlandi kunni að verða til þess að viðskiptamenn breskra fyrirtækja þurfi að hafa aukinn vara á sér og að alþjóðlegir fjárfestingabankar þurfi að auka eftirlit með starfsemi breskra fyrirtækja sem taka þátt í þróunarverkefnum.

Telur hópurinn að bresk stjórnvöld verði að gera það að forgangsmáli að uppfæra löggjöf sína í þessum málum. -msh

# Vogunarsjóðir hrynja

Margir stærstu vogunarsjóðir heims róa nú lífróður og selja eignir í stórum stíl til að bæta eiginfjárstöðu sína. Bandaríska viðskiptasjónvarpsstöðin CNBC hefur eftir heimildamönnum sínum að eignir Citadel, sem er einn af stærstu vogunarsjóðum heims, hafi rýrnað að verðgildi um fjórðung í ár. Til að mæta kröfum lánadrottna hafa sjóðirnir þurft að selja eignir.

Með stórfelldri eignasölu hafa vogunarsjóðirnir enn frekar þrýst niður hlutabréfaverði. - msh

# Vanskil á kortum aukast

Vanskil á kreditkortaskuldum bandarískra neytenda hafa aukist um 48 prósent miðað við sama tíma í fyrra. Þetta kemur fram í tölum frá Moody‘s Investor Service. Moodys áætlar að vanskil muni aukast mikið á næstu misserum og að reikna megi með því að afskriftir muni halda áfram að hækka út næsta ár og ná 8,5 prósentum.

Bankar hafa mætt þessum áföllum með frekari samdrætti í útlánum, meðal annars bílalánum og öðrum lánum til neytenda. Samkvæmt tölum frá Seðlabanka Bandaríkjanna hafa bankar lækkað úttektarheimildir korthafa og samþykkt færri kortaumsóknir.

Áætlað hefur verið að 950 milljarðar dollara séu nú útistandandi í kreditkortaskuldum í Bandaríkjunum. Þriðjungur þessara skulda hefur verið vafinn inn í ýmsa skuldavafninga og eru hluti hinna „eitruðu“ verðbréfa sem bandarískir bankar glíma við. - msh

# Lífeyrissjóðirnir koma síðar að Nýja-Kaupþingi

**Fjármálaeftirlitið skoðar enn aðkomu lífeyrissjóðanna að Kaupþingi. Málið verður skoðað eftir að nýtt félag verður stofnað um starfsemi bankans.**



KAUPÞING Erindi lífeyrissjóða um kaup á meirihluta í Kaupþingi verður væntanlega tekið fyrir eftir stofnun nýs félags um starfsemi hans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Fjármálaeftirlitið og skilanefnd Kaupþings vildu ekki taka ábyrgð á erindi lífeyrissjóðanna, töldu hugmyndina ekki nógu þroskaða. Kjósi lífeyrissjóðirnir að koma með fullmótaðri tillögu síðar gera þeir það þegar bankinn verður kominn í eigu ríkisins,“ segir Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra.



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

Áður en Kaupþing fór í þrot í síðustu viku sendu fimm lífeyrissjóðir Fjármálaeftirlitinu og skilanefnd bankans bréf þar sem óskað var eftir viðræðum um kaup á að minnsta kosti 51 prósents hlut í nýjum banka á móti öðrum aðilum.

Stórir hluthafar Kaupþings, svo sem Sigurður Einarsson, stjórnarformaður bankans, og Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Samskipa og Alfesca, eru orðaðir við afganginn á móti sjóðunum.

Ólafur var með stærstu hluthöfum Kaupþings en Sigurður var í hópi tuttugu stærstu hluthafa.

Engar upphæðir liggja á borðinu. Eftir því sem næst verður komist þótti ekki verjandi að Kaupþing yrði fært á milli eigenda með þeim hætti sem stóð til, að einkavæða bankann beint úr skilanefnd til fyrri eigenda. Þannig yrði ekki gætt eðlilegs jafnræðis auk þess sem aðferðin væri í eðli sínu ógagnsæ.

Björgvin segir það ekki á ábyrgð Fjármálaeftirlitsins að taka ábyrgð á einkavæðingu Kaupþings. Heppilegra væri ef slíkt lenti á herðum stjórnvalda eftir stofnun nýs félags um reksturinn. „Það má ekki skilja sem svo að tilboðinu hafi verið hafnað heldur sá Fjármálaeftirlitið ekki grundvöll fyrir því,“ bætir Björgvin við.

Nýtt félag verður stofnað um starfsemi Kaupþings á næstu dögum og verður erindið tekið til afgreiðslu að því loknu.

Víðar en á Íslandi velta stjórnvöld fyrir sér mögulegri aðkomu lífeyrissjóða að bönkum landsins. Í viðskiptahluta Sunday Tribune á Írlandi segir að ráðamenn þar í landi velti nú fyrir sér möguleika á ríkisvæðingu írskra banka að hluta með aðkomu Lífeyrissjóðs ríkisins. Vilji írskir ráðamenn eiga þessa leið til vara til þess að endurfjármagna írsku bankana. Áður þurfi að vera búið að reyna alla aðra kosti.

Hvorki náðist í Jón Sigurðsson, formann stjórnar Fjármálaeftirlitsins, né Þorgeir Eyjólfsson, forstjóra Lífeyrissjóðs verslunarmanna, vegna málsins í gær.

jonab@markadurinn.is / ingimar@markadurinn.is



10 ltr




3.790

**Innimálning**
Beinhvítt og hrímhvítt
7119963-7119967

## Geggjað tilboð um helgina

MUNDU AÐ BERA Á FYRIR VETURINN! JOTUN Treolje er hægt að bera á allt niður í -5°C




**Pallaolía**
3 ltr
7049123-33-37

1.299 ~~2.190~~



# Húsasmiðjan í heimabyggð



4 stk erika 999 kr

METROPOL flísar



2.990 ~~5.167~~

**Veggflís Lugano Blanco**
25x50, hvít mött
8610411



2.990 ~~4.279~~

4.690 ~~6.665~~

**Veggflís Negro Azabache**
23,5x33, svört glansandi
8613060

**Gólfflís Negro Azabache**
33,x33, svört glansandi
8613064



## Heitir pottar á gamla genginu!

Húsasmiðjan býður sem áður fullbúna rafkynta nuddpotta af ýmsum stærðum og gerðum.

- Hreinsikerfi Hydropool nuddpottanna er með því besta sem þekkist. Auðvelt er að skipta um vatn með dælingu.
- Sedrus viðarklæðning og hart lok fylgja öllum rafkyntum pottum.
- Fullkomið hreinlæti fæst með að allir pottar eru með innbyggðum klór/bróm skammtara og ozonator.
- Loklyfta og trappa fylgir.

Verð frá 699.000.-



HYDROPOOL
HOT TUBS · SWIM-IN-PLACE POOLS

**Kanadísk gæðavara**



verð frá 6.990

7 eininga ofn
**6.990**

9 eininga ofn
**9.490**

11 eininga ofn
**11.390**

**Olíufylltir rafmagnsofnar**
1840801/03/04

Myndin sýnir 9 eininga ofn.

Tilboðin gilda 18-19 okt. eða á meðan birgðir endast.

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana


ÍSLENSK KJÖTSÚPA MEÐ BRAUÐI
190 kr.
milli kl. 11:30-14:00
alla helgina
ÍS
10 kr.
í Blómavali Skútuvogi
Gott í gogginn í Skútuvogi
BETRA VERÐ UM LAND ALLT
Í HÚSASMIÐJUNNI
Græjurnar
á betra verði
1.399
2.949
Verkfærasett
Toolux, 43 stk.
Skiptilykill toppar og skrall
5052772
1.999
4.879
Lyklaasett
Cosmos, 12 stk.
8-19 mm
5099160
999
1.999
Tangarsett
Toolux, 4 stk.
5052765
1.499
2.949
Verkfærataska
19" Hammer
5024623
4.999
Borvél
DWT rafmagns höggborvél 500W,
borar fylgja
5245280
2.199
Juðari
DWT rafmagns juðari, 140W, 187x90mm
5245284
48.990
Amica kæliskápur
Hæð 85sm, kælirými 110 ltr,
frystirými 17 ltr, orkunýting A+
1808304
ný sending af úlpum og soft-shell
Úlpa
Aquatex öndun
5869719-28
Soft-shell
5860719-50
7.199
8.999
7.999
20%
AFSLÁTTUR
af öllum
flíspeysum
um helgina
499
2.999
Gúmmískór
5869719-28
HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Öryggisráðskosningin og framhaldið:

## Forgangsröðun þjóðarhagsmuna

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Mikið spennufall varð í stjórnarráði Íslands í gær, einkum og sér í lagi í utanríkisþjónustunni, eftir að ljóst varð strax í fyrstu umferð atkvæðagreiðslu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna að hún þyrfti ekki að axla ábyrgð á setu í öryggisráði samtakanna næstu tvö árin.

Hefði niðurstaðan orðið á hinn veginn hefði það orðið til þess að mikið hefði mætt á hinni fámennu stjórnsýslu Íslands á tímum þegar fyrirsjáanlegt er að hún þarf á öllu sínu að halda til að sinna öðrum og satt að segja brýnni verkefnum í þágu þjóðarinnar. Því eins rétt og það er að Ísland eigi almennt séð fullt erindi í að sitja í öryggisráðinu eins og langflestar aðrar aðildarþjóðir SÞ hafa þegar gert, er engum blöðum um það að fletta að það verkefni hefði vart getað lagzt á herðar íslenzka ríkisins á óheppilegri tíma.

Reyndar hefur legið fyrir allt frá því að Halldór Ásgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra, tók frumkvæði að því að stefnan var sett á þetta takmark að allmargir Íslendingar, þar með taldir ýmsir talsmenn íslenzkra stjórnvalda, voru ekki sannfærðir um að það þjónaði hagsmunum þjóðarinnar. Fyrir utan þá embættismenn sem störfuðu beint að framboðsundirbúningnum og höfðu þannig atvinnu af því að halda á lofti rökunum fyrir því að tími væri kominn fyrir Íslendinga að taka þetta verkefni að sér mátti heyra efasemdaraddir úr ýmsum áttum.

Það má því gera ráð fyrir að ýmsir fagni niðurstöðunni frekar en harmi hana. En auðvitað er það ekki fagnaðarefni að svona metnaðarfullt markmið sem sett hefur verið fyrir hönd þjóðarinnar náist ekki. Vert er líka að halda því til haga að með því að setja landinu þetta takmark hefur margt jákvætt áunnizt; framboðsundirbúningurinn hefur gert tengsl Íslands við umheiminn þroskaðri og fjölbreyttari, sem ekki veitti af.

En einmitt vegna smæðarinnar verður íslenzka stjórnsýslan að forgangsraða verkefnum og seta í öryggisráðinu hefði krafizt annarrar forgangsröðunar en brýnustu hagsmunir þjóðarinnar kölluðu á.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra hefur sjálf bent á, að næstu skref í viðbrögðum Íslendinga við þeirri djúpstæðu kreppu sem landið er lent í sé til skemmri tíma litið að fá Alþjóðagjaldeyrissjóðinn til liðs við endurreisnarstarfið. Meira að segja norrænir seðlabankastjórar segja að aðkoma sjóðsins sé forsenda fyrir því að þeir geti rétt Íslendingum hjálparhönd.

Til lengri tíma litið sé aftur á móti nauðsynlegt að útvega íslenzku hagkerfi trúverðugan gjaldmiðil með trúverðugan bakhjarl, og það verði ekki gert nema með aðild að evrópska myntbandalaginu. Og það verður ekki gert nema að undangenginni inngöngu í Evrópusambandið.

Taki stjórnvöld ákvörðun um að marka þessa stefnu veitir ekki af að stjórnsýslan hafi eins óbundnar hendur af öðrum verkefnum og mögulegt er til að geta einbeitt sér að því að ná sem hagstæðastri niðurstöðu úr aðildarsamningum við Evrópusambandið. Í þessu ljósi er það óneitanlega léttir að ekki skyldi verða af setu Íslands í öryggisráði SÞ að sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Jahá!

„Til að treysta yfirsýn og tryggja betur tengsl forsætisráðherra og ríkisstjórnarinnar og bæta samhæfingu þeirra mörgu sem að starfinu koma, hefur forsætisráðherra falið Ásmundi Stefánssyni ríkissáttasemjara að hafa yfirumsjón með þeim margvíslegu starfshópum sem nú starfa og vera tengiliður á milli þeirra innbyrðis og gagnvart forsætisráðherra og ríkisstjórn." Svohljóðandi frétt sendi forsætisráðuneytið frá sér í gær. Hana má auðveldlega skilja á þann veg að tengsl forsætisráðherra og annarra ráðherra hafi ekki verið næg. En sjálfsagt er ekki átt við það. Eða hvað?



### Sláturnámskeið fyrir alla

Sandgerðisbær og veitingastaðurinn Vitinn bjóða öllum íbúum Sandgerðis á ókeypis námskeið í sláturgerð. Hráefnið er frítt. Þetta mættu borgaryfirvöld í Reykjavík taka sér til fyrirmyndar. Og svo sem ráðamenn annarra sveitarfélaga líka. Sláturnámskeið fyrir alla, það er krafan.



### Svikin loforð

Ljóst er að fjölmargar þjóðir sem heitið höfðu Íslendingum atkvæði í öryggisráðskosningunni sviku loforð sín. Það er afleitt. Orð eiga að standa. Stjórnvöld hljóta að rannsaka hverjir gengu á bak orða sinna og í framhaldinu slíta stjórnmálasamstarfi til hægri og vinstri. Við sem stöndum við allt sem við segjum eigum ekki samleið með þjóðum sem segja eitt og gera annað.

bjorn@frettabladid.is

# Úr einu ruglinu í annað



ANDRI SNÆR MAGNASON

**Næstu skref** | Framtíð Íslands

Á þessum viðsjárverðu tímum anota hagsmunaaðilar tækifærið til að ota að okkur „lausnum" og bjargráðum. Núna felst hún í því að „aflétta öllum hömlum" og skuldsetja opinber orkufyrirtæki sem nemur 300 til 400 milljörðum fyrir tvö til þrjú ný álver. Þetta vilja menn gera þegar heildarskuldir OR og LV eru þegar orðnar 550 milljarðar – að mestu leyti vegna Alcoa og Norðuráls. Þetta er ástæðan fyrir því að bankarnir boðuðu alltaf stóriðjustefnu – meiri skuldir – meira stuð. Það stendur upp á álverð að endurgreiða þessi lán en álverð hríðfellur og stigi offramleiðslu er þegar náð.

Orkuverð til almennings hefur verið hækkað. Þjóðin trúir því að töfraorðið ÚTFLUTNINGSTEKJUR séu gjaldeyrir sem endar í vasa þjóðarinnar. Fréttir um útflutningstekjur og gjaldeyristekjur hafa ítrekað verið beinlínis rangar og skaðlegar. Á súluriti í Morgunblaðinu 11. okt. virðist áliðnaður mikilvægari en fiskiðnaður og mun stærri en ferðamennska. En framsetningin er nákvæmlega eins og hagsmunaaðilar vilja koma þeim í fjölmiðla. Þegar Alcoa Fjarðarál segist flytja út fyrir 70 milljarða á ári þá halda flestir Íslendingar að þetta sé peningur sem kemur til Íslands. Blöðin birta tölurnar gagnrýnislaust en hvar eru peningarnir?

### Rangfærslur um útflutningstekjur

Tekjur sem verða eftir í landinu eru laun starfsmanna, skattar og greiðsla fyrir orku. Fyrirtækið er erlent og flytur allan hagnað úr landi. Ef meðallaun eru 5 milljónir er launakostnaður Alcoa um 2 milljarðar á ári. Innlend aðföng eru um milljarður til viðbótar. Alcoa greiðir c.a 6-8 milljarða fyrir orku en öll sú upphæð fer beint úr landi til að greiða skuldir Landsvirkjunar næstu 40 árin. Hún kemur því ekki inn í hagkerfið til að greiða fyrir námslánum, neyslu, lyfjum eða olíu. Álfyrirtækin greiddu aðeins 1.5 milljarða í skatt á Íslandi árið 2007 en Alcoa greiðir aðeins 5% skatt af arði. Því má við bæta að Alcoa fékk 2.6 milljarða króna eða 3% af stofnkostnaði í styrk frá íslenska ríkinu vegna byggingar verksmiðjunnar á Reyðarfirði - rúmlega árslaun allra starfsmanna. Raunveruleg áhrif Alcoa eru því á bilinu 4 til 5 milljarðar en ekki 70 milljarðar eins og fyrirtækið heldur fram þegar það státar sig af útflutningstekjum. Mismunurinn - 65 milljarðar fara ALLIR framhjá landinu. Þeir koma okkur ekki við frekar en flugvélar sem fljúga gegnum flugstjórnarsvæðið. Það er ósiðlegt að reyna að telja þjóð trú um að hún lifi eða geti lifað á fyrirtæki sem skilar jafn litlu í þjóðarbúið. Heil þjóð mun aldrei lifa á launum 400 verkamanna. Þegar þingmenn segja að þetta sé framtíðin þá hafa þeir verið blekktir með framsetningu á gríðarlegum útflutningstekjum. Venjulegt fólk tekur síðan áhættu byggða á röngum upplýsingum, skuldsetur sig í bjartsýniskasti og fórnar meiru en það hefði fórnað vegna ávinnings sem er ekki fyrir hendi. Hagfræðingar staðfesta þessar tölur og Hagstofan getur það sömuleiðis en það þarf ekki hagfræðing til að reikna þetta út. Allir sem kunna venjulegt heimilisbókhald geta gert þessa útreikninga sjálfir. Mismunurinn er tvítug- til þrítugfaldur en álfyrirtækin og orkufyrirtækin kjósa að breiða út hærri töluna en fela skuldirnar.

### Alvarlegar blekkingar

Því miður er munurinn svo mikill að um þessa tölfræði er ekki hægt að nota annað orð en að hér séu á ferðinni alvarlegar blekkingar. 70 milljarða útflutningstekjur Alcoa er ósönn tala og ekki tæk í opinbera umræðu vegna þess að hún hefur ekkert með okkur að gera. Hver sá blaðamaður sem notar hráar tölur um útflutningstekjur hefur orðið auðveld bráð almannatengla. Hver sá sem heldur að þessi iðnaður sé undirstaða lífs hans ásamt fiski hefur verið plataður.

Alcoa sparar árlega um 200 milljón dollara í orkuverði miðað við verð til stóriðju í Evrópu og USA. Sá sparnaður jafngildir 4.000 árslaunum og því er til mikils að vinna fyrir þetta fyrirtæki – að nýta sér neyðina og gera 40 ára samninga við veika þjóð og spara sér samtals 8.000 árslaun með álveri á Bakka, skuldsetja þjóðina og kallast bjargvættur hennar samtímis. Hið sama gildir um Helguvík og Straumsvík. Við fall krónu hefur launakostnaður í áliðnaði fallið um 50%. Launakostnaður Alcoa fer úr 30 milljónum dala í 20 milljónir. Alcoa sparar því núna árlega heilan milljarð á falli krónunnar og því minnka gjaldeyristekjur sem því nemur – um 10 milljón dollara á ári. Vilji álfyrirtækin hjálpa þjóðinni væri nær að greiða jafn marga dollara í laun og í fyrra frekar en að egna okkur til frekari skuldasöfnunar og áhættu.

### Gagnsæi og lýðræði

Til samanburðar eru raunverulegar tekjur af sjávarútvegi á annað hundrað milljarðar króna og að frádreginni olíu verður nánast allt eftir innanlands. Af heildarneyslu ferðamanna innanlands árið 2006 námu kaup á flugþjónustu um 50 milljörðum króna segir Hagstofan. Kaup ferðamanna á gisti- og veitingaþjónustu voru um 26 milljarðar króna og skiptist hún nánast til helminga milli þessara tveggja atvinnugreina. Nánast öll sú upphæð verður eftir í landinu. Áliðnaðurinn greiddi 5,6 milljarða í laun sama ár. Það þýðir að kaffi og veitingahús um allt land skiluðu 4 sinnum meiri tekjum heldur en álver Alcoa – talandi um kaffihúsalýð – þá eru kaffi- og veitingahúsin ein helsta gjaldeyrislind þjóðarinnar á eftir fiskinum. Kárahnjúkavirkjun og Hellisheiðarvirkjun skila litlum sem ENGUM gjaldeyristekjum vegna þess að tekjurnar fara allar beint úr landi til lánardrottna.

Fjölmiðlar þurfa að standa vaktina þegar menn vilja nýta óttann og óreiðuna til að efna til umsvifa sem geta komið okkur í enn meiri vanda. Allt tal um afnám á lögum og reglugerðum er ekkert annað en spilling og viðtökur byggjast á því að fólk hefur verið matað á röngum upplýsingum. Ástandið er alvarlegt, því verður ekki neitað en hundruð milljarða skuldsetning opinberra orkufyrirtækja getur ekki verið svarið og verksmiðjur sem eiga að komast í gagnið 2012 - 2015 eiga ekki erindi í umræðuna núna.

Eina raunverulega von okkar er að hér verði jarðvegur fyrir stór og smá fyrirtæki, helst einhver sem geta orðið sambærileg við Össur, Marel, CCP eða Actavis á næstu árum. Bankar verða áfram til og fólk mun reka þá af meiri skynsemi, orkan verður mikilvæg ef hún klúðrast ekki í meðförum smákónga í sveitarstjórnum. Þjóðin þarf hærra orkuverð úr núverandi virkjunum, nýta fiskinn betur og laða gesti til landsins en fyrst og fremst þarf gagnsæi og lýðræði til að fólk nenni að búa í þessu landi.

### Sættum okkur við sjálfstæðið

Tilboð stóriðjunnar um frekari skuldsetningu til að að gera Ísland að einni stærstu álbræðslu í heimi eru af sama meiði og þegar bankarnir urðu 10 sinnum stærri en Ísland. Hún er þrá manna eftir sterkum leiðtoga, skjóli stórveldis, göfugum auðmanni eða risa fyrirtæki sem menn geta bent á vegna þess að þeir trúi ekki að þeir standi raunverulega á eigin fótum.

Við eigum að redda okkur úr þessu rugli, sætta okkur við sjálfstæðið og hafna öllum sem vilja binda okkur á frekari skuldaklafa. Bjargráðin eru til þess eins fallin að kljúfa þjóðina endanlega í herðar niður. Orðspor okkar er skaðað en ef við gerumst slíkir ribbaldar að afnema lög og ráðast hömlulaust inn á ósnortin svæði verður mannorðið endanlega glatað.

*Höfundur er rithöfundur.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



Kjalarness prófastsdæmi
www.kjalarpr.is

# OPIN KIRKJA

## *Menningardagur í kirkjum í Kjalarnessprófastsdæmi*

## *Sunnudaginn 19. október 2008*

*Mosfellsbær, Kjalarnes og Kjós*



**LÁGAFELLSKIRKJA** KL. 11.00
*Vígð 1889*
Kirkja og kórmenning „Litið til baka og fram á veginn".Guðmundur Jónsson á Reykjum, heldur erindi. Kynslóðirnar mætast og syngja saman: Kór eldriborgara, Vorboðarnir, syngja undir stjórn Páls Helgasonar.
Barnakór Varmárskóla syngur undir stjórn Guðmundar Ómars Óskarssonar. Kirkjukór Lágafellskirkju syngur undir stjórn Jónasar Þóris.



**BRAUTARHOLTSKIRKJA** KL. 13.00
*Vígð 1857*
Kynning á séra Helga Hálfdánarsyni í höndum sóknarprestsins dr. Gunnars Kristjánssonar og félaga úr Karlakór Kjalnesinga undir stjórn Páls Helgasonar.
Séra Helgi Hálfdánarson var prestur kirkjunnar þegar hún var reist.



**SAURBÆJARKIRKJA** KL. 14.15
*Vígð 1904*
Kynning á séra Helga Hálfdánarsyni í höndum sóknarprestsins dr. Gunnars Kristjánssonar og félaga úr Karlakór Kjalnesinga undir stjórn Páls Helgasonar.
Séra Helgi Hálfdánarson var prestur í Saurbæjarkirkju.



**REYNIVALLAKIRKJA** KL. 15.30
*Vígð 1859*
Dr. Gunnar Kristjánsson: Hugleiðing um kirkjustaði í sögu og samtíð.
Félagar úr Karlakór Kjalarness syngja undir stjórn Páls Helgasonar.



**MOSFELLSKIRKJA**
*Vígð 1965*
Viðgerð stendur yfir á kirkjunni og verður því engin dagskrá þar að þessu sinni.

*Hafnarfjörður, Garðabær og Álftanes*



**ÁSTJARNAR IR JA** KL. 11.00
IR JUVÖLLUM 1
Sýning á teikningum eftir börn í hverfinu af óskakirkjunni þeirra og merki fyrir Ástjarnarkirkju. Sigurþór Aðalsteinsson, arkitekt og Guðrún Indriðadóttir myndlistamaður segja frá kirkjumunum sínum sem prýða kirkjuna.
Barnastarf á sama tíma.



**VÍDALÍNSKIRKJA** KL. 11.00 OG 12.00
*Vígð 1995*
Kl. 11.00: Nemendur í tónlistarnámi taka þátt í messu.
Kl. 12.00: Glærusýning á munum Garða- og Vídalínskirkju í messukaffinu.



**HAFNARFJARÐARKIRKJA** KL. 13.00
*Vígð 1914*
Kl 10.15 Helgistund við kirkjuminnismerkið við Háagranda.
Kl 11.00 Íslensk-þýsk messa. Bókakynning og sýning á kirkjugripum í Strandbergi.
Kl 13.00 Söngdagskrá. Eyjólfur Eyjólfsson tenór syngur íslensk og þýsk sönglög við undirleik Gerrit Schuil. Kynning á nýútkominni bók *Kirkjur í Kjalarnessprófastsdæmi.*



**VÍÐISTAÐAKIRKJA** KL. 15.00
*Vígð 1988*
Hjónin Hlöðver Sigurðsson tenór og Þórunn Marinósdóttir sópran syngja íslensk lög, sálma og fleira.



**GARÐAKIRKJA** KL. 17.00
*Vígð 1880*
Jóhann Sigurðsson bæjarlistamaður Garðabæjar flytur ræðu um reiðina eftir Jón Vídalín biskup.
Kvennakór Garðabæjar flytur trúarlega tónlist undir stjórn Ingibjargar Guðjónsdóttur.



**BESSASTAÐAKIRKJA** KL. 20.00
*Vígð 1795*
Menningarkvöldvaka.
Halldóra Pálsdóttir kirkjuvörður segir frá gripum kirkjunnar og settar verða upp kynningar á hinum fögru gluggum kirkjunnar.
Sr. Friðrik J. Hjartar og sr. Hans Guðberg Alfreðsson leiða stundina.

*Suðurnes*



**KIRKJUVOGSKIRKJA** KL. 10.00
*Vígð 1861*
Lilja Dögg Bjarnadóttir flytur erindi um Kirkjuvogskirkju og muni kirkjunnar.
Tónlistarflutningur.



**YTRI-NJARÐVÍKURKIRKJA** KL. 11.00
*Vígð 1979*
Sýning á skrúða kirkjunnar í safnaðarheimili. Erindi um Ytri-Njarðvíkurkirkju og muni í eigu hennar verður í höndum sóknarnefndarfólks og sr. Baldurs Rafns Sigurðssonar.
Kirkjukór Ytri-Njarðvíkurkirkju syngur undir stjórn Gunnhildar Höllu Baldursdóttur. Kaffiveitingar í safnaðarheimili.
Barnastarf á sama tíma.



**KÁLFATJARNARKIRKJA** KL. 13.00
*Vígð 1893*
Kór Kálfatjarnarkirkju syngur undir stjórn Franks Herlufsen. Sagt verður ágrip af sögu kirkjunnar og útskýring á hlutverki messuskrúðans.
Magnús Þór Sigmundsson syngur og leikur á gítar.



**NJARÐVÍKURKIRKJA** KL. 14.00
*Vígð 1886*
Sýning á skrúða kirkjunnar í safnaðarheimili. Erindi um Njarðvíkurkirkju og muni í eigu hennar verður í höndum sóknarnefndarfólks og sr. Baldurs Rafns Sigurðssonar.
Kirkjukór Njarðvíkurkirkju syngur undir stjórn Dagmar Kunakova.
Kaffiveitingar í safnaðarheimili.
Barnastarf kl.11:00.



**KEFLAVÍKURKIRKJA** KL. 15.15
*Vígð 1915*
Kristján Jónsson flytur erindi um kirkjumuni í Keflavíkurkirkju.
Kór Keflavíkurkirkju verður á léttum nótum og flytur þrjá messukafla úr smiðju Jerry Estees.
Arnór B. Vilbergsson organisti sér um tónlistarflutning. Kaffi að stund lokinni.



**ÚTSKÁLAKIRKJA** KL. 16.30
*Vígð 1861*
Ávörp: Jón Hjálmarsson sóknarnefndarformaður og sr. Björn Sveinn Björnsson sóknarprestur.
Eivör Pálsdóttir flytur lög og sálma.
Kór Útskálakirkju syngur.



**HVALSNESKIRKJA** KL. 18.00
*Vígð 1887*
Ávörp: Reynir Sveinsson sóknarnefndarformaður og sr. Björn Sveinn Björnsson sóknarprestur.
Egill Ólafsson og Jónas Þórir flytja þjóðþekkta sálma. Kór Hvalsneskirkju syngur.



**GRINDAVÍKURKIRKJA** KL. 20.00
*Vígð 1982*
Safnaðarfólk flytur erindi um kirkjumuni kirkjunnar.
Kór kirkjunnar syngur. Tómas Guðni Eggertsson organisti leikur á nýtt orgel kirkjunnar.
Kaffi að stund lokinni.

*Vestmannaeyjar*



**LANDAKIRKJA** KL. 14.00
*Vígð 1780*
Sýning í Safnaðarheimilinu á skrúða kirkjunnar og nýr hökull afhentur til minningar um sr. Jóhann Hlíðar. Listmunir úr Stafkirkjunni verða til sýnis. Kór kirkjunnar syngur undir stjórn Guðmundar H. Guðjónssonar, m.a. sálma sr. Jóns Þorsteinssonar frá Kirkjubæ.



## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

# Í tunnu niður Gullfoss

Í dagbók **Þráins Bertelssonar** er birt einkabréf til vinar um ástandið á Íslandi, talað um eldsvoða, brimskafla, útfrymi, svikamiðla, forsætisráðherra, seðlabankastjóra, forseta, Alþingi, rassasleikingar, plebbahátt, lygar og spillingu, náttúru og ónáttúru.

**LAUGARDAGUR, 11. OKTÓBER.**

## Einkabréf um kreppuna

Við frú Sólveig fórum í helgarleyfi frá kreppunni austur í Bolholt og ég notaði tækifærið til að skrifa bréf til vinar míns sem flutti burt af Íslandi fyrir nokkrum áratugum en hefur samt enn þá taugar til lands og þjóðar og langar til að fylgjast með þeim atburðum sem hér verða.

Bréfið er svona:

***

„Kæri vinur.

Ég er kominn með hlustarverk af því ámátlega líkingamáli sem vellur út úr íslenskum stjórnmálamönnum eins og froða eða útfrymi úr svikamiðli:

„Slökkviliðið slekkur eldinn áður en það rannsakar hvernig kviknaði í húsinu.“ Hér er ekkert að brenna. Engir slökkviliðsmenn mér vitanlega að slökkva elda. Engir dularfullir eldsvoðar.

„Við erum í brimskaflinum en við munum ná landi.“ Sem betur eru engin skip að í hafróti að berjast við að ná til hafnar. Hvaða rugl er þetta?

Af hverju láta stjórnmálamenn ekki skáldin um líkingamálið og huga sjálfir að því að tjá sig svo að allir skilji hvað þeir eiga við.

Það sem þeir kalla húsbruna og brimskafl lítur í mínum augum út fyrir að vera efnahagslegt og siðferðislegt hrun þjóðarbúsins sem lengi hefur verið kvíðaefni öllum þeim sem ekki hafa kokgleypt gagnrýnislausa, talíbanska ofsatrú á frjálshyggju, óskeikulleika markaðarins og Flokksins, Hannesar hirðfífls og Davíðs Oddssonar.

Það sem þeir líkja í senn við „eldsvoða og hættulega sjóferð“ er að örfáir aðilar hafa brugðist og þar með hefur íslenska þjóðin glatað efnahagslegu sjálfstæði sínu og orðstír sem ábyggilegt skynsemdarfólk í fjölskyldu þjóðanna.

***

Forsætisráðherra sá sem nú telur sig vera að reyna að bjarga því sem bjargað verður var fjármálaráðherra þegar sá spírall einkavinavæðingar og fjárhagslegs frelsis án reglna eða fjárhagslegrar ábyrgðar sem gjaldþrotinu olli var settur af stað.

Höfundur þess frjálshyggjuþjóðfélags sem nú er komið á hausinn kom fram með hugmyndina þegar hann var forsætisráðherra og bar ábyrgð á fjárhagslegri framkvæmd hennar sem Seðlabankastjóri.

Þessir menn eiga að viðurkenna mistök sín og biðjast lausnar áður en þeir verða reknir með skömm.

Forseti lýðveldisins góndi upp á fjárglæframenn og bauð þeim þjónustu sína eins og grúpía á gelgjunni og ferðaðist land úr land í kampavínsknúnum einkaþotum að bera lof á þá sem voru að veðsetja hornsteina þjóðfélagsins.

Þessi embættismaður mætir nú óumbeðinn á vinnustaðafundi til að útskýra að hann hafi bara fjórum sinnum flogið í einkaþotu, í stað þess að stunda innhverfa íhugun á Bessastöðum og velta því fyrir sér hvort sé fremur í þágu þjóðarinnar afsökunarbeiðni hans eða tafarlaus afsögn.

***

Sextíu og þrír þingmenn ásamt hjörð varaþingmanna troðast nú um í ræðupúlti Alþingis og hvetja þjóðina til samstöðu í stað þess að segja upp í sparnaðarskyni þeim þrjátíu og fjórum pólitísku aðstoðarmönnum sem þeir notuðu tækifærið til að ráða sér meðan gróðavíman var áfengust, að ég



tali nú ekki um jafnsjálfsagðan hlut og að afnema á næsta þingfundi hið gjörspillta og gráðuga eftirlaunafrumvarp sem skammtar þeim og tryggir kjör þeirra og fáeinna útvalinna langt umfram kjör þjóðarinnar sem þeir eiga að þjóna.

Löggjafarsamkundan hefur framselt hlutverk sitt í hendur framkvæmdavaldinu og rækir ekki einu sinni lágmarkseftirlitsskyldur sínar. Ef þingið sér ekki snarlega að sér mun skömm þess verða lengi uppi.

***

Ótti og reiði eru ekki góðir lífsförunautar, en þessar tilfinningar gera víða vart við sig um þessar mundir. Ótti um atvinnu, afkomu, framtíðaráætlanir, orðstír lands og þjóðar.

Bara með því að fara í sund eða gefa sér tíma til að spjalla við fólk á förnum vegi verður maður alstaðar var við undrun, hneykslan, sorg og reiði venjulegs fólks.

Reiði, máttvana reiði venjulegs vinnandi fólks í garð þeirra sem spiluðu sig svo stóra á alþjóðasviðinu að þeir settu þjóðina á hausinn, létu sig hverfa og skildu okkur hin eftir með skuldahalann.

Reiði í garð þeirra sem eru kjörnir til að hafa eftirlit með því að svonalagað geti ekki gerst.

Reiðin yfir þeim lygum sem yfir okkur hefur verið dælt í stríðum straumum.

Reiðin yfir sýndarmennskunni, bruðlinu, plebbahættinum – 50 cents og Elton John og Tom Jones. Hvers konar skríll er þetta sem hefur kippt fótunum undan tilveru okkar?

Hvar voru stjórnvöld?

Það er enginn að tala um að hefna sín á neinum, heldur er bara verið að fara fram á lágmarksréttlæti og sömuleiðis að einhver axli eitthvað af hinni gífurlegu ábyrgð sem menn fá há laun og þóknanir fyrir að bera.

***

Allt væri þetta þó þess eðlis að maður gæti fagnað því að sjá gamla spillta kerfið hrynja til grunna ef maður tryði því að úr rústunum risi nýtt Ísland, óspillt, réttsýnt, ráðsett, ráðvant - án stjórnmálagoða, hálaunaðra hirðfífla og rassasleikja, án bruðls og sýndarmennsku, iðandi af framkvæmdagleði, ungt lýðveldi á blómaskeiði.

En að sömu stjórnmálamenn og báru ábyrgð á eftirlitslausum fjárglæframönnum séu þeir aðilar sem þjóðin treystir til að hafa lært af reynslunni og til að byggja upp nýtt og betra þjóðfélag, það er af og frá.

Ég veit um einn stjórnmálamann núna sem nýtur nokkuð víðtæks trausts fyrir að að láta orð og athafnir fylgjast að - og það er Jóhanna Sigurðardóttir sem stundum er kölluð heilög Jóhanna.

***

Mér sjálfum líður eins og manni sem hefur verið dreginn saklaus fram úr rúminu sínu og stungið í tunnu og látinn gossa niður Gullfoss.

Þegar ég skríð svo lerkaður út úr tunnunni sé ég að svipað er ástatt um allan almenning sem er líka að brölta út úr tunnum bæði hér og þar með eymsli og sárindi í öllum skrokkum og svo í voðalegu sjokki yfir því hvernig þetta gat gerst?

Fólk talar sín á milli að þetta hafi verið gert vegna veðmáls, fjárhættuspils, ríkustu menn landsins hafi veðjað við auðuga útlendinga um hvort þeir gætu sett heila þjóð í tunnu og látið hana vaða niður fossinn. Það tókst.

***

Þetta er ekki venjuleg kreppa. Hún stafar ekki af óáran, eldgosum, flóðum, fiskleysi eða náttúruhamförum. Hún stafar af ómannúðlegri græðgi, hroka, ábyrgðarleysi og yfirlæti. Náttúran er gjafmild og góður aflafengur til sjávar og sveita. Ónáttúran hefur hins vegar leikið lausum hala og því fór sem fór.

Það jákvæðasta sem ég sé í stöðunni er að nú hefur þjóðin fengið upp í hendurnar aftur með bönkunum kvótann sem allir áttu en fáir gáfu útvöldum og gæti lagt hann í sjóð með öðrum auðlindum sínum, ef raunverulegur áhugi er á því að ein þjóð búi í sátt og samlyndi á Íslandi í framtíðinni.

Kæri vinur, ég hef þetta ekki lengra núna. Vona að þetta slái á heimþrána hjá þér að sinni.“

Þinn Þráinn

**SUNNUDAGUR 12. - FIMMTUDAGS, 16. OKTÓBER.**

## Að huga að sínu

Það var mér nokkur hugsvölun að skrifa þetta bréf til vinar míns í útlöndum. Að öðru leyti hefur þetta verið stíf vinnuvika. Bókin mín er komin í prentsmiðju og á laugardaginn kl. þrjú er búið að biðja mig að mæta niður á Austurvöll á samstöðufund gegn spillingunni til að segja nokkur velvalin orð, hehehe! Þetta verður góð helgi!




# Ódýrt í Hagkaup

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

OPIÐ til 20 alla daga





## Melissa multimixer 646045

- Undratæki sem gerir nánast allt! Hakkar, blandar, hrærir, sker, mylur og svo margt fleira
- Kemur í staðinn fyrir matvinnsluvélina, blandarann, safapressuna og kaffikvörnina
- Með í pakkanum fylgja 4 glös, 2 skálar sem mega fara í örbylgjuofn, 4 lok og uppskriftabæklingur

5.990kr

## Melissa töfrasproti 646036

- 180w töfrasproti
- 600ml og 400ml skálar
- Ryðfríir hnífar
- Auðvelt að taka í sundur og hreinsa
- 2 hraðastilling

3.990kr



**United örbylgjuofn** MWO7103
- 700w örbylgjuofn
- 20 lítrar
- Snúningsdiskur
- Afþýðingarmöguleiki
- Litur: Hvítur

8.990kr



**Ideline heilsugrill** 743179
- 800w
- 6 hitastillingar
- Safnar fitu og safa í bakka
- Litur: Silfur

4.990kr
Verð áður 5.990.-







**Exido safapressa** 244002
- Öflug safapressa
- Tekur hart grænmeti og heila ávexti
- Engin þörf á að taka fræin úr eða börkin af
- Tvær hraðastillingar
- 1,8 lítra matari
- Auðvelt að taka í sundur og hreinsa

9.990kr

**Exido handryksuga** 240111
- Flott handryksuga
- 4,8v rafhlaða
- Hleðsla dugar í allt að 14 mínútur
- Hægt að festa hleðslutæki á vegg

5.990kr

**Panasonic ryksuga** MCE7113
- 1600W ryksuga
- 320W sogkraftur
- 4 filtera kerfi
- 5 metra snúra
- Þyngd 4.1 kg

8.990kr

Gildir til 23. október eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

1679

# HOLTA KJÚKLINGABRINGUR

AÐEINS **1679 kr/kg.** MERKT VERÐ 2799

798
FERSKT NAUTAHAKK
**798 kr./kg.**

40% AFSLÁTTUR
ALI GRÍSA-GÚLLAS
**1127 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1878 KR./KG.

40% AFSLÁTTUR
ALI GRÍSA-SNITSEL
**1127 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1878 KR./KG.

40% AFSLÁTTUR
ALI GRÍSA-KÓTILETTUR
**1070 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1783 KR./KG.

40% AFSLÁTTUR
ALI GRÍSA-HAKK
**530 kr./kg.** MERKT VERÐ 884 KR./KG.

NÝSLÁTRAÐ
499
ALI FERSKUR SVÍNABÓGUR **499 kr./kg.**

1998
BÓNUS HANGIÁLEGG Í SNEIÐUM
**1998 kr./kg.**

159
FITTY SAMLOKUBRAUÐ **500g 159 kr.**

298
GRILLBORGARAR
4 STK. M/BRAUÐI **298 kr.**

259
BÓNUS FERSK STÓR PÍTUBRAUÐ
4 STK. **259 kr.**

198
BÓNUS ÍS VANILLA/SÚKKULAÐI
2 LTR. **198 kr.**

98
BÓNUS SMYRILL **300g 98 kr.**

298
OMEGA-EGG 12 STK **298 kr.**

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARD: 10.00-18.00 SUNNUD. 12.00-18.30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
40% AFSLÁTTUR
FROSIÐ ÓSOÐIÐ SLÁTUR
LIFRARPYLSA 398 kr./kg. MERKT VERÐ 665 KR./KG.
BLÓÐMÖR 359 kr./kg. MERKT VERÐ 598 KR./KG.
598
ÍSLENSK AFSKORIN BLÓM Í BÚNTI 598 kr.
ENGINN BITI TEKINN ÚR
479
K.S FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT 1.FLOKKUR
479 kr./kg. MERKT VERÐ 598 KR./KG.
50% AFSLÁTTUR
KS LAMBASVIÐ 50% AFSLÁTTUR
Aðeins 198 kr./kg. MERKT VERÐ 399 KR./KG.
FLATKÖKUR
5 stk.
79
BÓNUS FLATKÖKUR 5 STK 79 kr.
40% AFSLÁTTUR
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR KRYDDAÐUR
642 kr./kg. MERKT VERÐ 1079 KR./KG.
COKE ZERO
2 ltr
98 kr.
98
Coca-Cola zero
KOFAREYKT
299
KF SVEITABJÚGUN KOFAREYKTU
299 kr./kg.
MERKT VERÐ 398 KR./KG.
Ýsubitar
798
ÝSUBITAR ROÐ OG BEINLAUSIR
798 kr./kg.
Svali
89
SVALI 3 PK. APPELSÍNU & EPLA
MEÐ OG ÁN SYKURS. 89 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARD: 10.00-18.00 SUNNUD. 12.00-18.30

# Endurheimti leikgleðina

**Sara Marti Guðmundsdóttir** leikkona var orðin hundleið á að leika undir lok náms í Leiklistarskólanum. En hún fann gleðina í leiknum þegar hún steig á fjalirnar sem fullgild leikkona. Hún fer með eitt aðalhlutverkanna í Fólkinu í blokkinni sem sýnt er við miklar vinsældir í Borgarleikhúsinu. *Sigríður Björg Tómasdóttir* hitti hana yfir tebolla.



**BYRJAÐI Í BUGSY MALONE** Sara Martin hóf ferilinn í heimabænum Hafnarfirði en leikur nú hina sextán ára Söru í Fólkinu í blokkinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

Laugavegurinn er grámóskulegur daginn sem ég geng hann á leið minni til fundar við Söru Marti Guðmundsdóttur. Þar býr hún í fallegri íbúð sem er hæfilega kæruleysilega skreytt dóti og munum. Kærastinn hennar Tobias Munthe er á hlaupum út um dyrnar þegar mig ber að garði, þau kveðjast á spænsku sem undirstrikar alþjóðlegan andblæ heimilisins. Í notalegri stofunni er boðið upp á kaffi eða te og meðan vatnið sýður sýnir Sara mér íbúðina en hún hefur búið í miðbænum síðan hún hóf nám í Leiklistarskólanum, fyrir fimm árum.

Þangað flutti hún úr Hafnarfirði og hún lítur eiginlega enn á sig sem Hafnfirðing enda bjó hún þar frá tíu ára aldri. „Hafnarfjörður var svo lítill þegar ég var að alast upp," segir Sara sem er nýorðin þrítug. Þar steig hún sín fyrstu skref í leikhúsinu, sem kærasta Bugsy Malone í samnefndu leikriti. „Við vorum fimmtíu krakkakvikindi sem tókum þátt í sýningunni og hún gekk svo vel að hún var sett upp í Reykjavík nokkrum árum síðar." Bugsy Malone er söngleikur og hin sísönglandi Sara Marti söng fyrir fullu húsi í fyrsta skipti en ekki það síðasta.

Á unglingsárum gerðist það nefnilega að hún varð viðriðin tónlistarbransann hér. „Þegar ég var fimmtán ára fór ég að syngja bakraddir hjá Svölu Björgvins í hljómsveit sem hét Bubbleflies, við spiluðum út um allt á börum og ég bara fimmtán ára," segir Sara og hlær. Það var svo á útihátíðinni Uxa árið 1995 sem Sara kynntist þeim Pétri Hallgrímssyni og Jóhanni Jóhannssyni sem höfðu stofnað hljómsveitina Lhooq og þeir buðu henni að syngja með hljómsveitinni.

„Þetta var á þeim tíma sem Ísland var að verða rosa heitt og við fengum svakalegan meðbyr, áttum einhver fjögur lög og allt í einu vorum við komin með plötusamning í hendurnar, gátum meira að segja valið úr tilboðum." David Bowie hreifst af sveitinni á sínum tíma og það vakti talsverða athygli hér á landi þegar hann valdi hana til þess að hita upp fyrir tónleikana sem hann hélt hér á landi 1996.

Hljómsveitin lagði upp laupana nokkrum árum og einni plötu síðar og Sara sem þrátt fyrir ýmis gigg í tónlistarbransanum fann sig ekki þar. „Ég vissi ekkert hvað ég vildi gera af mér, ég vann á ýmsum stöðum, fór aðeins í Iðnskólann og svo endaði ég á því að sækja um í kvikmyndagerð í Ástralíu, og komst inn í skólann." Fyrir henni átti þó ekki að liggja að fara yfir hálfan hnöttinn í nám, á sama tíma sótti hún um í Leiklistarskólanum og komst inn. Inntökuprófin eru strembin en Sara naut góðs af leikreynslu úr Firðinum, hafði tekið þátt í nokkrum áhugaleikritum árin á undan og hafði reyndar verið starfsmaður Hafnarfjarðarleikhússins um árabil.

Spurð hvort hún komi frá listrænu heimili segir hún svo ekki vera: „Hm, nei, ég lýg því, " bætir hún við og skellir upp úr. „Mamma er myndlistarmenntuð en hún bætti reyndar við sig háskólagráðu hér á landi og vinnur sem þroskaþjálfi."

### Bíómyndafjölskylda á Spáni

Móðir Söru er frá Spáni og þar á hún stóra fjölskyldu sem hún heimsækir á hverju ári. „Ég kalla þau bíómyndafjölskylduna mína, þau eru stundum eins og sprottin út úr Woody Allenmynd, þú veist risastór fjölskylda og hávær, það er svo mikil ást og gleði hjá þeim." Sara er tvítyngd og þykir ekki leiðinlegt að unnustinn talar spænsku reiprennandi. „Það er svo gaman að heimsækja þau með honum af því að hann talar líka spænsku." Spænska er þó ekki það tungumál sem þau nota mest í samskiptum heldur enska en Tobias er hálfur Frakki og hálfur Breti. „Frá byrjun höfðum við bakgrunn sem aðrir hafa ekki og það tengdi okkur saman. Það er kannski ekki svo mikið öðruvísi að vera frá tveimur löndum og þó. Í manni mætast tveir menningarheimar og þeir stangast stundum á."

> Tveimur árum síðar þá hringir hann í mig og spyr hvort ég muni eftir sér. Þá var hann staddur á Íslandi ... hann bauð mér í kaffi. Við höfum eiginlega verið í því kaffi síðan.

Það fer vel á því að Sara og Tobias kynntust í heimsborginni New York, í partíi þar sem sameiginlegur vinur hélt. „Þetta var fyrir fjórum árum, þá átti ég annan kærasta og hann aðra kærustu þannig að það var ekkert í spilinu, við spjölluðum heilmikið saman reyndar. Tveimur árum síðar þá hringir hann í mig og spyr hvort ég muni eftir sér. Þá var hann staddur á Íslandi, átti ekki konu lengur og ég ekki mann, og hann bauð mér í kaffi. Við höfum eiginlega verið í því kaffi síðan," segir Sara.

Hún er stolt af sínum manni sem vinnur fyrir Þjóðleikhúsið sem dramatúrg í leiksýningunni Macbeth. Sara er hins vegar á fullu þessa dagana vegna hlutverks síns í söngleiknum Fólkið í blokkinni eftir Ólaf Hauk Símonarson. „Ég leik Söru, sextán ára stelpu sem er að uppgötva lífið og þarf að díla við að verða fullorðin ótrúlega fljótt, pabbi hennar er alkóhólisti og mamman meðvirk. Allar persónurnar í leikritinu eru eiginlega að glíma við einhver vandamál."

Leikritið er öðrum þræði söngleikur um söngleik því það fjallar um þegar fólkið í blokkinni ákveður að setja upp söngleik. Og hér fær Sara að spreyta sig á söngnum á nýjan leik. „Það er mjög gaman og frábært að taka þátt í þessari uppsetningu en krefjandi um leið, við erum á sviðinu allan tímann," segir Sara sem segir sýninguna vera aðgengilega, fyndna og sanna: „Það er ótrúlega mikið hjarta í henni og ég held að hver einasti áhorfandi eigi efti að geta samasamað sig persónunum í leikritinu," segir Sara sem er afar ánægð með samstarfsmenn og leikstjóra leikritsins. Og það er henni algjörlega að skapi að leika í svona stórsýningu, fullt af fólki og mikið að gerast.

### Survivor í fjögur ár

Fjögurra ára nám í átta manna bekk fannst henni á hinn bóginn svo þrúgandi að hún var að spá í að hætta við að verða leikari þegar náminu lauk. „Þetta er frábært nám en í raun er þetta „survivor"-leikur í fjögur ár, nema enginn heltist úr lestinni. Maður er settur í kennslustofu með einhverjum sem maður þekkir ekki neitt og þarf að eyða öllum sínum tíma með fólkinu í fjögur ár," segir Sara sem er afar fegin að hún tók samt við hlutverkinu sem henni bauðst að námi loknu í Skilaboðaskjóðunni. „Mér fannst ég þurfa að prófa og mér til mikillar ánægju þá uppgötvaði ég aftur hvað mér þykir gaman að leika, ég fann aftur af hverju ég sótti í áhugamannaleikhúsin á sínum tíma."

Fram undan hjá henni er, auk hlutverksins í Fólkinu í blokkinni, að leika systur Fridu Kahlo í leikriti Brynhildar Guðjónsdóttur. Það er sem sagt nóg að gera í bili og Sara segist alls ekki skipuleggja tímann lengra en út veturinn.

„Við höfum gælt við að flytja til London þar sem Tobias er ali,n upp. Svo dreymir okkur líka að fara að ferðast, við erum bæði draumóramanneskjur," segir Sara sem er samt ótrúlega ánægð með lífið á Íslandi um þessar mundir. „Ég gekk í gegnum tímabil, eins og örugglega margir gera, þegar Ísland fór í taugarnar á mér. Mér fannst það lítið, kalt og grámyglulegt og algjörlega málið að komast í burt. En svo hef ég lært að meta allt hér, náttúruna og nálægðina við allt. Kannski ekki síst í gegnum Tobias. Það er aðallega þessi staður hér sem þarf að vera rólegur og sáttur til þess að manni geti liðið vel hvar sem er í heiminum," segir hún og leggur höndina á hjartastað. Látum það vera lokaorðin.

### Spangir fyrir hlutverkið



Sara Martin fer með hlutverk Söru, sextán ára stúlku, í leikritinu Fólkið í blokkinni. Svo vildi til að Sara Martin er nýbúin að fá spangir. „Ég átti að fá þær í sumar, en aðstandendum leikritsins leist svo vel á að ég væri með spangir að ég frestaði því," segir Sara sem óneitanlega verður gelgjulegri fyrir vikið.

Fólkið í blokkinni er leikrit með söngvum og er höfundur þess Ólafur Haukur Símonarson. Það fjallar í stuttu máli um fólk í blokk í Reykjavík, sem ákveður að setja upp söngleik, og skrautlegt líf þeirra. Verkið er sýnt á stóra sviði Borgarleikhússins og sitja áhorfendur á áhorfendapöllum sem komið hefur verið fyrir á sviðinu en leikritið fer fram á hliðarsviði og baksviði.


Pottaplöntur og pottar
30-50% afsláttur
Rýmum fyrir Jólum
EGG
EGG vörur í verslunum Blómavals um land allt.
Blandaður vöndur
699
Rósir
699
öll kerti 20% afsláttur
4 stk. Erika 999 kr
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Reykjanesbær - Kringlan - Smáralind

# Ráðdeild, hógværð og lítillæti

Við enduruppbyggingu landsins þurfa Íslendingar að tileinka sér ný gildi. Menntun og nýsköpun verða í öndvegi en byggt verður á gömlum stoðum. Kallað er eftir nýju fólki og nýjum hugmyndum og aðild að Evrópusambandinu. Uppgjör þarf að fara fram.

Fréttablaðið heldur áfram að leiða saman fólk sem hefur skoðanir á framtíðarmöguleikum Íslands. Að þessu sinni settust niður með Birni Þór Sigbjörnssyni þau Ásgeir Jónsson, hagfræðingur hjá Kaupþingi, Halla Tómasdóttir, stjórnarformaður Auðar Capital, Guðni Th. Jóhannesson lektor í sagnfræði við Háskólann í Reykjavík, Sigríður Þorgeirsdóttir, dósent í heimspeki við Háskóla Íslands og Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs.

Fyrst var rætt um aðkallandi vandamál.

**Finnur:** Það þarf að leysa bráðavandamál til að koma þjóðfélaginu aftur á einhvern kjöl og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er mögulegur farseðill inn í slíkt ferli. Það ganga kjaftasögur um að sjóðurinn sé versta stofnun sem hægt er að hugsa sér að fá hér inn en þær sögur eru ekki í samræmi við raunveruleikann. Þar sem sjóðurinn fer inn þar eru vandamál og það er ekki alltaf hægt að búa til paradís þar sem eru vandamál. Það er kannski eðlilegt að sjóðurinn sé spyrtur við vandamál en yfirleitt hjálpar hann til við að laga hlutina.

**Ásgeir:** Það þarf að tryggja stöðugleika í fjármálakerfinu og að sparnaður geti aftur farið að renna til arðbærra verkefna. Að mínu áliti er ljóst að íslenska krónan er búin sem gjaldmiðill og sá sem neitar því lokar augunum fyrir veruleikanum.

**Halla:** Ég vona að við Íslendingar höfum auðmýkt og vit til að leita til færustu aðila og okkur vitrara fólks. Margir hafa tekist á við gjaldeyriskreppur, bankakrísur og enduruppbyggingu ríkja sem farið hafa illa. Við þurfum ekki að leita langt, Svíþjóð og Noregur gengu í gegnum þetta. Við hér erum meira og minna öll háð og vanhæf til að gera þetta ein og sjálf.

**Sigríður:** Upplýsingar hafa verið fyrir hendi en almenningur ekki verið upplýstur og það hefur ekki verið gripið til réttra aðgerða. Vegna ógnarstjórnar í pólitíkinni hefur ríkt ótti í samfélaginu. Hér hefur um of langt skeið verið hrammur yfir pólitíkinni, hún er ónýt og hana þarf að endurreisa. Það er ekki nóg að endureisa atvinnulífið og fjármálakerfið.

**Ásgeir:** Ég álít ekki að það þurfi grundvallarbreytingar á íslensku hagkerfi eða þjóðinni. Þetta er bara fjármálaáfall, bankakreppa, aðrar þjóðir hafa orðið fyrir þessu en þetta gerist með ofsafengnari hætti þar sem ríkið er of smátt til þess að geta varið fjármálakerfið. Bankar hafa þann veikleika að fara á hausinn ef lausaféð er dregið úr þeim. Það hefur alltaf verið og þetta snýst því ekki um nýfrjálshyggju eða kapítalisma.

**Halla:** Nýja hagkerfið í öllum heiminum mun einkennast af aukinni áhættumeðvitund og aukinni samfélagsmeðvitund. Ég held að skilgreining okkar á arði og hagnaði muni breytast og verða víðari og það verði hugsað meira til lengri tíma.

**Evrópusambandið**

**Ásgeir:** Það þarf að fá Alþjóðagjaldeyrissjóðinn hingað inn, ganga svo í Evrópusambandið og taka upp evru í framhaldinu. Atburðir síðustu vikna sýna að íslenska ríkið gat ekki varið fjármálakerfið og bankana. Ef við hefðum haft evru væru að minnsta kosti einhverjir af bönkunum á lífi. Glitnir átti til að mynda íslenskar eignir sem hann gat ekki umbreytt í erlent lausafé. Bankarnir á Íslandi voru ekki verri en þeir útlensku en ríkið hafði hvorki tæki né getu til að bregðast við. Það þarf að breytast því við getum ekki boðið ungum Íslendingum upp á slíkan óstöðugleika.

**Björn:** Er sem sagt lífsnauðsynlegt að ganga í Evrópusambandið?

**Ásgeir:** Algerlega. Með inngöngu verjum við fullveldið. Það felst ekki fullveldi í að vera ein og varnarlaus og skolast út með öldum sem lenda á landinu. Það að vera í ríkjabandalagi tryggir stuðning til þess að geta varið fullveldið. Við getum þá haft um okkar mál að segja því við erum hluti af kerfi sem tryggir að við getum fengið okkar vilja fram.

**Sigríður:** Ég hef alltaf verið Evrópusinni og skrifaði grein fyrir nokkrum árum þar sem ég sagði að við ættum að fara í Evrópusambandið af hugsjón. Ég hafnaði því að við ættum eingöngu að horfa á þetta út frá efnhagslegum rökum því þau ein og sér eru of þröng. Við erum Evrópuþjóð og eigum menningarlega samleið með Evrópu. Ég er sammála Ásgeiri með fullveldið, þú ert ekki fullvalda nema þú takir þá ábyrgð sem fylgir því að vera í ríkjasambandi. Það var á vissan hátt ábyrgðarleysi gagnvart okkur sjálfum og Evrópu að vera ekki aðilar.

**Finnur:** Það er kaldhæðnislegt að meginástæðan fyrir andstöðu margra við Evrópusambandsaðild var annars vegar fullveldi og hins vegar sjálfstæð peningastefna. Í dag er nánast súrealískt að þetta hafi verið þröskuldarnir. En auðvitað þarf að taka tillit til hagsmuna mismunandi atvinnugreina í þeirri umræðu sem fram undan er.

**Guðni:** Ég hef ekki gert upp hug minn gagnvart aðild heldur haldið því opnu en það óheppilegt að núna erum við upp við vegg. Í hinum fullkomna heimi hefði verið betra ef afstaða til aðildar að Evrópusambandinu hefði verið tekin undir allt öðrum kringumstæðum. En núna er staðan þessi og ég óttast að umræður um aðild eða ekki aðild verði afskaplega hatrammar og hatrammari en þær hefðu verið undir öðrum kringumstæðum.

**Uppgjörið**

**Sigríður:** Ákveðið uppgjör þarf að fara fram. Við þurfum að vinna jafn vel í því og við þurfum að standa að uppbyggingu Íslands. Grunnur trausts er brostinn og það þarf að endurskapa forsendur fyrir trausti sem er vefurinn sem heldur samfélaginu saman.

**Halla:** En þetta er hættulegt, maður finnur að almenningur treystir ekki fjármálafyrirtækjum og ég held að svona uppgjör muni hella olíu á bál þess fólks sem er brjálað út í fjármálageirann. Það sem gæti gerst er að okkar færasta fólk á þessu sviði kjósi að vera ekki hér og að fjármagn leiti annað og það þýðir að við munum búa í landi án súrefnis. Það þarf að gera hlutina upp með eðlilegum hætti en um leið þarf að standa vörð um að við hengjum ekki saklaust fólk.

**Finnur:** Í umræðunni er fullt af fólki brennimerkt. Ekki bara tíu eða fimmtán manns. Þúsundir unnu af heilum hug og öllu hjarta í þessum fyrirtækjum og ef við höldum áfram á þessari braut ýtum við frá okkur fullt af fólki sem mun finnast það óvelkomið hér.

**Ásgeir:** Ef málin verða persónugerð með þessum hætti eyðum við orkunni í neikvæða hluti og lokum augunum fyrir þeim kerfisbundnu hlutum sem þarf að ráðast í. Þá drögum við engan lærdóm af þessu.

**Sigríður:** Ef við segjum að þetta fólk hafi bara unnið vinnuna sína þá getum við sagt að það hafi unnið samviskusamlega en samviskulaust. Við þurfum öll, hvort sem við erum í banka, vísindum, fiskvinnslu eða hvar sem er, að gera okkur ljóst í hvers þágu við erum að vinna og hvaða samfélagslega þýðingu störf okkar hafa. En það má ekki gera lítið úr því að Hannes Smárason eða hverjir sem það nú voru unnu verk sem koma mjög illa við marga. Þeir ástunduðu rányrkjukapítalisma og við og börnin okkar þurfum að borga fyrir þessa menn.

**Björn:** Hvað áttu við með rányrkjukapítalisma?

**Sigríður:** Þetta voru sjálftökumenn. Launin þeirra voru komin úr hófi, þetta var komið út í algjört rugl og við og næsta kynslóð eigum að borga reikninginn. Hvað annað viltu kalla þetta?

**Ásgeir:** Það er mjög misráðið að fókusera á persónur í þessu sambandi. Að baki bjuggu hugmyndafræði og viðhorf og ákvarðanir voru teknar eftir ákveðinni stefnu. Útrásin fór fram fyrir opnum tjöldum og FL group sem dæmi var skráð félag og starfaði fyrir opnum tjöldum. Þeir sem létu fjármuni í það félag hlutu að vita hvaða áhættu þeir voru að taka.

**Halla:** En það ríkti áhættumeðvitundarleysi.

**Ásgeir:** Það er allt annað mál. En ekkert af þessu fólki ætlaði að svindla á einhverjum. Þetta snýst ekki um það. Þetta snýst að einhverju leyti um of mikla áhættusækni og líka það að ríkissjóður gat ekki veitt fjármálakerfinu sama stuðning og þekkist í nágrannalöndunum.

**Guðni:** En hvað með allar viðvaranirnar, áttu ekki bjöllurnar að klingja?

**Ásgeir:** Jú að sumu leyti hefðu þær átt að gera það en það liggur samt fyrir að stjórnvöld voru mjög illa undir þetta búin og það hefur gert slæma stöðu enn verri. Það liggur einnig fyrir að trúnað skorti á milli stofnana, svo sem á milli Seðlabankans og viðskiptabankanna til að geta fundið sameiginlegar lausnir.

**Halla:** Þetta er kannski ekki rétti tíminn til að leita að sökudólgum en vissulega þarf að fara fram heilbrigt uppgjör. Þegar við drögum fólk til ábyrgðar þarf að athuga að bæði almenningur og lífeyrissjóðirnir höfðu miklar upplýsingar um hvernig fyrirtækin voru rekin en ákváðu samt að kaupa í þeim hlutabréf. Þannig að ef við förum að draga til ábyrgðar þá eru ansi margir sem þurfa að bera ábyrgð.

**Sigríður:** Það er alveg rétt en þarna kom að fólk sem ekki bar hag landsins fyrir brjósti og nú þarf að hleypa öðrum að. Spillingin hefur falist í því að of fáir hafa tekið of mikilvægar ákvarðanir sem lenda á fólki sem á ekki að þurfa að bera þær.

**Ásgeir:** Ef það hafa verið framin lögbrot þá þarf náttúrulega að taka á því með viðeigandi hætti.

**Tækifærin**

**Halla:** Núna ættum við að horfa til nýsköpunar og minni fyrirtækja, veita fjármagni og styrkjum í þá



**VIÐ HRINGBORÐIÐ** Guðni Th. Jóhannesson, Sigríður Þorgeirsdóttir, Finnur Oddsson, Ásgeir Jónsson og Halla Tómasdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



> Nú þarf að leggja áherslu á aðra þætti í þjóðarsálinni og það eru ráðdeild, hógværð og lítillæti.
>
> **GUÐNI TH. JÓHANNESSON**



> Það felst ekki fullveldi í að vera ein og varnarlaus og skolast út með öldum sem lenda á landinu.
>
> **ÁSGEIR JÓNSSON**



> Þúsundir unnu af heilum hug og öllu hjarta í þessum fyrirtækjum og ef við höldum áfram á þessari braut ýtum við frá okkur fullt af fólki sem mun finnast það óvelkomið hér.
>
> **FINNUR ODDSSON**



**SKÍÐAFERÐIR** hafa lengi verið vinsælar hjá Íslendingum og tímabært fyrir þá sem ætla utan að renna sér í vetur að fara að hefja skipulagningu. Express ferðir bjóða til dæmis upp á ferðir til Davos í Sviss, Ischgl í Austurríki og Oberstdorf í Þýskalandi í janúar og febrúar.




Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447













„Oft er spurt hvort starfsmaður í bakaríinu sé virkilega á þessum bíl," segir Ellý Vilhjálmsdóttir brosandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þetta er sportbíllinn sem mig dreymdi alltaf um

**Hún býr í blokk í Breiðholtinu, vinnur í bakaríi, ber þekkt nafn og ekur um á æðislegum sportbíl. Ellý Vilhjálmsdóttir á Chrysler Crossfire sem hún fékk í morgungjöf frá manninum sem hún giftist 08.08.08.**

„Ég fékk bílinn alveg óvænt í brúðargjöf frá mínum heittelskaða," byrjar Ellý þegar forvitnast er um bílinn hennar. „Ég var reyndar búin að fíflast með að ég vildi fína morgungjöf. Svo vorum við á leið til sýslumanns að ná í veðbókarvottorð og þar átti að loka eftir hálftíma. Maðurinn vildi endilega koma við á bílasölu, sýndi mér þar bíl og spurði hvernig mér litist á hann. Ég sagði eins og var að mér þætti hann ekkert fallegur. Þá keyrði hann að þessum bíl sem stóð hinu megin á planinu. Ég kolféll fyrir honum eins og skot og hann var keyptur á innan við klukkutíma. Við skruppum til sýslumannsins á meðan verið var að ganga frá pappírunum."

-Ánægð með hann? „Já, ég elska bílinn. Þetta er sportbíllinn sem mig dreymdi alltaf um. Ég fíla allt við hann. Hann er hraðskreiður og með upphituð og færanleg sæti þannig að ég get bókstaflega lagað þau að mér."

-Eyðir miklu? „Ég læt það allt vera. Ætli hann fari ekki með svona 12 á hundraði."

-Hvaða árgerð? „2007 og keyrður 4000 kílómetra. Bara rétt tilkeyrður. Ég er að vinna í bakaríi og fer á bílnum í vinnuna. Oft er spurt hvort starfsmaður í bakaríinu sé virkilega á þessum bíl."

Ekki er hægt að sleppa Ellý án þess að spyrja hvort hún tengist söngkonunni ástsælu Ellý Vilhjálms. „Nei, en ég kynntist henni því pósturinn ruglaði okkur svo oft saman. Svo hét pabbi minn Vilhjálmur Hjálmarsson eins og menntamálaráðherrann og það var komið með boðskort og meira að segja málverk til hans," svarar hún hlæjandi.

Spurð hvort nafninu fylgi falleg söngrödd segir Ellý hljæjandi? „Nei, ég er rammfölsk. Þó kemur fyrir að ég taki lagið ef ég er ein í Chryslernum en ég hrelli ekki fólk með því að syngja fyrir það."

*gun@frettabladid.is*



**KENÝA** er einn af fyrirhuguðum áfangastöðum Úrvals-Útsýnar í byrjun næsta árs. Sígilt safarí í Kenýa nefnist ferð sem farin verður þangað 10. til 22. febrúar. Ferðin hefst í höfuðborginni, Naíróbí, þar sem meðal annars verður farið í gíraffagarð.



Madagaskar er fjórða stærsta eyja heims. Meðal þess sem helst einkennir Madagaskar eru lemúrar og baóbabtré en fimm prósent allra plöntu- og dýrategunda heimsins lifa á eyjunni og áttatíu prósent þeirra eru eingöngu þar.

**wikipedia.is**

# Á bólakafi í bláum sæ

**Eflaust eru margir sem hafa látið sig dreyma um að upplifa frelsi fuglsins eða þyngdaraflsleysi geimfarans. Kafarinn.is býður upp á þessa upplifun í formi köfunar á botni sjávar.**

„Úti á Álftanesi er flak af skipi sem kallast Sykurskipið. Við förum oft með hópa að þessu flaki þar sem það liggur ekki á miklu dýpi og er því öllum opið sem hafa lært köfun,“ segir Héðinn Ólafsson, stofnandi Köfunarskólans Kafarinn.is sem býður bæði upp á námskeið fyrir byrjendur og og skemmtilegar ferðir fyrir lengra komna. „El Grillo, sem liggur á botni Seyðisfjarðar, er bæði stærsta og flottasta flakið sem við erum með og því vinsæll og skemmtilegur köfunarstaður,“ bætir Héðinn við.

Köfunarnámskeið Kafarans.is fyrir byrjendur og lengra komna kostar 60.000 krónur, en í boði er sex mánaða vaxtarlaus greiðsla. „Kennslan tekur mislangan tíma en við höfum verið með allt frá fjögurra daga námskeiðum og upp í nokkrar vikur. Byrjendanámskeiðin (Open Water Diver) byrja á bóklegum hluta og svo er farið í verklegan hluta í sundlaug, þaðan í Kleifarvatn og síðast út í sjó.“

„Advanced Open Water Divernámskeiðið okkar er í rauninni fimm sjókafanir. Áttavita æfingar eru hluti af „advanced“-námskeiðinu og við notumst því stundum við Kleifarvatn líka. Ef fólk hefur náð sér í köfunarréttindi erlendis en hefur ekki kafað í lengri tíma þá er mælt með að fólk fari á upprifjunarnámskeið. Svo er það hins vegar að ef fólk hefur lært að kafa í blautbúningi þá ráðleggjum við að það fari á þurrbúningsnámskeið.“



Héðinn hefur kafað um allt land og hér er hann á Þingvöllum.

Kafarinn.is býður upp á félagsskap sem kostar tíu þúsund krónur á ári. „Fyrir það gjald fær fólk loft á kútana sína og getur komið með í eins margar köfunarferðir og áhugi er fyrir, en við bjóðum upp á eina ferð á viku allan ársins hring. Eigi fólk ekki búnað er einnig hægt að fá hann leigðan á sérstöku klúbbverði.“ Héðinn bætir við að það sé ekki nauðsynlegt að vera klúbbfélagi en kostnaður á leigu sé hærri fyrir þá sem eru ekki félagar.

Ekkert aldurstakmark er við sportköfun, en oft er miðað við fimmtán ára aldur. „Eftir að fólk hefur náð fimmtán ára aldri fær það fullnaðarskírteini, en fram að því er einungis boðið upp á juniorskírteini,“ segir Héðinn að lokum.

*agnesosk@frettabladid.is*



Ánægður ferðamaður með afla sem hann fékk á sjóstöng á Vestfjörðum.

## Veiðilandið

**Ísland þykir eitt af bestu veiðilöndum í heimi.**

Ísland var valið eitt af bestu áfangastöðum sjóstangveiðimanna af lesendum Blinker Award, útbeiddasta veiðitímarists Evrópu. Verðlaun kennd við tímaritið voru veitt nýlega fyrir besta áfangastaðinn með tilliti til upplifunar og gæða. Þar hafnaði Ísland í þriðja sæti á eftir Noregi og Spáni.

Mikið starf hefur verið unnið í uppbyggingu og markaðssetningu á sjóstangveiði á Vestfjörðum á síðustu misserum. Um þrjú þúsund stangveiðimenn heimsóttu fjórðunginn á síðasta sumri. *-gun*


Allt á einum stað

VETRARDEKK
HEILSÁRSDEKK
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR
ALLT Á EINUM STAÐ



SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

Búdapest
23. október
frá kr. 29.990

Ótrúlegt sértilboð
Frábær gisting
Hotel Novotel Centrum
* * * *



Frábær sértilboð – einstök helgarferð!

Heimsferðir bjóða frábært sértilboð á síðustu sætunum til Búdapest 23. október. Bjóðum ótrúlegt sértilboð á gistingu á Hotel Novotel Centrum sem er gott og mjög vel staðsett fjögurra stjörnu hótel. Búdapest er ein fegursta borg Evrópu og haustið er einstakur tími til að heimsækja borgina. Fararstjórar Heimsferða gjörþekkja borgina og kynna þér sögu hennar og heillandi menningu. Búdapest býður einstakt mannlíf, menningu og skemmtun að ógleymdri getrisni Ungverja auk frábærra veitinga- og skemmtistaða. Þetta eru síðustu lausu sætin til Búdapest í haust

Verð kr. 29.990
Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum.

Verð kr. 44.990
– helgarferð
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi í 3 nætur á Hotel Novotel Centrum **** með morgunmat. Sértilboð 23. október. Aukagjald fyrir einbýli kr. 14.000.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

;ALLT HEIMILI
Mánudaga og fimmtudaga

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið



**NÝTT BINDI** getur lífgað verulega upp á gömlu jakkafötin og þarf ekki endilega að kosta mikið. Ódýrir fylgihlutir geta nefnilega gert heilmikið fyrir útlitið.

# Hasar í heimi tískunnar

**Fatahönnuðurinn Victoria Gres sótti innblástur sinn fyrir nýju kvenfatalínuna sína til hasarmyndahetja á borð við James Bond. Afraksturinn mátti sjá á tískuvikunni í Úkraínu sem nú stendur yfir.**

Ýmissa grasa hefur kennt á tískuvikunni í Úkraínu sem stendur í raun yfir í tvær vikur nú í lok október, en þó hafa töffaraleg og allt að því karlmannleg kvenföt verið nokkuð áberandi. Skýrasta dæmið um þetta var vetrarlína fatahönnuðarins Victoriu Gres, en hún virðist hafa leitað eftir hugmyndum í heimi sígildra glæpa- og hasarmynda. Stemmningin á svo sannarlega við um þessar mundir þar sem styttist í að frumsýnd verði ný mynd um ofurnjósnarann James Bond, en í heimi hans er töffaraskapurinn allsráðandi eins og alkunna er. Í það minnsta er ljóst að úkraínskar dömur þurfa nú að setja upp hatt og bindi, vilji þær tolla í tískunni.

Tískuvikan í Úkraínu stendur út mánuðinn og má vænta þess að þarlendir hönnuðir sendi frá sér fleiri spennandi útspil áður en yfir lýkur.



Þessar dömur áttu greinilega von á árás og gættu þess að láta ekki koma aftan að sér.

Háskaleg fatasamsetning sem þó hittir beint í mark.

Bolir með áletrunum eru greinilega enn á uppleið í Úkraínu.

Stuttur jakki og skærbleikt bindi gefa annars herralegum klæðnaði skvísulegt yfirbragð.








# heimili&hönnun

LAUGARDAGUR 18. OKTÓBER 2008

● **INNLIT**

## Útsýni til allra átta

● **JÓHANN MEUNIER EIGANDI LIBORIUS**

## Notagildi í hávegum haft

● **Í ALDANNA RÁS**

## Gerður Helgadóttir

FRÉTTABLAÐIÐ




**Á ils.is getur þú:**

- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á lánstíma

**Önnur þjónusta á ils.is:**

- Bráðabirgðamat
- Ýmsar reiknivélar
- Netsamtal við ráðgjafa
- Umsókn um rafrænar afborganir lána

**www.ils.is**

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969

## Kynntu þér lánakjörin á ils.is

**Greiðslumat**
Þú getur sjálfur gert greiðslumat á netinu. Ef þú þarft á aðstoð að halda geturðu hringt í okkur, komið á staðinn og hitt ráðgjafa okkar eða haft samband á netinu.

**Lánsumsókn**
Þegar þú hefur fundið draumaíbúðina sækir þú um lánið á www.ils.is. Lánið er afgreitt á fjórum virkum dögum.

**Íbúðalánasjóður fyrir alla**

Íbúðalánasjóður



HEIMILISHALD
RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR

# Heimilisfræði II

Það eru ákveðin forréttindi að fá að vera heima hjá sér í rólegheitunum. Nú þegar kólna fer í veðri fjölgar þeim stundum sem við eyðum inni við og þess ættum við að njóta. Það ætla ég að gera. Ég veit ekkert betra en að sýsla eitthvað heima hjá mér meðan haustrigningin dynur á rúðunum. Bestu minningarnar sem ég á úr æsku eru þegar ekki sást út úr húsi fyrir norðlenskum snjóbyl, Silja Aðalsteins las framhaldssöguna um Christinu á Flambardssetrinu í útvarpinu og mamma var að baka inni í eldhúsi. Mamma var alltaf eitthvað að sýsla í eldhúsinu og steikti heilu fjöllin af kleinum meðan ég sat við eldhúsborðið og lærði heimadæmin. Eldhússýsl finnst mér því sérstaklega heimilislegt og ég vil gjarnan ala mín börn upp við slík notalegheit.

„Uppskriftir úr matarbókum eru eins og stjarnlífeðlisfræðiþrautir fyrir mér sem ekki nokkur leið er að leysa úr.“

Verst að ég er ómöguleg þegar kemur að bakstri og öðrum húsverkum. Uppskriftir úr matarbókum eru eins og stjarnlífeðlisfræðiþrautir fyrir mér sem ekki nokkur leið er að leysa úr og þegar ég tek mig til við bakstur er það yfirleitt með það miklum fyrirgangi og óskipulagi að enginn krakki gæti dundað sér undir þeim kringumstæðum. Ég hef margoft notið aðstoðar frú Bettý við baksturinn en finnst það alltaf hálfgert svindl. Sumir segjast líka finna muninn á Bettý eða alvöru köku bakaðri úr Kötlukakói og Royal lyftidufti.

Það er eins og ég sé undir álögum því oft er eins og allt gangi að óskum ef ég hef einhvern til aðstoðar, þótt sá hinn sami geri ekkert annað en að smyrja formið. Þannig höfum við systurnar bakað saman fyrir jólin og framleitt lystilegar smákökur í bauka. En þegar ég bjó í erlendri borg ein jólin og reyndi að baka sömu uppskriftir hjálparlaust varð afraksturinn stökkar flatar kexkökur, grunsamlega dökkar og undarlegar á bragðið. Þetta gæti samt þýtt að þessi vanhæfni mín sé af sálrænum toga. Að ég hafi bara það litla trú á sjálfri mér í eldhúsinu að allt sem ég taki mér þar fyrir hendur gangi á afturfótunum. Ég þarf að byggja upp sjálfstraustið og byrja frá grunni.

Því hefur bókin Heimilisfræði II fengið heiðurssess í hillunni en hana fékk ég í heimilisfræðitímum í sjötta bekk. Þetta er gul kilja með skilmerkilegum leiðbeiningum í máli og myndum. Þar er útskýrður munurinn á gerbakstri og hrærðu deigi en hann get ég ekki sagt mér sjálf. Þar er einnig farið nákvæmlega yfir hvernig á að hræra deig og þeyta deig og í hvaða röð hráefnin fara út í eftir því hvaða deig er verið að hræra. Nú býst ég við því að jólakökubaksturinn gangi eins og í sögu og ég býð bara eftir því að RÚV endurflytji Flambardssetrið.



● **Forsíðumynd:** Arnþór Birkisson tók mynd á heimili HIldigunnar Hjálmarsdóttur **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is, Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.

● **EINSTAKT TÆKIFÆRI** Handverk og hönnun stendur fyrir sýningu á íslensku handverki, listiðnaði og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur um næstu mánaðamót. Listamennirnir sem taka þátt eru 54 talsins, en þeir voru valdir af sérstakri valnefnd og munu sjálfir kynna vörur sínar á sýningunni. Hún stendur frá 31. október til 3. nóvember og er aðgangur ókeypis. Nánari upplýsingar á http://handverkoghonnun.is/default.asp?sid_id=39490&tre_rod=001|016|001|&tId=1.





**Jóhann á ekkert leðursófasett en aftur á móti góða bók eftir franska ljóðskáldið Arthur Rimbaud sem breytti lífi hans.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ekkert leðursófasett

● Heimili Jóhanns Meunier er langt frá því að vera mínimalískt. Í stofunni er hann með vinnuaðstöðu þar sem páfagaukurinn Panik vakir yfir bókastöflunum.

Jóhann Meunier, eigandi Liborius, á notalegt heimili skammt frá verslun sinni á Laugavegi. Þar er mikið af gömlum húsgögnum héðan og þaðan sem er í talsverðri mótsögn við látlaust yfirbragð verslunarinnar.

„Heimili mitt er langt frá því að vera mínimalískt og eru flest húsgögnin gömul,“ segir Jóhann. „Hlutirnir eiga sér ekki neinn vísan stað og fá bókastaflarnir að hrannast upp á víð og dreif. Mig hvorki langar til né hef haft efni á því að eyða peningum í rosalega dýr húsgögn og legg meira upp úr því að eyða í hluti sem eru í mikilli notkun,“ segir Jóhann sem er afskaplega ánægður með að eiga gaseldavél og góða kaffivél. „Ég held að það dýrasta á heimilinu sé silki- og ullargólfteppi á stofugólfinu.“

Jóhann segir stofuna vera hjarta heimilisins en þar er bæði borðað, unnið og slakað á. „Þar er ekkert leðursófasett en ég á aftur á móti rosalega góða bók eftir franska ljóðskáldið Arthur Rimbaud sem breytti lífi mínu.“

Á skrifborðinu á páfagaukurinn Panik sér heiðursess en Jóhann hefur átt páfagauka frá því að hann man eftir sér. „Þessi er svolítið taugaveiklaður og lítill í sér. Hann er ekki mjög ævintýragjarn og fer rétt út úr búrinu til að teygja úr sér,“ lýsir Jóhann en fyrri páfagaukar hans hafa margir verið félagslyndir. „Ég held að þessi þjáist af ofsóknaræði og ber hann því nafn með rentu.“ *- ve*



# VIÐ ERUM 15 ÁRA!



**KING KOIL heilsurúm**
(Queen size 153x203)
á aðeins 99.900 kr.

**Heilsukoddar við þitt hæfi**
20% AFSLÁTTUR

**Allar gerðir svefnsófa**
20% AFSLÁTTUR

**Fjölstillanleg heilsurúm**
á allt að 30% AFSLÆTTI

Rekkjan heilsurúm var stofnað 9. september 1993 og fagnar því 15 ára afmæli um þessar mundir.

Rekkjan hefur frá upphafi selt bandarísku heilsurúmin frá King Koil sem þykja með þeim allra bestu í heiminum í dag. Sem dæmi má nefna að dýnurnar frá King Koil eru þær einu á markaðnum í dag sem eru með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknarsamtök kírópraktora) og Good housekeeping sem eru stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum.

COMFORT solutions
By King Koil

Good Housekeeping Promises
LIMITED WARRANTY TO CONSUMERS
REPLACEMENT OR REFUND IF DEFECTIVE

## ENN ... SENN LÝKUR AFMÆLISVEISLUNNI

Því fer hver að verða síðastur - sneiðarnar af tertunni eru að klárast.
Ekki missa af þessum ótrúlegu afmælistilboðum.



rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

Í ALDANNA RÁS

# Frumkvöðull í íslenskri myndlist

Gerður Helgadóttir stundaði nám hér á Íslandi í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og síðan í Flórens og París, þar sem hún bjó lengst af. Gerður komst til mennta með dyggri aðstoð ættingja og vina og var hún brautryðjandi í íslenskri höggmynda- og glerlist. Verk hennar eru gríðarmörg og fjölbreytt, sérstaklega með tilliti til þess að hún lést einungis 47 ára að aldri, árið 1975.


MYND/RÚV

Steindir gluggar eftir hana prýða sex kirkjur hér á landi en þekktastir eru gluggar í Skálholtskirkju og Kópavogskirkju. Í Þýskalandi eru auk þess fimm kirkjur með steindum gluggum eftir hana. Þegar hún fór að vinna með járnverk úr hárfínum járnvírum vann hún sér sess á Íslandi sem frumkvöðull þrívíðrar abstraktlistar. Í kringum 1970 tóku við massíf verk sem unnin voru úr leir, gifsi og jafnvel steinsteypu. Undir lok ferils síns vann hún eitt stærsta verk sem gert hefur verið á Íslandi en það er stóra mósaíkmyndin á Tollhúsinu í Hafnarstræti í Reykjavík sem afhjúpuð var árið 1973. Gerður var sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu árið 1974 og færðu erfingjar hennar Listasafni Kópavogs verkasafn hennar að gjöf. *- hs*

**KRUKKUOPNARI** Það hefur löngum þótt hraustleikapróf að opna krukkur með rammföstu loki en í Búsáhöldum í kringlunni má finna einfalt tæki sem leysir þennan vanda. Krukkuopnarinn svokallaði er töng með gúmmíkanti sem er smeygt utan um lokið og snúið. Tækið passar á flestar lokstærðir og kostar 995 krónur.







Borðstofan er meðal annars búin íslenskum stólum og kommóðu sem Hildigunnur kveðst hafa séð auglýsta á góðu verði og keypt handa strákunum sínum.


Guli stofustóllinn er danskur og á veggnum er skápur sem Hildigunnur keypti af götusala í London en lenti í „ógurlegu klúðri“ með að koma heim.


„Það er ágætt að leggja sig hér á daginn þegar ég er að vinna í tölvunni,“ segir Hildigunnur um rekkjuna í vinnuherberginu.


Fjörurekin rótarhnyðja, sem Agnar fékk óvænt senda frá Sigurði Björnssyni á Kvískerjum, er traust undirstaða borðs.

# Margt rekið á fjörur

Fágaðir hlutir einkenna heimili Hildigunnar Hjálmarsdóttur, húsfreyju og rithöfundar. Hún býr hátt uppi og útsýni til allra átta af svölunum hennar er stórkostlegt í góðu veðri.

Persónulegir munir eins og málverk frá helstu listamönnum landsins setja svip sinn á heimili Hildigunnar. Bækur eru líka áberandi í öllum herbergjum. „En ég þarf að fá mér lítinn bókaskáp í viðbót því ég er með bækur hér og hvar liggjandi sem ég hef nýlega eignast,“ segir hún afsakandi og kveðst hafa verið að koma frá París þar sem hún hafi fallið í freistni í bókabúðunum.

Hildigunnur er ekkja Agnars Þórðarsonar rithöfundar og skrifaði sjálf í fyrra sína fyrstu bók, þá 87 ára að aldri. Bókin heitir Danska frúin á Kleppi og fjallar um tengdamóður hennar. „Í bókinni segi ég frá húsgögnum sem tengdamóðir mín kom með til landsins og í stofunni minni er einn af þeim stólum,“ segir hún og sýnir snotran, útskorinn stól.


Þennan stól gaf Agnar móður sinni þegar hann kom heim frá Bretlandi eftir stríð. „Hann lenti svo hjá okkur.“

„Margt af því sem er í kringum mig er annaðhvort frá tengdamömmu eða mömmu. Við Agnar keyptum okkur eiginlega aldrei húsgögn,“ segir hún en bætir svo við: „Jú, reyndar keypti ég fallega stóla þegar við vorum nýtekin saman, borðstofuborð og hornskáp. Hitt er eitthvað sem hefur rekið á fjörur mínar.“ *- gun*


Hildigunnur hefur stórkostlegt útsýni af svölunum sem að hluta til eru yfirbyggðar og nýtast henni sem sólstofa.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


ego dekor
STÓR OG MJÚKUR
Comfort tungusófi
Stærð: 327cmX197cm
Fáanlegur í nokkrum litum
Verð áður: 198.000,-
TILBOÐSVERÐ NÚ: 178.200,-
Romeo leðursófasett
Fáanlegt í svörtu, brúnu og hvítu leðri.
4 sæta leðursófi
Verð: 178.000,-
3 sæta leðursófi
Verð: 145.000,-
Leðurstóll
Verð: 75.000,-
Einnig fáanlegur í tungusófa
FLOTTIR SÓFAR Á GÓÐU VERÐI
New England tungusófi
Stærð: 252cm X 165cm
Færanleg tunga
Fáanlegur í nokkrum litum
Verð: 154.000,-
Wonder leðurtungusófi
Stærð: 270cmX170cm
Fáanlegur í svörtu og hvítu leðri
Verð áður: 218.000,-
-20%
VERÐ NÚ: 174.400,-
Caviar tungusófi
Stærð: 315cm X 160cm
Fáanlegur í nokkrum litum
Verð: 168.000,-
503 leðursófasett
Fáanlegt í svörtu leðri
3+1+1
Verð: 273.000,-
3+2
Verð: 253.000,-
East Cost 3 sæta sófi
Stærð: 260cm X 113cm
Fáanlegur í nokkrum litum
Verð: 139.000,-
East Cost tungusófi
Stærð: 260cm X 180cm
Færanleg tunga
Fáanlegur í nokkrum litum
Verð: 168.000,-
Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00 - Bæjarlind 12 - S: 544 4420 - www.egodekor.is

## hönnun

**● BETRI OG ÓDÝRARI LÝSING** Í fljótu bragði gæti þessi lampi, sem kallast The Prop Lamp, virst vera afrakstur einhvers duttlungarfulls hönnuðarins. En svo er aldeilis ekki. Hann er nefnilega samansettur úr þremur leiserskornum einingum (samanber vinstri mynd þar sem sést ofan á hann) til að bæta lýsinguna og spara orku. Auk þess ljær gljáandi yfirborðið lampanum ekki aðeins nýtískulegt útlit heldur endurkastar það birtunni sem frá honum stafar og dreifir birtunni því enn betur, svo fækka má öðrum lömpum í nánasta umhverfi. Eða eins og hönnuðurinn Steve Watson segir þá er lampinn ekki aðeins hugsaður sem stofustáss heldur til að veita fullnægjandi birtu ásamt því að lækka rafmagnsreikninginn.







**● ÚTRÁS FYRIR SKÖPUNARGLEÐI** Vefsíðan polyvore.com er sniðug fyrir þá sem vilja gefa sköpunargáfunni lausan tauminn. Notendum gefst þar kostur á að taka nánast hvaða myndir sem er af netinu og steypa saman í klippimynd. Vefsíðan er þannig tilvalin fyrir þá sem eru að velta fyrir sér hvernig best sé að innrétta heimilið, skipuleggja fataskápinn og þar fram eftir götum.

# Nútímalegar þökur á þök

● Náttúrulegur gróður á þökum er góð einangrun, dregur úr mengun í andrúmslofti og minnkar frárennsli rigningarvatns. Þannig sparar hann fé og setur um leið hlýlegan svip.

Vinsældir þakgarða eru víða að aukast og torfið að öðlast þegnrétt aftur í byggingarstíl nútímans. Þetta kom greinilega fram á ráðstefnu sem Sumarhúsið og garðurinn efndi til nýverið og fjallaði um gildi náttúrulegra þaka. Meðal frummælenda þar var Gísli Kristjánsson arkitekt sem starfar í Svíþjóð og hefur notað sérstakt torf í byggingarlist sinni síðustu tíu til fimmtán ár.

„Ég nota mest 30 millimetra þykkar mottur með mosa og þekjuplöntum sem eru svipaðar þeim sem vaxa á hrauninu á Íslandi og verða aldrei stórar. Við ræktum þær í gömlum sandgryfjum því þar verður svo lítil rótarmyndun,“ lýsir hann.

Undir mottunum á þökum er venjulegur þakdúkur að sögn Gísla og hann fullyrðir að engin hætta sé á leka. „Frárennsli rigningarvatns minnkar um helming og náttúran hugsar um hitt, jurtirnar drekka það í sig og afgangurinn gufar upp,“ segir hann og nefnir að motturnar hafi sömu eiginleika og gömlu torfþökin en séu mun léttari, eða um 50 kíló á fermetrinn.



Torfþök héldu yl á Íslendingum um aldaraðir og eru hluti af okkar menningararfi.



„Ég vona að ég komi með eitthvað jákvætt inn í umræðuna hér, einhverja framtíðartrú sem þó er byggð á fortíðinni,“ segir Gísli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gísli hefur búið í Svíþjóð frá tveggja ára aldri. Það heyrist samt ekki á máli hans því hann talar lýtalausa íslensku. Þó eru tíu ár frá því hann heimsótti föðurlandið síðast og ekki hægt að segja að hann hitti vel á nú. „Ég vona að ég komi með eitthvað jákvætt inn í umræðuna hér,“ segir hann brosandi. Einhverja framtíðartrú sem þó er byggð á fortíðinni.“ *- gun*





**SNÚIÐ Á KULDABOLA** Nú er kalt úti enda styttist í fyrsta dag vetrar. Kveftíðin er í algleymingi og kuldahrollurinn hríslast eftir bakinu þegar ísköld haustrigningin lemur sér leið ofan í hálsmálið á leiðinni í vinnuna. Það getur tekið heilan dag að ná hrollinum úr en svo kemur hann aftur á leiðinni heim. Ákveðnir hlutir eru því nauðsynlegir á þessum tíma svo sem þykkt teppi, inniskór og kakó. Smeygðu þér í hnausþykka inniskó og hitaðu kakó heima. Laumaðu þér svo undir teppi og komdu ekki undan því fyrr en hrollurinn er farinn.



**Listamaðurinn Jim Lambie notar glansandi borða til að þekja gólffleti og stiga.**

# Örvar skynfærin

Skoski listamaðurinn Jim Lambie hefur frá árinu 1999 notað glansandi borða í öllum regnbogans litum til að þekja gólffleti og stiga. Úr límbandinu býr hann til regluleg en litskrúðug munstur sem breyta látlausum herbergjum í kraftmikið rými sem örvar skynfærin.

„Borðarnir skapa svo margar brúnir að þær leysast í rauninni upp og sá sem í rýminu stendur veit ekki hvort það sé að stækka eða minnka," segir Lambie, sem er tónlistarmenntaður en líkt og tónlistarbylgjur fylla innsetningar hans út í umhverfið.

Sjá nánar á www.webexhibits.org/colorart/lambie.html.



**Bekkurinn 334 er samansettur af 334 dagblöðum.**

# Endurvinnsla höfð í öndvegi

Þessi bekkur gengur undir heitinu 334 og er hluti af svokölluðu X days verkefni, þar sem endurvinnsla leikur stórt hlutverk í vöruframleiðslu. Bekkurinn, sem er eftir hönnuðinn Oscar Lhermitte, samanstendur af þremur járnstöngum sem hvorki meira né minna en 334 dagblöðum hefur verið raðað þétt ofan á. Allt að fimm manns geta setið á honum í einu og það án þess að dagblöðin séu límd saman, þótt ótrúlegt megi virðast. En í verkefninu er eftir fremsta magni reynt að forðast notkun á límí, skrúfum eða lóðmálmum. Ekki stendur til að selja 334 bekkinn heldur er honum ætlað að vera almenningi til umhugsunar um umhverfisvernd og veita honum innblástur í hvernig megi endurvinna hluti. Sjá oscarlhermitte.com.



MIRALE

# Mirale flytur

Við höfum ákveðið að minnka verslun okkar á meðan þetta samdráttarskeið gengur yfir og höfum því ákveðið að selja öll sýningar-húsgögn með **50%** **afslætti**







Við opnum nýja verslun með sömu vörumerki og sömu þjónustu í nóvember

**MIRALE**
Síðumúla 33
108 Reykjavík
sími: 517 1020

**Opið**
mán.–föstud. 11–18
laugardag 11–16
**www.mirale.is**

## Hjólbarðar




Heilsársdekk með kvartskornum. Mun betra grip en hefðbundin dekk. Umhverfisvæn og hljóðlát. Aukið öryggi í hálku og bleytu. Styttri hemlunarvegalengd. Meira öryggi í beygjum. Amerísk gæðadekk. Söluaðilar; Efnir ehf, Vesturhraun 3, Garðabær S. 555 1122 - Nýbarði Lyngási 8 - Garðabæ S. 565 8600.

Til sölu heilsárd. 255/55 R18 ek. 4þ.km . Verð 30 þ. Kosta 90þ. S. 897 4834.

4 stk nelgd vetradekk 185/65 R15 á stálfelgum undan Nissan Almera árg. '00 kr. 25þ. S. 820 9058.

Til sölu 4 nagladekk á felgum, keyrð 1 vetur. Stærð 265/75 R16. Passa undir Land Cruiser 90. V. 65 þús. Einnig til sölu nagladekk 165/70 R13. keyrð 1 vetur.passa undir Micru. V. 25þús. Sími 821 8117.

Vetrard. 225/45 R17 verð kr. 80þ. 195/65 R15 verð kr. 20þ. S. 698 3510.

## Varahlutir

Boss vél til sölu úr VW Caravella árg. '86, ek. 129 þús. Vatnskæld. Uppl. í s. 862 7039.

AT-40 38" dekk til sölu. Fullnegld á 6 gata felgum. Lítið keyrð. Kr. 150.000. Upplýs. í s: 896-8203

Varahlutir í Suzuki Vitara árg. '98 og Grand Vitara árg. '96, MMC Lancer '97 - '01 og Nissan Micra árg. '01 Uppl. í s. 692 5525.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar í VW og Skoda. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Japanskar Vélar/Bílstart, Bílapartasala**
Erum að rífa Swift '07, L200 '07, D-Max '07, Mazda Tribute '05, Captiva '05, Tucson '05, HRV '04, C3 '04, Focus C-max '04 og flestar tegundir japanskra og kóreskra bíla. Einnig VW og Opel. Opið 08-18. S. 565 3400, partasolur.is

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Hreingerningar ehf.
Sími: 868 5599
Gólfbónun - Bónleysing
Hreingerningar - Flutningsþrif
Gluggaþvottur - teppahreinsun
Reglulegar ræstingar í sameignum og fyrirtækjum.
www.hreingerningar.is

Hreingerningar ehf. S: 868 5599

Atilö
Þrif & Viðhald
Sími: 662 0 662
Flutningsþrif ★ Hreingerningar
Teppahreinsun ★ Gluggaþvottur
Reglubundin þrif fyrir fyrirtæki
★★★★★
Létt viðhald á eignum fyrir einstaklinga & fyrirtæki

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif, regluleg ræsting sameigna. Verðtilboð. Sími 512 4010. www.vy.is

## Garðyrkja

**Trjáklippingar - garðyrkja.**
**Klippi tré og runna og felli tré. Fljót og góð þjónusta. Látið fagmann vinna verkin. Jóhannes garðyrkjumeistari s. 846 8643.**







Skyggðu trén á þig í sumar? Nú er rétti tíminn að fella tré og snyrta runna fyrir veturinn. Við tökum einnig að okkur alla almenna garðvinnu, s.s. sólpalla og grindverkasmíði, hellulagnir, þökulagnir, garðslátt (já ennþá), jarðvegsskipti og svo sjáum við líka um að setja upp jólaljósin fyrir þá sem vilja aðstoð við það. Kíkið á heimasíðuna gardarbest.is og sendið póst á bjarni@gardarbest.is eða hringið í s. 698 9334 / 660 9347.




**Er garðurinn fullur af laufum?**
Tökum að okkur að hreinsa lauf úr görðum, erum með öflugar ryksugur og blásara. Einnig tökum við að okkur að klippa tré og runna. Uppl. í s. 820 7870, Ási.

Trjáfellingar, haustklippingar/þrif, alm. garðvinna. Garðyrkjufræðingur. S. 843 6680

Klippi runna, limgerði og felli tré. Önnur garðverk. Garðaþjónusta Hafþórs. S. 897 7279.

Hellulagnir, smágröfuþjónusta, drenlagnir og öll almenn lóðavinna. Vönduð og góð vinnubrögð. Erum með vörubíl með krana. SS Hellulagnir. 691 8907. Sjá nánar á www.sshellulagnir.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, framtöl, ársreikningar ofl. S. 696 3969 og á www.ulfurinn.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 896 6148.

Ódýr sandspörslun. Ódýr málningarvinna. Góð og vönduð þjónusta. TS Málun ehf. Sími 663 3393.

**Málarar Málarar**
Alhliða málningarþjónusta, hagstæð verð. Fagmennska. S. 615 2016.

**Málningarvinna**
Getum bætt við okkur innIverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896-5758

## Búslóðaflutningar

**Búslóðaflutningar**
Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Einnig aukamenn ef óskað er. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

**Búslóðaflutningar !**
Búslóða flutn., vörufl., píanó flutn. og aukamenn ef óskað er. Hvert á land sem er. Sama verð alla daga !! Uppl. í síma 555 6363.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

www.solpallar.is
Skjólveggir · sólpallar
ruslageymslur · heitir pottar
og öll almenn smíðavinna
Getum bætt við okkur verkefnum
Guðjón Rúnarsson húsasmíðameistari
☎ 898 5559
Sól Pallar ehf

fagmenn.is
5 52 53 54
Eru fagmenn að vinna fyrir þig?
Byggjum
Breytum
Bætum
Málarar - Múrarar
Rafvirkjar - Píparar
Smiðir - Hönnuðir
Húsaviðgerðir
Múrviðgerðir
Parket/Flísalagnir
Sandspörslun
Gerum tilboð þér að kostnaðarlausu !

Lítið verktakafyrirtæki í byggingariðnaði getur bætt við sig verkefnum úti sem inni.. Viðhald eða nýsmíði. Mótkarni! S. 897 8918.

Þarf að skipta um rennur eða glerja? Tilboð/tímavinna. S. 553 2171.

**parketogsmidar.is**
Parketlögn/slípun, gluggaskipti, þakviðgerðir, uppsetning á veggjum og öll almenn smíðavinna. Uppl. í s. 896 9819.

Húsasmíðameistari óskar eftir smiðum við nýsmíði og viðhald. Uppl. í s. 894 0031.

**Pípulagnir**
Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

**RemontMax ehf.**
Sérhæfa sig í að flísaleggja - sparsla - mála. Einnig viðgerðir á gömlum húsum Komum og gerum tilboð ef óskað er. S. 849 9301 - www.flisarogmalun.is

**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir - sólpallar. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

Vanir parketlagningarmenn geta bætt við sig verkefnum. Vandaður og góður frágangur. Uppl. í s. 869 3959 og í s. 896 9515.

**Húsaviðgerðir og málun**
Málum þök, skiptum um bárujárn á þökum og smávægilegar múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

**Húsaviðhald!**
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

## Tölvur

Er heimasíðan ekki að finnast á netinu ? Vönduð og ódýr vefsmíði. Galfyr Design-847-2323, galfyr@galfyr.is

## Nudd

**NUDD - PARADÍS**
Tilboð í október á líkamsnuddi, 4500.- kr. Góðir kvennuddarar. Opið 9-20 og laugardaga 10-16. Snyrti-og nuddstofan Paradís. Laugarnesvegi 82 - S. 553 1330.

**Streitulosun**
www.lifoglikami.is eða s. 866 0007.

**Exclusive tantra massage**
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Spádómar

Englaljós
S. 908 7000 & 863 1987
Tarot, miðlun, fyrirbænir.
Opið alla daga frá 12-01
VISA/EURO

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

**Símaspá 894 5100**
Bein miðlun, fyrirbænir og draumaráðningar. Opið frá kl. 21.00 - 24.00. visa/euro. Laufey spámiðill.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393

## Rafvirkjun

RAF LIST
Löggildir rafverktakar
Getum bætt við okkur allari Almennri raflagnavinnu, Nýlagnir og viðaldsvinnu.
Uppl.i s. 823-8860 & 696-0502
www.raflist.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**Eldsneytis Sparari!**
Hvirfil tæki í alla bíla & jeppa, sparnaður 7% til +27% þetta virkar! Meiri Kraftur. Verð frá 9900. -kr. 30 daga skilaréttur. SKM ehf Bíldshöfða 16. S. 517 8400 - WWW.SNJOKEDJUR.IS

Verð í kolaportinu um helgina að selja notaðan fatnað. Þú getur stútfyllt poka af góðum fatnaði fyrir 500 kr. Gengið inn um vinstri hurð á móti sjónum. Sjáumst hress.

Evrur til sölu! Nokkur þúsund evrur til sölu í reiðufé. Slest hæstbjóðanda. Áhugasamir sendið tilboð á ggkarl@hotmail.com

**SKILTAGERÐ Á ÚTSÖLU!**
Aðeins 1950 þ! góð tæki, 165sm prentari, skurðarplotter, lamineringarvél ofl. Uppl á amason.is/hugfang og s. 896 9789.

**Þvottavélar**
Til sölu yfirfarnar þvottavélar og þurrkarar. Tökum bilaðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545.

Til sölu ískápur og þvottavél, fæst fyrir lítið. Uppl. í s. 772 1223.

Til sölu spoilerkitt á Fiat Bravo. Einnig spoiler á Fiat Punto á afturhlera. S. 862 6136.

**SOS, verð að losna við:**
Bang & Olufsen sjónvarp 2ja ára, verðh. 130.000 nýtt á 1 mill. Mile þvottavél 1 árs, verðh. 50.000 kostar ný 130.000. 6 mánaða svartur tungusófi úr Natuzzi, 280/95 tunga 160, verðh. 150.000 nýr 550.000. Uppl. í síma 820 6010 Egill.

**Vandað innbú til sölu fyrir lítið!**
Eggið úr Epal, sv leður, nýr kostar ca.1.2 mill, verðh. 150.000. Borðstofuborð og 8 stólar á 100 þús., Sony Bravia 2008, 52" á 200 þús. Ofl. ofl. Uppl í síma 820 6346, Einar. Skoða öll tilboð.

## Óskast keypt

**Trésmíðavél**
Vil kaupa þykktarhefil og afréttara 30cm einsfasa. Uppl. í s. 858 7574.

Einst. móðir óskar eftir frystikistu eða skáp. Uppl. í s. 869 7200.

Óska eftir notuðu byggingartimbri 1x6. Til sölu útidyrahurðir með eikapanel, breidd ca. 90. S. 897 1327.

Vantar 5-6 tommu plastbát. Uppl. í s. 893 2179.

**Veitingatæki**
Óskum eftir veitingatækjum. Upplýsingar í síma 660 7750.

Óska eftir að kaupa notaða en nýlega Apple fartölvu. Hafðu samband í s. 690 9549.

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
- Mest lesið

## Þjónusta

AFL BINDING ehf.
JÁRNABINDINGAFÉLAG
Pantað í dag – afgreitt á morgun
Klippum og beygjum kambstál.
Framleiðum bita, körfur og súlur eftir teikningum
Sími: 772 -3200 • skrifstofa@aflbinding.is

HB-MÚR ehf.
Öll almenn múrvinna, flísalagnir, steining og mynstursteypa
Sími: 899 9701 • Sími: 691 0036 • Sími: 692 8962
Fífurimi 5 • 112 Reykjavík
brynjarolafss@yahoo.com



## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Klassískur gítarpakki frá 12.900 kr. Þjóðlagagítar frá kr. 9.900. Rafmagns Gítarpakki frá kr. 19.900. Bassag. pakki frá 29.900 kr. Trommusett frá kr. 49.900 með diskum. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri

Óska eftir gír fyrir Mitsubishi Solé bátavél K4c. Hlutföll 1:2. Upplýsingar í síma 899 1144.

## Bækur

Vantar bókina: Litli prinsinn, útgefna 1961. Elli: 893-1276.

## Til bygginga

15fm vinnuskúr á hjólum. Gott verð. Fæst í skiptum fyrir kambstál og timbur. S. 892 4624.

Óskum eftir að kaupa stoðir, vinnupalla (70cm breiða) og mót frá Doka, Peri, Rasto og Hunnebeck. Iron ehf. S. 899 5901 & 898 2601.

Ófúinn, vel byggður 25-40 fm skúr óskast. S. 892 4592, hjalli@talnet.is

Krossviður, timbur, dokar og fl. til sölu. S: 840-7273 og á www.ulfurinn.is

## Ýmislegt

Kaupi gamla mynt, einnig silfur og gullpeninga, minnispeninga, gamla peningaseðla,frímerki og póstkort. Uppl. í síma 615 2715.

## Verslun










# HEILSA

## Heilsuvörur




9 daga hreinsiprógram frá Aloe Vera NÝTT NR. 772 2885, Sigríður & Kristján

HERBALIFE VEFVERSLUN Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Líkamsrækt




## Fæðubótarefni

Herbalife vöruúrval. Pantaðu; dagamunur.is Ásta S. 891 8902. Visa/Euro. Póstsent

www.perform.is - Mesta úrval landsins af fæðubótarefnum.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Glæsilegt heilnudd. Uppl. í s. 662 0841.

**Nudd - Japanska baðið**
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. Alltaf opið. S. 823 8280

Whole body massage Telepone 841 8529.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Kennsla



Jógakennaranám með Guðjóni Bergmann hjá World Class 2009. Kynningarfundur í Laugum 21.okt. kl.20:00. Skráning og nánari upplýsingar á www.gbergmann.is

Tek að mér kennslu í stærðfræði og eðlisfræði. Hef 6 ára reynslu. S. 896 7457.

## Ökukennsla

Aðstoða við endurtökupróf og akstursmat. Kenni allan daginn alla daga. Uppl. í s. 893 4515.

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Til sölu splunkunýr sófi, ennþá í umbúðunum. 310*160*85. Tunga er hægra megin. Tilboð 185 þús. Sími 841 0265.

## Húsgagnaviðgerðir

Leysum málningu og bæs af gömlum húsgögnum, hurðum o. fl www.afsyring.is S. 897 5484 & 897 3327.

## Dýrahald

Til sölu 2 Border Collie hvolpastrákar. Báðir gráir og hvítir með blá augu. S. 820 8964



**Gullfallegir Íslenskir**
Fjárhundar(hvolpar), til sölu! Ættbókafærðir hjá HRFÍ. Námskeið fylgir með. Uppl. í síma 822 7737 Bjarkarkotsræktun. www.dif.is



Til sölu 2 Border Collie hvolpastrákar. Báðir gráir og hvítir með blá augu. Uppl. í síma 820 8954 og 820 8964.

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 bjóðum visa/euro raðgreiðslur.**

Pomeranian hvolpar til sölu. Ættbókafæðir, tilbúnir til afhendingar. Uppl. í s. 857 1696.

Mjög fallegir Chichuchua Hvolpar til sölu, heylsufsk. og Ættbók afhending 30-11. Ljúf og falleg jólagjöf sem kallar framm bros. 120.000. S. 894 3929.

Bullmastiffhvolpar, 5 vikna, til sölu. Upplýsingar í síma 770 2291, Jóhanna.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög

**Til leigu á Spáni**
Fallegt raðhús fyrir sunnan Alicante til leigu. Uppl. í síma 822 3860.

## Gisting

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Costa Brava, Playa De Aro. Valladolid og Reykjavík, sv.101 Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws & www.starplus.info

## Fyrir veiðimenn




## Tilboð




## Til sölu



# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**45 fm íbúð í Fjallalind til leigu. Innif. hiti, rafm. og net. Skiptist í rúmgott herbergi, eldhús og baðherbergi. Wc með sturtu. Laus strax. V. 83þ. á mán. 3 mánuðir fyrirfram. S. 899 3847.**

husaleiga.is

Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Leigusali auglýstu FRÍTT
Leigjandi leitaðu FRÍTT
Leiga.is
Löggild leigumiðlun
Kynntu þér þjónustu Leiga.is
Sími 534 4488

Til leigu 140 fm. skrifstofuhúsnæði miðsvæðis í Hafnarfirði: Hagstæð leiga. Einig mögulegt að leigja stök skrifstofuherbergi. Upplýsingar í síma 892 7798.

Til leigu um 200 fm. skrifstofuhúsnæði við Suðurlandsbraut í Reykjavík. Hagstæð leiga. Ennig mögulegt að leigja stök skrifstofuherbergi. Upplysingar í gsm. 892 7798.

Langtímaleiga, ný stórglæsileg 130 fm. íbúð á jarðhæð. Við elliðavatn. S. 693 7017.

30fm studio íb. á sv. 109. Laus, reykleysi og reglusemi skilyrði. Leiga 55þ m. rafm. og hita. S. 844 0541.

Til leigu 115 fm. einbýlishús í kóp. Nánari uppl. kort@internet.is og s. 892 2506.

Til leigu glæsileg 4ra herb íbúð með stórum bílskúr ca 170 fm í 112 Reykjavík Uppl. í kort@internet.is og 892 2506.

Til leigu ca. 70 fm 2ja herbergja íbúð á fyrstu hæð í fjölbýli við Hagamel í Rvk. Íbúðin leigist með húsgögnum ef áhugi er fyrir því. Íbúðin er laus. Nánari uppl. gefur Gottskálk í síma 849 9346.

Til leigu 3-4 herb. íbúð m/sérinngangi í 101 Rvk. Uppl. í s. 867 9403.

**Hafnarfjörður!**
3-4 herb. björt íbúð í N-bæ. Stutt í skóla, leikskóla og þjónustu. Með eða án húsgagna. Uppl. í s. 697 8324.

Rúmgott herbergi í 101. Aðst. Lækkað V. ca. 42.500-/mán. Trygg. S. 867 4280.

Kaupmannahöfn Til leigu 2ja herb. íbúð miðsvæðis. Netfang:takkar(hjá)visir.is

Til leigu í 105 við miðbæinn 2ja herb. íbúð, 55 fm, verð 90 þ. á mán. Uppl. í s. 858 5810.

**55 þúsund**
2ja herb. nýl. einstkl. íb. m. öllu + þv. V-bæ Kóp. Leigist aðeins reykl., skilv., & reglus. eins. S. 694 2369.

4 herb. íbúð við Kleppsveg til leigu á 130 þús. á mán. S. 897 7258 & 894 2012 & 463 1368.

65 fm 2 herb. íbúð með sérinng. í tvíbýli til leigu, Reykjanesbæ. Sér inng. 75 þ. m/hita&rafm. Laus strax eða frá og með 1. nóv. Uppl. í s. 841 7139.

3 room apartment in 107 for rent, 150.000/month. Furniture can be included. more info: finnsi@centrum.is

TIL LEIGU - Falleg og mikið endurnýjuð 2. herb. íbúð Vesturbæ. Hafið samb. í boggag@gmail.com

Til leigu snyrtileg 3ja herbergja íbúð í 107 Reykjavík Laus/langtímaleiga. Reglusamt fólk eingöngu. Uppl. í síma 892 2336.

Hæð til leigu í miðbæ Hfj. 79m2+geymsla. Björt og mjög vel staðsett. Langtímaleiga. 130.000 kr/mán. S. 863 0205.

4ra herb 112 fm björt falleg hæð í 105 við Laugardalinn, allt sér. leigð m húsg. Laus 1 nóv. S 842 5447.

101 Rvk - 2 herb. 57 fm íbúð á besta stað í 101. Laus strax, Langtímaleiga 120 þús. S. 865 5390.

2 herb. íbúð á 1. hæð í nýju fjölb. í Garðabæ. Hentar fötluðum. Bílgeymsla. S. 849 7209.

2ja herbergja íbúð í Hólahverfi til leigu frá og með 15 nóv. Um langtímaleigu er að ræða. 2ja mánaða bankaábyrgð skilyrði. Upplýsingar í síma 868 7691.

Fallegt einbýlishús til leigu í Garðabæ 1 nóv -1 mars. Húsgögn fylgja. Nánari upplýsingar veitir Soffía í s. 862 3016.

4 herb. íbúð við Njálsgötuna, langtímaleiga. Uppl. í s. 862 8431 eða arnartangi@gmail.com

105 fm. 3 herb. íbúð á svæði 112 til leigu. 1 mán. fyrirfram + trygging 130þ. Uppl. imenn@imenn.is. s. 661 5050.

3 Herbergja íbúð við Hátún til leigu. V130.þ mán. S. 848 3763.

3 herb. íbúð í efra Breiðholti til leigu. Laus strax. Fyrirfr. gr. 2 mán. Sími 663 3239.

Björt og rúmgóð 2 herb. íbúð í Teigunum 105 Rvk. til leigu. Uppl. í s. 865 6973 & 844 4919.

Rúmlega 40fm nýstandsett stúdíó íbúð til leigu á sv. 105. Leiga 98 þús. + trygging. Uppl. í s. 849 6816.

Til leigu góð, 3ja herb., 86 fm íbúð í austurbæ Kópavogs. 120 þús. á mán. með orkukostnaði og hússjóði. Með eða án húsgagna. Laus 1.11. nk. S. 895 5869.

2ja h. íbúð til leigu strax a.m.k. í eitt ár fyrir 60 ára eða eldri. Í húsinu er mötuneyti og félagsmiðstöð. Reglusemi skilyrði. Uppl. í síma 899 3122 og 693 7426.

Herbergi til leigu með sameiginlegu eldhúsi og baðherbergi. Uppl. í síma 770 6090.

Fullbúin lítil 2 herb. íbúð við Hátún í Rvk. til leigu. V. 80 þ. Hiti og rafmagn innifalið. S. 699 2522.

Þingholtin. Mjög góðar 2 og 3 herb. íbúðir í steinhúsi á annari hæð með svölum. Laus strax. Leiga 120-130 þús. á mán. S. 861 6841.

Til leigu glæsileg hæð og ris í einbýlishúsi í Breiðholti (109) með bílskúr. Nánari upplýsingar í s. 660 3025.

Herbergi til leigu með sér eldhúsi og sameiginlegu baði í skiptum fyrir þrif og aðra húshjálp. Aðeins fyrir konur, verður að vera áreiðanleg og mjög snyrtileg. Frekari uppplýsingar í síma 663 7090.

60 fm. íbúð til leigu í Hafnarfirði. Húsgögn að hluta til. Verð kr. 100.000 með hussjóði, hita og rafmagni. Uppl. í síma 892 4766.

Kópavogur í Fossvogsdalnum Falleg og björt 2 herbergja 60 fm íbúð, parket á gólfum og ljósar innréttingar, mikið útsýni, stórar svalir, sér inngangur af svölum. leiga 100 þúsund. Langtímaleiga sími 698-9160

50 fm íbúð í 101 til leigu, laus 1.nóv 10 mín gangur frá HÍ. 110 þús. á mán., með hita, rafmagni og þvottavél. Uppl. brynjulfur@hotmail.com s. 691 0616.

Nýuppgerð 4-5 herb, 103fm íbúð í 105 til leigu. 11 tölvutenglar víðsvegar í íbúð tengd ljósleiðara eða adsl. 165þ + veitur 696 3692.

Björt og vel skipulögð 4ja hb.(+) ca 128m2 íbúð í yftuhúsi. svalir, geymsla, bílskýli og góð staðsetning í við Álfkonuhvarf í Kóp. Laus! Sími 820 4410 - reynirkr@simnet.is

Eitt herb. & Eldh. til leigu v. Barónsstíg. 55 þ. á mán. + hiti og rafm. Uppl. í s. 895 5730.

Ný 112fm 4.herb íbúð á Drekavöllum í Hfj laus frá 1.nóv. Verð 130þ kr + hússj. Uppl í síma 897-6530

50 fm 2 herb. íbúð í 200 Kóp. í fjölbýli. Garður, sér inng., geymsla. M/hita og rafm. og hússj. innifalið. Mjög rólegur staður. Með eða án húsgagna. V. 115 þ. a mán. Langtímaleiga. Laus strax. S. 698 2119. e. kl. 15.

Ný og glæsileg 97fm, 3.herb íbúð á Kirkjuvöllum 9 í Hfj laus frá 1.nóv. Bílst. í kjallara fylgir. V. 130þ/m. S. 897-6530

Vantar húsnæði m. aðstöðu að þvottavél og þurrk. mínus húsg. Fljótlega. Skilvísar greiðslur. Greiðslug. 50 þús. Uppl. á Fax@visir.is

Gistiheimili langtímaleiga Funahöfða 110 Rvk. / Dalshraun 220 Hfj. S. 824 4530.

## Húsnæði óskast

vantar 2-3 herb. íbúð 60 til 70fm á sanngjörnu verði. Pottþéttar greiðslur. tilb sendist til - bte@visir.is

Vantar húsnæði m/aðstöðu, þvottav. og þurrk. - húsg. Fljótlega. Skilvísar greiðslur. Greiðslug. 50 þús. Uppl. á Fax@visir.is

## Sumarbústaðir



Til sölu í Grímsnesi glæsilegt 87fm. sumarhús á 7000fm. eignarlóð í landi Ásgarðs ca. 45mín. frá Rvk. Tilbúið til klæðn. að innan fullbúið að utan. Uppl. í s. 770 0309.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 60 fm iðnaðarhúsnæði við Dalshraun Hafnarf. S. 868 1451.

## Geymsluhúsnæði

**Geymsluhúsnæði**
Fyrir tjaldvagna og hjólhýsi ofl. Uppl. í síma 770 5144.

Nú er allt að fyllast í geymslum okkar í Hveragerði. En getum bætt við okkur nokkrum tjaldsvögnum, fellihýsum, hjólhýsum, húsbílum og bátum í vetrargeymslu. Steypt og einangrað hús. Tökum á móti tækjum á laugardag og sunnudag milli 10 - 16. S3 ehf Kvíarhól. S 856 1848.

**Nú fer hver að verða síðastur !**
Upphituð rými f. fellihýsi, tjaldv. hjólh. bátar ofl. í Borgarfirði. Gott verð. S. 663 2130.

Upphitað húsnæði á höfuðborgarsv fyrir tjaldv,felli-og hjólhýsi. Uppl í 8939777

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Bílskúr

**Góð fjárfesting**
Til sölu 61 fm. tvöfaldur bílskúr á góðum stað. 1.200 þús. kr. leigusamningur getur fylgt. Uppl. í s. 694 9440 (vextir og sparufé fer lækkandi).

**Bílskúr til leigu í Fljótaseli - Seljahverfi.**
**25 fm með hurðaopnara og stóru geymslulofti, vinnuborð með vaski er til staðar. 35.000 á mánuði.**
**Upplýsingar í síma 699 4997.**

## Gisting

**Gisting í Kaupmannahöf**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum, skammtímaleiga. Nánari uppl. í s. 822-7303, 891-8612, +45 27111038 eða annalilja@stracta.com.

Gisting í Köben.Stúdióíbúðir jonasis@mail.dk. www.sitecenter.dk/jonaso Sími+4531106412

# ATVINNA

## Atvinna í boði

háfell Við lifum á jörðinni!

Háfell óskar eftir vönum hefilmanni. Einungis menn með reynslu koma til greina. Upplýsingar veitir mannauðsstjóri í síma 575 9500. Umsóknareyðublöð má einnig finna á heimasíðu Háfells; www.hafell.is

starf.is

Óskum eftir að ráða rafvirkja/mann vanann raflögnum í viðhalds og þjónustudeild. Jón og Gunni rafverktakar s. 897 4585.

Vantar 2 smiði, helst vana klæðningum. Upplýsingar gefur Jón í síma 894 3343 Netfang: jon@jonogsalvar.is

Yfirvélstjóra vanta á tæplega 200 sem getur bryjað stax. Einnig vantar vélstjóra á 80 tonna netabát sem þarf að gera bryjað fljótlega. S. 892 5522.

Óska eftir að ráða verkstæðismann, vanann vinnuvélum og vörubílum. Uppl. í s. 896 3840.

Viltu vinna þér inn pening á auðveldan máta?Gott með skóla eða sem aukavinna Uplýsingar gefur Jóhanna í s:6162059

Skátaforingi óskast! Skátafélagið Segull í Breiðholti óskar eftir að ráða starfskraft í hlutastarf seinnipart dags. Viðkomandi þarf að vera eldri en tuttugu ára og þarf að geta unnið sjálfstætt. Nánari upplýsingar fást hjá Helga í síma 5509800 eða á netfangið ssr@skatar.is umsóknir ásamt ferilsskrá sendist á sama netfang fyrir 23 október n.k.

Veitingahús í Hfj. óskar eftir þjóni öll virk hádegi, 2 virk kvöld og aðra hvora helgi. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 822 5229.

**Spennandi upptökur óskast**
Rauða Torgið vill kaupa spennandi hljóðritanir kvenna, 18 ára og eldri. Nánari uppl. á vef okkar, www.raudatorgid.is

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

Duglegur 24 ára kk frá Litháen m.meirapróf, getur lagt millivegi og er málari. Skilur ensku. Allt kemur til greina. S. 892 9295.

Vanur smiður óskar eftir verkefnum. Uppl. í s. 848 6904.

36 ára húsasmiður óskar eftir atvinnu. Hef víðtæka reynslu, ýmislegt kemur til greina. Uppl. í síma 868 5752.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Tapast hefur giftingarhringur breiður með nafninu Sigurður innan í. S:5538410 og 5880071

## Tilkynningar

SELT.IS

Bjóddu upp dótið þitt. selt.is Uppboðs- og auglýsingavefur.

## Einkamál

**Ung og myndarleg**
kona leitar kynna við eldri karlmann með tilbreytingu í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (kreditkort), augl. nr. 8156.

**908 6666 Bláa línan**
**Halló, ég er 26 ára gömul og er utan af landi. Mig langar að vita hvað þú getur kennt mér. Hef ekki mikla reynslu en langar að heyra í þér. Er við símann, enginn símsvari, engar tafir. Opið allan sólarhringinn. Öll stærstu símafyrirtækin ná í gegn.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Glæný upptaka!**
Hér er ung kona á ferð, logandi heit - og það er spurning hvort hún sé ein... Upptakan er hjá Sögum Rauða Torgsins, s. 905 2002 (símatorg) og 535 9930 (kreditkort), upptökunr. 8777.

Reglusamur og heiðarlegur maður óskar eftir að kynnast reglusamri og heiðarlegri konu 55-65 ára með ýmis áhugamál, leikhús, ferðalög ofl. Er með allt á hreinu. Svör sendist FBL á smaar@frett.is f. 24 okt merkt „reglusamur"

**908 6969 símatorg**
Hæ ég er 22 ára ljóshærð, grönn og sæt ég hef ekki mikla reynslu, langar þig að kenna mér eitthvað í kvöld? Ég er pínu feimin en ég treysti þér. Enginn símsvari og engar tafir.


Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið


## Fundir / Mannfagnaður

EFLING
Stendur með þér!

### Efling - stéttarfélag

Félagsfundur verður haldinn miðvikudaginn 22. október 2008. Fundurinn verður haldinn í sal Gullteigi B á Grand Hótel Reykjavík og hefst kl. 18.00.

**Dagskrá:**

1. Félagsmál
2. Áhrif breytinga á fjármálamörkuðum
3. Staða samninga við Reykjavíkurborg og samningar við sveitarfélög

Félagar. Mætum vel og stundvíslega.
Stjórn - Eflingar stéttarfélags

## Tilkynningar

# Auglýsing um skipulag í Kópavogi.

**Skipulags- og umhverfissvið**

### Rjúpnahæð - vesturhluti, Austurkór 76-92, breytt deiliskipulag. 0806258

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga f.h. lóðarhafa að breyttu deiliskipulagi á lóðunum nr. 76, 78, 80, 82, 84, 86, 88, 90 og 92 við Austurkór. Almennt er vísað í deiliskipulag fyrir Rjúpnahæð - vesturhluta sem samþykkt var í bæjarráði Kópavogs þann 13. mars 2007. Í tillögunni felst að í stað fjögurra íbúða í hverju húsi, verði íbúðirnar 6. Byggingarreitir og byggingarmagn breytist ekki. Bílastæðum fjölgar um 4 í hverju húsi eða 36 stæði í heildina.

Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 dags. 9. nóvember 2008. Nánar vísast til kynningargagna.

Tillögurnar verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00 frá 21. október 2008 til 18. nóvember 2008. Einnig má sjá tillögunar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 2. desember 2008. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

**Skipulagsstjóri Kópavogs**

átt og byggja upp fleiri minni stoðir. En um leið og ég segi þetta geri ég ekki lítið úr því að við þurfum að bjarga því atvinnulífi sem hér er núna og þá sérstaklega útflutningsgreinunum.

Við þurfum að horfa á það sem við höfum og við eigum orkuna og við eigum margt vel menntað fólk. Svo held ég að ferðamannaþjónustan hafi aldrei átt meiri möguleika því í fyrsta sinn er ekki svakalega dýrt að koma til Íslands og við ættum að nýta okkur það.

Ég trúi að seigla Íslendinga sé þess eðlis að hún geti komið okkur í gegnum þetta en það verður ekki gert nema við tökum höndum saman enn betur en við gerum núna.

**Sigríður:** Eftir standa atvinnuvegirnir og tiltölulega vel menntuð þjóð og nú eigum við að stíla inn á menntun og frumkvæði. Það má alls ekki leita að einhverjum heildarlausnum heldur þarf að horfa til marg- og fjölbreytileika. Varast ber einsleitni. Við höfum haft kapítalisma sem hefur í fjármálakerfinu þróast út í rányrkjukapítalisma sem hefur nýst fáum en komið niður á mörgum. Nú þarf að taka upp kapítalisma sem græðir í tvöfaldri merkingu orðsins; er ábatasamur og græðir þau mein sem hafa þjakað samfélagið.

**Halla:** Ég tek undir þetta, það verður víðari skilgreining á arðsemi. Það er ýmislegt gott í gangi og ég segi stundum að nú ríki ákveðinn kreppukærleikur sem er að mörgu leyti jákvætt. En Ísland verður ekki byggt upp á ný með skammtímalausnum.

**Finnur:** Þegar búið er að koma á stöðugleika – og ég er algjörlega viss um að það tekst – þá hef ég óbilandi trú á fólkinu sem hér býr. Ef við búum til jarðveg eða umhverfi þar sem fólk fær að njóta sín, þar sem ríkir frelsi til að grípa tækifærin og gera eitthvað með þau, þá munum við horfa fram á miklu bjartari framtíð. Það er hins vegar ómögulegt að segja hver þessi framtíð verður vegna þess að ég held að hugmyndaflugið sem býr í okkur sé miklu meira en svo að við hér við þetta borð getum sagt til um framhaldið. Tækifærin liggja klárlega í tengslum við menntastarf, orkuna, sjávarútveginn og ferðaþjónustuna og eitthvað nýtt mun spretta upp í þeim greinum. En eitthvað, sem við getum ekki gert okkur í hugarlund, mun líka spretta upp. Þess vegna þarf að búa til jarðveg svo það geti orðið.

**Halla:** Af því að við höfum alltaf hugsað í skammtímalausnum þá hef ég áhyggjur af því að orkan verði notuð í þann eina farveg sem við höfum fundið og það eru álver. Þau eru góð og gild og hafa hjálpað okkur mikið en hugsið ykkur ef orkan væri í boði fyrir alla á sama verði og álfyrirtæki fá hana á. Margir gætu komið með frábærar hugmyndir um hvernig nýta mætti orkuna.

**Guðni:** Við ætlum að byggja nýja Ísland og ég held að á Nýja-Íslandi verði að vera ný hugsun. Ráðamenn og við flest höfum lofsungið eða lagt áherslu á gildi á borð við; við þorum þegar aðrir hika og við tökum ákvarðanir hratt þegar aðrir þurfa að bíða. Nú þarf að leggja áherslu á aðra þætti í þjóðarsálinni og það eru ráðdeild, hógværð og lítillæti. Ég vona að í næsta áramótaávarpi leggi forsetinn áherslu á þessa þætti hins íslenska bónda. Bóndans sem hugaði að sínu og hugsaði um sitt. Svo fékk hann gest frá útlöndum og sá komst að því að þessi bóndi kunni latínu og hafði heimsbókmenntirnar í betri stofunni. En hann flaggaði því ekki og rasaði ekki um ráð fram.

Ráðdeild og hógværð verða vonandi lykilorðin í Nýja-Íslandi. Auðvitað er gott að bera höfuðið hátt en ekki svo hátt að það rigni upp í nefið á okkur.

**Halla:** Ég svo sammála en ég vona að við missum ekki kjarkinn, þorið og áræðnina þó við þurfum að nýta aðra eiginleika líka. Við þurfum verulegan kjark til að takast á við þetta risastóra verkefni sem við stöndum frammi fyrir og það þurfum við að gera öll saman og hugsa um heildina.

**Björn:** Er vænlegt og líklegt að nú verði gefinn afsláttur af lögum og reglum til dæmis um umhverfismat, samkeppnissjónarmið og annað í þeim dúr?

**Ásgeir:** Hvað varðar samkeppnissjónarmið í bankarekstri þá liggur fyrir að um leið og krónan fer skapast miklu meiri möguleikar á sameiningu banka. Grundvöllur fyrir verðmyndun á krónunni var að hafa bankana þrjá sem voru á millibankamarkaði til þess að mynda verð á krónunni. Þegar evran kemur hverfur sú þörf og um leið skapast grundvöllur fyrir aukinni samkeppni að utan.

Ég er ekki hrifinn af að slaka á kröfum varðandi umhverfismálin en aðalmálið nú er að stöðva mögulegt niðursog í kerfinu þegar neysla og fjárfesting minnka mjög hratt og lágmarka tjónið í efnahagslífinu. Í því samhengi verðum við að taka ákvarðanir með hagsmuni þjóðarinnar í huga.

**Sigríður:** Það er fráleitt að ætla sér að slaka á kröfum meðan við erum að byggja nýtt Ísland og ég efast um að álfyrirtækin gætu unað við slíkt. Ég óttast álverslausnir vegna þess að bæði erum við með það menntaða þjóð að við eigum ekki að þurfa á þeim að halda og við ættum að nýta orkuna á margbreytilegri hátt. Auk þess eigum við ekki álfyrirtækin og peningarnir fara úr landi.

Guðni: Álfyrirtækin greiða háa skatta.

**Björn:** Og skapa störf.

**Sigríður:** Já, en aðallega á landsbyggðinni. Það eru þremur þúsundum færri konur á landsbyggðinni en karlar og þar vantar störf fyrir menntaðar konur. Þar sem konur eru þar þrífst líf. Við verðum að hugsa þetta í stærra samhengi og náttúran er til lengri tíma litið stóra kapítalið okkar.

Gömul indjánaviska segir að við eigum að hugsa um sjö kynslóðir. Þrjár kynslóðir fyrir aftan okkur og næstu þrjár kynslóðir. Að þessu verðum við að huga og við megum ekki færa skuldir yfir á næstu kynslóð. Okkar kynslóð stendur frammi fyrir því ofboðslega verkefni að sjá til þess að börnin okkar geti eignast eitthvað og við megum ekki ganga á landið og náttúruna.



Þetta voru sjálftökumenn. Launin þeirra voru komin úr hófi, þetta var komið út í algjört rugl og við og næsta kynslóð eigum að borga reikninginn.

**SIGRÍÐUR ÞORGEIRSDÓTTIR**



Ég vona að við Íslendingar höfum auðmýkt og vit til að leita til færustu aðila og okkur vitrara fólks.

**HALLA TÓMASDÓTTIR**


# RÝMINGARSALA Í BOHEMIA

Á GENGI SÍÐASTA ÁRS

Nú rýmum við til fyrir nýjum vörum
tryggðu þér afar hagstæð verð!

**Húsgögn..................amk. 30% afsláttur**
Verðdæmi: borðstofuborð 200x100cm eik/hnota og 6 stólar...verð 99.000,-
(verð áður 146.400,-)

**Garðhúsgögn viðhaldsfrí .....50% afsláttur**
Verðdæmi: borð 80x80 og tveir stólar.................................verð 23.900,-
(verð áður 47.800,-)

**Stólar og sófar............20-50% afsláttur**
Verðdæmi: hægindastóll - leður.........................................verð 39.000,-
(verð áður 89.000,-)

**Vínkælar, nuddpottar og uppþvottavélar.......20-50% afsláttur**

Bjóðum staðgreiðslulán í allt að 36 mánuði - fyrsti gjalddagi í janúar 2009



BOHEMIA

Bohemia - Akralind 4 - sími: 5442290 - www.bohemia.is - bohemia@bohemia.is
Afgreiðslutími virka daga 10-18 laugardaga 11-16 og sunnudaga 13-16

# Rýnum í hvern einasta eyri

Ótalmargar fjölskyldur hafa notið góðs af starfi **Mæðrastyrksnefndar** sem fagnar áttatíu ára afmæli í ár. Sjálfboðaliðar kepptust við að undirbúa úthlutun daginn sem *Sigríður Björg Tómasdóttir* leit við í heimsókn í húsnæði nefndarinnar.

Það er hefðbundinn miðvikudagur daginn sem blaðamaður bankar upp á í Hátúni 12 þar sem Mæðrastyrksnefnd er til húsa. Sjálfboðaliðar, allt konur, eru í óða önn að ganga frá matarskömmtum þannig að hann sé hæfilegur fyrir skjólstæðinga nefndarinnar. Húsið opnar klukkan tvö og þá á allt að vera tilbúið. „Sjáðu, við fengum tonn af eggjum gefins frá Vallá, alveg óvænt,“ segir Ragnhildur G. Guðmundsdóttir formaður sem tekur á móti gestinum. Tonn af eggjum er ekkert smáræði og það þarf hröð handtök til þess að koma þeim fyrir í eggjabökkum, jafn gott að nokkrir sjálfboðaliðar eru mættir á staðinn. „Við erum alveg óskaplega þakklátar þegar við fáum svona gjöf,“ Segir Ragnhildur og undir það taka félagar hennar sem mættar eru á staðinn. Skipulagið er fumlaust, enda segjast þær vanar að vinna saman, fljótar að undirbúa og ganga frá.

Húsnæði Mæðrastyrksnefndar við Hátún er ekki stórt en þar kennir ýmissa grasa og skipulagið er gott. Á borði nokkru miðsvæðis er matur í hrúgum sem eftir á að koma fyrir. Í hillum á veggjunum er fatnaður, skipulagður eftir kynjum og aldurshópum. “Við förum vandlega yfir allan fatnað sem okkur berst og höfum ekkert hér nema það sé heilt og vel með farið og að sjálfsögðu hreint.“ Ragnhildur bendir á flíkurnar í skipulögðum röðum og blaðamanni verður fullljóst að hér er vel að málum staðið.

Fleiri konur tínast inn. „Við erum allar sjálfboðaliðar,“ segir Ragnhildur. „Nema einn starfsmaður í hálfu starfi sem sér um bókhaldið og það utanumhald.“ Og það er mikil nákvæmisvinna, fara þarf vel með peningana sem safnast. „Þetta er hálfgert eldhúsbuddubókhald hjá okkur, við rýnum í hvern einasta eyri og erum mjög sparsamar.“

### Söfnun á haustin

Peninga til rekstursins fær Mæðrastyrksnefnd frá velunnurum víða að. Á haustin sendir nefndin frá sér bréf til fyrirtækja og einstaklinga, en einnig hringja konurnar í fólk sem þær vita að geta látið fé af hendi rakna til góðs málefnis. „Við söfnum peningi á haustin og svo verður hann að duga næsta árið. Við vitum því alltaf nákvæmlega hverju við megum eyða í viku hverri. Við skuldum engum neitt og gerum allt upp með mikilli nákvæmni.“

Þrátt fyrir góðæri undanfarinna ára hefur alltaf verið fjöldinn allur af fólki sem þiggur hjálp frá Mæðrastyrksnefnd. Hópurinn er margleitur að sögn Ragnhildar og Guðlaugar J. Aðalsteinsdóttur varaformanns. „Tveir þriðju eru konur og um einn þriðji karlar. Konurnar eru margar einstæðar mæður með nokkur börn, sem hreinlega ná ekki endum saman í mánuðinum. Svo fáum við öryrkja til okkar, ellilífeyrisþega. Útlendingum hefur líka fjölgað undanfarin ár.“ Þeir síðastnefndu eru líka fjölbreytilegur hópur, í sumum tilfellum mjög einangraður. „Við sjáum það stundum að erlendar konur giftar íslenskum mönnum sem hingað koma eru einangraðar og hitta hér fyrir félaga sína.“

Stöðug fjölgun hefur verið á skjólstæðingum Mæðrastyrksnefndar undanfarið ár og koma nú um 150 til 220 manns til nefndarinnar í viku hverri, flestir undir lok mánaðar. „Okkur fannst merkilegt í því allsnægtarsamfélagi sem var hér í fyrra að gestum okkar fjölgaði,“ segir Ragnhildur sem segir skýringa að leita í því að fyrir ári síðan hafi vöruverð tekið að hækka hægt og bítandi: „En launin dugðu ekki fyrir hækkuninni.

Fyrir utan matar- og fataúthlutanir hefur Mæðrastyrksnefndin veitt fermingarstyrki og styrkt börn til dvalar í sumarbúðum. „Við veitum alltaf styrki í formi gjafabréfa, aldrei peningastyrki.“ Mesta törn ársins er svo fyrir jólin þegar mikill handagangur er í öskjunni við úthlutanir. En það eru ekki bara þeir sem vantar aðstoð sem mæta í Mæðrastyrksnefnd fyrir jólin, ýmsir láta þá einnig fé af hendi rakna. „Við fengum til dæmis hjón með sitthvort umslagið í heimsókn í fyrra, í hvoru umslagi voru fimmtíu þúsund krónur sem þau ákváðu að gefa okkur og sleppa jólagjöfunum hvort til annars í staðinn. Við fáum líka alltaf milljón frá einum manni fyrir jól, hann gefur þetta án þess að vilja láta á því bera,“ segir Guðlaug og þær Ragnhildur segja velunnara nefndarinnar vera fjölmarga.

### Friðhelgi skjólstæðinganna

Skjólstæðingar Mæðrastyrksnefndar fá líka að vera í friði. „Við viljum ekki að hér sé verið að mynda og taka viðtöl við fólk, það á sinn rétt á einkalífi,“ segja þær Ragnhildur og Guðlaug.

Spurðar hvort þær hafi orðið varar við áhrif kreppunnar kemur í ljós að fjöldinn hefur verið heldur meiri við úthlutanir í upphafi októbermánaðar en vaninn er fyrri hluta mánaðar. „Við tölum annars um gesti hér,“ segir Ragnhildur. „Við erum svolitlir sérviskupúkar, en orðin skipta máli, hér eins og annars staðar.“

Gestir nefndarinnar eru iðulega margir hverjir mættir talsvert áður en dyrum er lokið upp og úthlutun hefst. Þeir taka sér númer þegar inn er komið, konurnar í nefndinni vilja hafa gott skipulag á hlutunum. Viðkomandi fær matarpoka í samræmi við fjölskyldustærð og fylgst er með því að hver fái föt eftir þörfum en hamstri ekki að óþörfu.

Í pokana fara kartöflur, brauð, mjólk, pasta og þennan daginn líka egg eins og áður var getið. „Matinn kaupum við sjálfar, og alltaf með afslætti get ég sagt þér. Við pössum auðvitað alltaf að hann sé ekki útrunninn og í góðu lagi. Og við eigum alltaf nóg handa þeim sem mæta.“

Skjólstæðingar nefndarinnar eru flestir friðsemdarfólk en til að tryggja að allt fari vel fram hafa undanfarið menn frá Securitas verið með þeim við úthlutun. „Við förum ekki varhluta af aukinni eiturlyfjaneyslu hér og það kom fyrir að hingað mættu menn í annarlegu ástandi. Til að tryggja að ekkert færi úr böndunum fengum við styrki frá Reykjavíkurborg til þess að hafa verði hér og það hefur reynst mjög vel. Þeir koma alltaf tímanlega og aðstoða okkur. Svo eru þeir mjög hjálplegir við að aðstoða skjólstæðinga sem eiga erfitt með að bera vörur.“

Talið berst aftur að söfnuninni sem fram undan er. Hún hefur gengið mjög vel undanfarin ár, en því er ekki að neita að Ragnhildur og félagar hennar eru eilítið uggandi þetta árið. Efnahagskreppan sem ríður yfir landið gæti hert tök landans á buddunni með þeim afleiðingum að minna rynni til þeirra þurfandi eru. „En við vitum ekkert um það, við verðum bara að vona hið besta.“



**ÞAKKLÁTAR FYRIR GÓÐAN STUÐNING** Anna Kristjánsdóttir, Aðalheiður Frantzdóttir, Brynja Guðmundsdóttir og Ingibjörg Helgadóttir voru hæstánægðar með rausnarlega eggjagjöf sem kom gestum Mæðrastyrksnefndar afar vel. Fréttablaðið/GVA



**ERU BJARTSÝNAR** Guðlaug J. Aðalsteinsdóttir og Ragnhildur G. Guðmundsdóttir vonast eftir góðum stuðningi.



**VIÐ MATARBORÐIÐ** Sigurlaug E. Jóhannesdóttir og Margrét K. Sigurðardóttir fara yfir matarbirgðirnar.

### ➜ MÆÐRASTYRKSNEFND 80 ÁRA

- Árið 1928 var Mæðrastyrksnefnd sett á laggirnar. Hvatinn að stofnun nefndarinnar var hörmulegt sjóslys þegar togarinn Jón forseti strandaði út af Stafnesi. Fimmtán skipverjar drukknuðu en tíu komust af. Þá var hugur almennings opinn fyrir því að koma ekkjum og föðurlausum börnum til hjálpar. Hinn 20. apríl 1928 komu 22 konur, fulltrúar frá 10 kvenfélögum, saman á fund að Kirkjutorgi 4 í Reykjavík og var Mæðrastyrksnefndin stofnuð á þeim fundi.
- Laufey Valdimarsdóttir var kjörin fyrsti formaður nefndarinnar.
- Eitt fyrsta verkefni nefndarinnar var að vinna að því að allar einstæðar mæður, ekkjur, ógiftar og fráskildar, fengju rétt til að fá greidd meðlög með börnum sínum. Jafnframt var unnið að því að þær fengju mæðralaun sem nægðu til að tryggja afkomu heimilanna.
- Árið 1939 var nefndin endurskipulögð og gerð að sjálfstæðri stofnun. Er nefndin nú samstarfsverkefni 8 kvenfélaga sem eru: Kvenréttindafélag Íslands, Hvítabandið, Hvöt, Félag sjálfstæðiskvenna, Félag háskólakvenna, Kvenfélag framsóknarkvenna, Kvenfélag Alþýðuflokksins, Thorvaldsensfélagið og Húsmæðrafélag Reykjavíkur.
- Úthlutun nefndarinnar byggist því mest á því sem einstaklingar og fyrirtæki gefa. Á haustin er aðalsöfnunartími nefndarinnar þótt hún taki auðvitað við framlögum allt árið. Send eru bréf til fyrirtækja og einstaklinga og óskað eftir framlögum.
- Á miðvikudögum milli tvö og fimm er mat og fötum úthlutað í húsnæði nefndarinnar að Hátúni 12. Milli 170 og 220 manns koma þangað í hverri viku og eykst fjöldinn er líða tekur á mánuðinn.

### Fjölbreyttur hópur leitar aðstoðar hjá Mæðrastyrksnefnd í viku hverri*




*Dæmin eru tilbúin en byggð á reynslu nefndarinnar

# SÚPERHOT SEX
## Glæpsamlega heit

**Alveg ókeypis líkamsrækt**




**Súpersex var bara byrjunin. Nú færir kynlífsgúrúinn Tracey Cox okkur SúperHOT Sex – þar sem dirfskan er færð upp um fjóra erótíska gíra.**

**Nýjar aðferðir – Eldfimt umfjöllunarefni – Sjóðheitar ljósmyndir**

**Færðu kynlífið í nýjar víddir á öruggan, ábyrgan og skemmtilegan hátt.**

eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*



**SYNGUR Í HAMRAHLÍÐARKÓRNUM** Unnsteinn Manuel Stefánsson, söngvari Retro Stefson, hefði viljað læra aðeins meira á píanó. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Gaman í Austurbæjarskóla

Meðlimir hljómsveitarinnar Retro Stefson eru ungir að árum en hafa vakið verðskuldaða athygli sökum mikils hressleika og stuðs á sviði, nú síðast á Iceland Airwaves-hátíðinni. *Anna Margrét Björnsson* tók forsprakka hljómsveitarinnar, **Unnstein Manuel Stefánsson** í þriðju gráðu yfirheyrslu.

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**FULLT NAFN:** Unnsteinn Manuel Stefánsson Kemp II

**STARFSFERILL Í HNOTSKURN:** Störf fyrir ÍTR, á Smíðavöllum, að leiðbeina fjöllistahóp eða í Skapandi sumarstarfi hjá Hinu húsinu,nemi í MH, söngvari í hljómsveitinni Retro Stefson.

**FÆÐINGARÁR OG HVAÐ GERÐIST MARKVERÐAST Á ÞVÍ ÁRI:** 1990. Hubble-sjónaukinn og Nelson Mandela áttu gott ár, auk þess sem að Þýskaland var sameinað.

**Hvenær varstu hamingjusamastur?** Í sumar um það leyti sem að við vorum að taka upp plötuna okkar. Þá voruð við að flakka milli Mosfellsbæjar og Reykjavíkur til þess að taka upp í góðu umhverfi. Auk þess sem að einkalífið var í góðu jafnvægi.

**Ef þú værir ekki tónlistarmaður hvað myndirðu þá vera?** Kvikmyndagerðarmaður!

**Hvað er það dýrasta sem þú hefur nokkurn tíma keypt þér?** Líklega tölvan mín, rándýrt tól en jafnframt frábært atvinnutæki. Og áður en ég keypti tölvuna hafði ég aldrei keypt neitt sem kostaði meira en ágætisljósmyndavél. En maður verður þó að muna að það dýrasta sem maður á er heilsan, hvort sem það er andleg eða líkamleg heilsa, því það getur reynst erfitt að kaupa hana til baka skyldi hún hverfa.

**Hvað er það versta sem nokkur hefur sagt við þig?** Ég reyni oftast að gleyma því neikvæða en það er eflaust eitthvert rasista-komment sem maður hefur fengið í gegnum tíðina.

**Ef þú byggir ekki í Reykjavík hvar myndirðu vilja búa?** Ísafirði, Brasilíu eða New York.

**Uppáhaldshljómsveit allra tíma og af hverju?** Erfið spurning, en (chk chk chk) komust ansi nærri því á Airwaves í fyrra með sturluðum tónleikum á Nasa.

**Draumahelgin þín í einni setningu?** Kórpartý, tónleikar og engin heimavinna.

**Hvert er versta starf sem þú hefur nokkurn tíman gegnt?** Ég veit ekki alveg hvað versta starfið er en leiðinlegast var þó þegar ég var einu sinni að selja Dagblaðið á Laugaveginum, entist þó bara í tvo daga enda var ég lítill og latur.

**Uppáhaldsstaðurinn þinn á jörðinni?** Það er mjög gaman í Austurbæjarskóla, sértstaklega á efstu hæðinni þar sem er félagsmiðstöð og hljómsveitin mín æfði þar líka stundum.

**Hvers konar tónlist hefur mest áhrif á þig og hvaða lag ertu að hlusta mest á í dag?** Í dag er ég aðeins að hlusta á Hercules & Love Affair frá New York og svo var ég að fá í hendurnar nýju Reykjavík! og FM Belfast plöturnar sem eru mjög góðar, en danstónlist hefur mikil áhrif á mig ásamt eiginlega bara allri tónlist sem hreyfir við fólki.

**Ef að þú ættir tímavél, hvert myndirðu fara og af hverju?** Ég er búinn að vera að spá í það í nokkurn tíma hvernig fólk mun klæða sig í framtíðinni, eftir til dæmis 20 ár og aðallega langar mig að sjá hvernig buxnasnið verða vinsælust ef buxur verða þá í tísku.

**Er eitthvað sem heldur fyrri þér vöku á nóttunni?** Já, netið hefur valdið mér ómældu svefnleysi undanfarin 10 ár og ég sé ekki fram á að það breytist í bráð.

**Ef þú gætir breytt einhverju í fortíð þinni, hvað myndi það vera?** Ég hefði viljað læra aðeins meira á píanó, og jafnvel læra á eitthvert tréblásturshljóðfæri.

**Hvenær fékkstu síðast hláturskast?** Þegar Þórður vinur minn óskaði Pétri Ben til hamingju með Mezzoforte, þá var hann að rugla honum saman við Gulla Briem.

**Áttu þér einhverja leynda nautn?** Þó skömm sé frá að segja finnst mér stundum gaman að hlusta á „ofur-framleidda“ tónlist sem er hreinlega dælt ofan í mann á Popp-Tíví eða álíka sjónvarpsstöðvum, sérstaklega þó hljómsveitina Fall Out Boy.

**Uppáhaldsbókin þessa stundina?** Ég var að klára að lesa Afleggjarann eftir Auði Övu Ólafsdóttur, hún er alveg frábær.

**Hvaða núlifandi manneskju lítur þú mest upp til?** Það hafa fáir heyrt um hann en angólski barítónsöngvarinn Uni Deo er stórkostlegur listamaður en jafnframt mikill baráttumaður fyrir jafrétti, hvort sem það er stétta-, kynþátta- eða kynjajafnrétti. Reynið að „googla“ hann og þið munuð finna litlar sem engar upplýsingar.

**En hvaða núlifandi manneskju þolirðu ekki?** Æ, allar þessar útbrunnu slúðurpressu-drottningar, Paris Hilton, Lindsay Lohan og Amy Winehouse, sú síðastnefnda er engu að síður frábær söngkona.

**Uppáhaldsorðið þitt?** Senseni.

**Hvaða eitt atriði myndi fullkomna lífsgæði þín?** Ástin, hvolpar undan Lunu og heimssókn listagyðjunnar.

**Hvaða lagi verður þú að taka cover af áður en þú deyrð?** Í bláum skugga eftir Stuðmenn.

**Hver verða þín frægu hinstu orð?** „Life!“ eða þá einhver álíka klisja og „Takk“.

**Hvað er næst á dagskrá?** Í byrjun nóvember eru útgáfutónleikar í kjölfar plötunnar minnar Montaña sem kom út á dögunum, um miðjan nóvember fer ég svo með Hamrahlíðarkórnum til Frakklands að syngja tenór-röddina á mörgum flottum stöðum úti.

## MÆLISTIKAN

### Á uppleið

**Rokk og ról.** Snilldarbragð að halda Airwaves rétt eftir einar verstu vikur Íslandssögunnar. Ekkert betra til að gleyma sorgum okkar en öskrandi gítar beint í haus.

**Brennivín í kók.** Nú er tími Mojito og Corona liðinn og ekki úr vegi að rifja upp drykkjusiði forfeðra okkar.



**Rómantík.** Allir jafnir. Engir sveittir pungar veifandi lyklunum að einkaþotunni til að lokka meyjarnar. Nú reynir á persónuleikann og hver veit? Kannski bíður blankur bankamaður/kona með hjarta úr gulli handan við hornið?





**Lifur.** Holl og kostar nánast ekki neitt og sumum finnst hún algert lostæti þegar hún er elduð á réttan máta. Sumum.

**Miðbæjarrölt.** Borgin er full af sætum útlendingum í Airwaves-hugleiðingum. Hvers vegna ekki að fara í betri kápuna, rölta um með daðurauga og láta bjóða sér í glas. Hver veit hvar maður mun dansa jólin 2008?

### Á niðurleið



**Útlönd.** Allt á þreföldu verði, hrækt á mann á veitingastöðum og maður er hrakinn út af hótelum. Helgarferðir verða innanlands í vetur.

**Tækifærissinnar.** Nú hoppa upp bloggarar hver á fætur öðrum. Meira að segja virtir fjölmiðlamenn gera hvað þeir geta til að æsa upp lýðinn. Hvar voru þeir í góðærinu? Jú, takandi drottningarviðtöl við auðmennina og taka myndir af Range Roverum.



**„High maintenance“-útlitið.** Galtómt á hárgreiðslustofum og snyrtistofum á þessum síðustu og verstu. Núna verður fyrst ljóst hverjir eru náttúrulega fallegir og hverjir ekki.

**Merkjasnobb.** Aldrei hefur verið hallærislega að flassa Gucci, Prada eða Louis Vuitton á almannafæri. Látum þetta verða leyndu nautn vetrarins.

**Rætni.** Ekki þeyta bílflautum á menn á jeppum eða vera með níðskældni í garð ókunnugs fólks í jakkafötum.


HAUSTÚTSALA
50-80%
afsláttur
Síðasti dagur
laugardaginn 18. okt!
Regatta
GREAT OUTDOORS
www.utivistogsport.is
OPIÐ
VIRKA DAGA 10 – 18
LAU. 11 -16
ÚTIVIST&SPORT
verslun/heildverslun
Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322

**THOMAS ALVA EDISON LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1931.**

*„Ég er stoltastur af þeirri staðreynd að hafa aldrei fundið upp vopnabúnað til manndráps.“*

***Thomas Alva Edison var bandarískur uppfinningamaður sem fann upp margt af því sem nútímamanninum finnst ómissandi, þar á meðal ljósaperuna. Hann er talinn afkastamesti uppfinningamaður sögunnar.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 18. OKTÓBER 1906**

## Sjö hús brunnu á Akureyri

Eldur kom upp á Akureyri þennan mánaðardag fyrir hundrað og tveimur árum. Úr varð stórbruni og gríðarlegt eignatjón en hvorki manntjón né slys á fólki.

Á skammri stund brunnu sjö hús til kaldra kola. Þau voru öll úr timbri. Það voru nokkur af stærstu og reisulegustu húsum bæjarins, fimm verslunarhús og tvö vöruhús. Í þessum húsum höfðu reyndar líka verið bústaðir fjölda fólks. Þannig voru það um áttatíu manns sem misstu heimili sín í brunanum.

Tjónið var talið nema nærri 200 þúsund krónum og það var enginn smápeningur á þeirri tíð. Þar af var talið að um 40 til 50 þúsund króna tjón hefði verið óvátryggt. Þetta var ekki fyrsti stórbruninn á Akureyri og voru heimamenn slegnir yfir atburðinum.

Upp frá þessu var farið að huga meira að því að steypa upp hús á staðnum, sem þá var nýlunda.



**MERKISATBURÐIR**

- **1878** Edison framleiðir rafmagn til heimilisnotkunar.
- **1913** Ljósahátíð haldin á Seyðisfirði þegar rafveitan er vígð og rafljós kveikt í fyrsta sinn.
- **1922** Breska ríkisútvarpið (BBC) stofnað.
- **1942** Hitler fyrirskipar aftökur á sérsveitarmönnum bandamanna.
- **1944** Sovéskar hersveitir ráðast inn í Tékkóslóvakíu í seinni heimsstyrjöldinni.
- **1954** Einar Jónsson myndhöggvari andast, 80 ára.
- **1967** Walt Disney gefur út Frumskógarlíf um drenginn Mógla.
- **1969** Rod Stewart gengur til liðs við hljómsveitina Small Faces.

# Metþátttaka

Búist er við um 360 þátttakendum á landsmót Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar sem haldið verður um þessa helgi í Ólafsvík.

Markmið mótsins er að unglingar eigi glaðar og uppbyggjandi stundir saman. „Blessun skaltu vera!“ er yfirskrift mótsins en hún er tekin úr Mósebók.

Ýmsir hlutir tengdir kristinni trú verða teknir fyrir og mikil og fjölbreytt dagskrá. Til dæmis mun verða hægt að fara í siglingar.



**ÓLAFSVÍK** Fjöldi ungmenna mun verða á landsmóti Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar.

**AFMÆLI**



**Friðrik Sophusson,** forstjóri Landsvirkjunar, er 65 ára.



**Hany Hadaya,** grafískur hönnuður, er 46 ára.



†

**Elín Þórunn Bjarnadóttir,**
frá Norður-Gröf,

lést á hjúkrunarheimilinu Víðinesi þriðjudaginn 14. okt. sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Jónas Tryggvi Pétursson**
**Þórunn Aldís Pétursdóttir** **Guðmundur Ringsted**
**Margrét Björg Pétursdóttir**
**Sigrún Bryndís Pétursdóttir** **Gunnar Þór Ólafsson**
**Pálmi Hannes Pétursson**
**Bjarni Þór Pétursson**



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Óskars P. Óskarssonar**
Andarhvarfi 11 c.

Sérstakar þakkir til alls þess frábæra fólks sem annaðist Óskar í veikindum hans. Guð blessi ykkur öll.

**Lilja Guðbjörnsdóttir**
**börn, tengdabörn og barnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður og faðir,*

**Jósef Skaftason**
læknir,

lést á Landspítalanum 16. október.
Útför verður auglýst síðar.

**Elín Guðmundsdóttir**
**Kamilla Sigríður Jósefsdóttir.**



**VALGERÐUR GUNNARSDÓTTIR SKÓLAMEISTARI** Framhaldsskólinn á Laugum fagnar tvítugsafmæli sínu nú um helgina með hátíðardagskrá í íþróttasal skólans. MYND/ÖRLYGUR HNEFILL

**FRAMHALDSSKÓLINN Á LAUGUM:** FAGNAR 20 ÁRA AFMÆLI Í ÁR

# Býr ungt fólk undir lífið

„Framhaldsskólinn á Laugum var stofnaður árið 1988 á grunni héraðsskóla sem hér hafði verið starfræktur frá því árið 1925,“ segir Valgerður Gunnarsdóttir skólameistari, en tímamótunum verður fagnað með hátíðardagskrá í íþróttasal skólans klukkan 14 í dag. Þar verður mikið um dýrðir; forseti Íslands, þingmenn og samgönguráðherra ávarpa gesti og tónlistarmenn á borð við Birgittu Haukdal og Mugison troða upp, en þau eru bæði fyrrverandi nemendur við skólann.

Framhaldsskólinn á Laugum er að nokkru leyti óvenjulegur í skólaflórunni. Ekki einasta er hann lítill heimavistarskóli úti í sveit, heldur er námsfyrirkomulagið einnig nokkuð frábrugðið því sem aðrir skólar bjóða upp á. „Við höfum undanfarin þrjú ár verið í miklu þróunarstarfi við að færa kennslu- og skólastarfið til nútímaháttа,“ segir Valgerður. „Við reynum að venja nemendur við vinnudaginn; hér byrja allir að vinna hálfníu á morgnana og vinna til hálffjögur, þannig að það er engin eyða í stundaskránni. Námið skiptist annars vegar í hefðbundnar kennslustundir og hins vegar í vinnustofur þar sem nemendur safnast saman í stóru rými og vinna vinnuna sína, ýmist saman eða einir á báti. Vinnustofan er þannig eins og smækkuð útgáfa af vinnustað í opnu rými og þannig læra nemendur að einbeita sér og vinna vinnuna sína við slíkar kringumstæður.“

En lífið við Framhaldsskólann að Laugum er þó ekki einungis vinna, því þar fer einnig fram lifandi félagsstarf nemenda og starfsfólks. Helgast það bæði af því góða fólki sem nemur og starfar við skólann, en að sögn Valgerðar einnig af húsakosti og aðstöðu skólans. „Hér er mikið og öflugt íþrótta- og félagslíf, enda veldur húsakosturinn starfseminni vel. Hér eru bæði íþróttahús og kvikmyndahús, auk mötuneytis og heimavistar sem getur hýst 130 nemendur. Kjarninn í húsakosti skólans er þó Gamli skólinn, sem tekinn var í notkun árið 1925. Gamli skólinn er andlit stofnunarinnar út á við og setur óneitanlega svip sinn á allt umhverfið hér.“

Framhaldsskólinn á Laugum býður upp á tvær námsbrautir til stúdentsprófs, ásamt íþróttabraut og almennri námsbraut. Hann sækja nemendur af öllu landinu. „Það skiptir talsverðu máli fyrir samfélag eins og Þingeyjarsveit að vera með framhaldsskóla innan sinna vébanda; þetta er stórt atvinnufyrirtæki og skilar miklum útsvarstekjum inn í sveitarfélagið,“ útskýrir Valgerður. „Einnig skiptir miklu máli fyrir íslenska framhaldsskólaflóru að geta boðið upp á heimavistarskóla uppi í sveit. En mestu máli skiptir þó að hér er verið að vinna afskaplega gott starf með ungu fólki.“

vigdis@frettabladid.is

# Páll Óskar í predikunarstól

„Þetta er frábært. Ég hafði smá efasemdir fyrst þegar Hjörtur Magni hafði samband, en hann er á þeirri skoðun að predikunarstóllinn sé ekki fyrir presta eingöngu heldur eigi kirkjan að leyfa fleiri röddum að heyrast. Ég er sammála því,“ segir Páll Óskar Hjálmtýsson tónlistarmaður, sem mun flytja predikun dagsins í sunnudagsguðsþjónustunni í Fríkirkjunni á sunnudaginn kemur klukkan 14.00.

Páll Óskar segist nokkuð heimavanur í Fríkirkjunni. „Mamma og pabbi voru bæði í Fríkirkjukórnum og ég fór í messu þangað á hverjum sunnudegi alla mína æsku. Svo höfum ég og Monica Abendroth komið fram í miðnæturmessu í kirkjunni á aðfangadagskvöld í mörg ár og einnig spilað í fjölmörgum brúðkaupum.“



**PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON**

Að sögn Páls Óskars verður ekki um hefðbundna predikun að ræða á sunnudaginn. „Þetta verða hugleiðingar um upplifun mína á mínum æðri mætti á álagstímum eins og nú. Það herðir að og margir þurfa að endurskoða allt sitt líf og gildismat. Andlegi þátturinn verður að vera með í myndinni í því ferli. Ég hef lent í minni eigin persónulegu kreppu. Einhver æðri máttur leiddi mig í gegnum hana og veitti mér styrk sem ég bý að enn í dag. Ég er stöðugt að dýpka skilning minn á þessum æðri mætti, enda er það ævilangt verkefni,“ segir Páll Óskar, sem mun flytja eitt lag ásamt Monicu Abendroth á sunnudaginn. Að guðsþjónustu lokinni verður boðið upp á vöfflur og kaffi í safnaðarheimilinu.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# BÓNUS BÝÐUR BETUR!

## BAYONNESKINKA
FRÁ KJARNAFÆÐI
**1.079 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1.799 KR./KG.

**40% AFSLÁTTUR**




## LIFRARPYLSA
ÓSOÐIN (FROSIN)
FRÁ KJARNAFÆÐI
**399 kr./kg.**
MERKT VERÐ 665 KR./KG.

## BLÓÐMÖR
ÓSOÐINN (FROSINN)
FRÁ KJARNAFÆÐI
**359 kr./kg.**
MERKT VERÐ 598 KR./KG.

**40% AFSLÁTTUR**




## FOLALDAVEISLA
AF NÝSLÁTRUÐU



**10% AFSLÁTTUR**

FOLALDALUNDIR
**2.338 kr./kg.**
MERKT VERÐ 2.598 KR./KG.

FOLALDAFILE
**1.798 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1.998 KR./KG.

FOLALDALÆRVÖÐVAR
**1.438 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1.598 KR./KG.

FOLALDAINNRALÆRI
**1.618 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1.798 KR./KG.

FOLALDAGÚLLAS
**1.348 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1.498 KR./KG.

LANG VINSÆLUSTU BJÚGUN Í BÓNUS!




**299**

KOFAREYKT
SVEITABJÚGU FRÁ
KJARNAFÆÐI
**25% afsláttur.**
MERKT VERÐ 399KR./KG.




**40% AFSLÁTTUR**

BRAUÐSKINKA
FRÁ KJARNAFÆÐI
**1.019kr./kg.**
MERKT VERÐ 1.699 KR./KG.

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: MÁN. - FIM. 12:00-18:30, FÖS. 10:00-19:30, LAU. 10:00-18:00 OG SUN. 12:00-18:00.






**NOKKUR ORÐ**
Ragnheiður Tryggvadóttir

# Heimatilbúinn arftaki Pavarotti



Strákar eru oft svo vissir um eigið ágæti. Halda alltaf að þeir séu sjálfkrafa bestir í öllu. Þvottadrengurinn er engin undantekning á þessari reglu og ég hef aldrei móðgað hann jafnmikið og þegar ég fann einhvern tímann eitthvað að aksturslagi hans. Í framhaldinu aulaði ég því út úr mér að ég teldi mig betri bílstjóra og hef ekki heyrt endann á þeirri umræðu enn þá. Mín rök voru þau að ég hefði talsvert meiri reynslu en hann í akstri til dæmis á malarvegum og í snjó. Auk þess ólst ég upp í afskekktri sveit og hef ekið dráttarvélum og öðrum landbúnaðartækjum frá barnæsku. En þvottadrengurinn blés á þessi rök og sagði þá staðreynd að við komumst fyrr á áfangastað ef hann er undir stýri segja allt sem segja þarf. Ég rífst ekkert við hann um þetta. Sit bara róleg viss í minni sök meðan hann þeytist milli akreina til að ná grænum eða gulum ljósum. Um daginn móðgaði ég hann svo enn meira þegar ég bað hann um að lækka aðeins í sjálfum sér þegar hann söng hástöfum. Þvottadrengurinn hefur alltaf verið hávaðabelgur og syngur mikinn hvort sem það er í sturtunni eða við störf. Yfirleitt hef ég bara gaman af þessu en í þetta skiptið var ég eitthvað illa fyrirkölluð. Drengurinn átti ekki til orð, hann sem syngi svo vel! Ef það væri keppt í óperu-Idoli myndi hann rústa keppnina! Ég hélt hann væri að grínast og hló en honum var fúlasta alvara og rauk út í fússi. Nú hættir hann ekki að sanna fyrir mér hæfileikana og þenur sig daginn út og daginn inn eins og heimagerður arftaki Pavarotti. Hringdi meira að segja í mig áðan og þrumaði einhverja tóna í tólið, skellti svo á og taldi sig hafa sannað mál sitt með stæl.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# Sjálfbær Björk



BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR
Syngjum til náttúrunnar.

Lítið hefur heyrst frá frægasta Íslendingi sögunnar, söngkonunni Björk, síðan þær fjármálahamfarir sem nú ganga yfir hófust. Úr þessu rætist í dag þegar Björk situr ráðstefnuna Hugsprettu í Háskóla Íslands.

Á Hugsprettu á að vinna að stefnumótun fyrir Ísland og fá ungt fólk til að byggja upp hugmyndir um möguleika landsins og eigin tækifæri til nýsköpunar. Magnús Scheving íþróttaálfur og fleiri koma einnig fram. Björk hyggst ræða um sjálfbærni.

Á mánudaginn verður svo lag Bjarkar, „Náttúra“, boðið til sölu á nattura.info. Eins og fram hefur komið syngur Radiohead-söngvarinn Thom Yorke með henni í þessu lagi.




## ICELAND AIRWAVES: DAGUR 4



GRÍÐARHRESS Á SVIÐI
CSS frá Brasilíu spila kl. 23 í kvöld.

# Feitustu bitarnir í Hafnarhúsinu

„Stærstu“ sveitir Airwaves-hátíðarinnar koma fram í kvöld í Hafnarhúsinu. Þetta er brasilíska gleðipönksveitin CSS og Kanarnir í háskólarokkbandinu Vampire Weekend.

CSS (sem er stytting á Cansei de Ser Sexy – „Þreytt á að vera kynæsandi“) varð til í São Paulo árið 2003. Sveitin sló saman hráu pönki og frauðpoppi í anda Beyoncé og varð útkoman fersk. Fyrsta platan kom út í Bandaríkjunum árið 2006 og sveitin þeyttist um heiminn með sitt glaðværa danspönk og spilaði meðal annars með Klaxons og Gwen Stefani. Önnur platan, Donkey, kom svo út á þessu ári og er mun rokkaðri en fyrri verk. Krakkarnir í CSS, fimm stelpur og einn karl, þykja gríðarlega hress á sviði. Þau hefja leik kl. 23.

Á eftir þeim, á miðnætti, stíga Vampire Weekend á stokk. Þetta eru fjórir ungir New York-arar sem stofnuðu bandið árið 2006. Fyrsta platan þeirra kom út í ársbyrjun og stefnir leynt og ljóst að því að verða talin með bestu plötum ársins. Platan er álíka fersk og nauðsynleg og fyrsta plata The Strokes. Einfalt rokkpopp Vampíruhelgarinnar minnir þó ekki bara á Strokes heldur líka á fyrstu plötu Talking Heads, The Kinks og Graceland-plötu Pauls Simon.

Önnur bönd sem koma fram í Hafnarhúsinu í kvöld eru Bob Justman, Jan Mayen, Dikta og Færeyingarnir í Boys in a Band.

-drg

## MEIRA GOTT Í DAG:

**Dísa** kemur fram í Norræna húsinu kl. 15, rétt á eftir dönsku söngstirninu **Ane Brun**.

Uppáhaldshljómsveit Eltons John er ástralski poppdansdúettinn **Pnau**. Hann fer á svið Tunglsins kl. 23.

Kanadíski dúettinn **Junior Boys** spilar sitt ljúfa og svalandi ambient-popp á Nasa á miðnætti.

**Jeff Who?** klára massift íslenskt kvöld í Iðnó, fara á svið á miðnætti. Á undan þeim hafa meðal annars Ske, Sprengjuhöllin og Viking Giant Show komið fram.



# Rögnvaldar minnst á morgun

Minningardagskrá í tali og tónum um píanóleikarann Rögnvald Sigurjónsson fer fram í Kirkju- og menningarmiðstöðinni í Fjarðabyggð, sem er á Eskifirði, á morgun kl 16. Tilefnið er að Rögnvaldur hefði orðið 90 ára 15. október síðastliðinn.

Viðeigandi er að tónleikarnir fari fram á Eskifirði, enda fæddist Rögnvaldur og bjó þar fyrstu ár ævi sinnar áður en hann fluttist til Reykjavíkur. Hann var afreksmaður á sviði íþrótta jafnt sem tónlistar og keppti í sundknattleik fyrir hönd Íslands á Ólympíuleikunum í Berlín árið 1936. Hann er þó þekktastur fyrir afrek sín á sviði tónlistar, bæði sem kennari og hljóðfæraleikari.

Rögnvaldur hélt fjölda einleikstónleika, kom fram með hljómsveitum og í útvarpi og sjónvarpi bæði heima og erlendis, meðal annars á Norðurlöndunum, í Bandaríkjunum og á meginlandi Evrópu. Að auki gegndi hann ýmsum trúnaðarstörfum fyrir íslenska tónlistarmenn og var meðal annars formaður Félags íslenskra tónlistarmanna frá 1977 til 1983.

Píanótónlist verður að sjálfsögðu í hávegum höfð í minningardagskránni, en flytjendur verða fyrrverandi nemendur og samstarfsmenn Rögnvaldar, þeir Halldór Haraldsson og Þorsteinn Gauti Sigurðsson. Þá verður Karlakórinn Glaður sérstakur gestur hátíðarinnar, en faðir Rögnvaldar var einn af stofnendum karlakórsins. Geir Rögnvaldsson, sonur Rögnvaldar, mun einnig stíga á stokk og ræða um lífshlaup og rifja upp merkileg atvik frá ferli föður síns.



**RÖGNVALDUR SIGURJÓNSSON** Eins ástsælasta píanóleikara þjóðarinnar verður minnst með hátíðardagskrá á Eskifirði á morgun.

Aðgangur að dagskránni er ókeypis og öllum opinn. - vþ

# Gestir úr Niðarósi

Hingað er kominn stórkór frá Noregi, Óratóríukór Niðarósdómkirkju, hinni fornu höfuðkirkju sem skipaði um aldabil stóran sess í hugmyndalífi okkar hér á eyjunni í norðri. Óratóríukórinn er fjölmennur blandaður kór sem býður upp á fjölbreytta dagskrá tónlistar frá Norðurlöndunum og Mið-Evrópu. Hann syngur í Hallgrímskirkju á sunnudag 19. október, í messu kl. 11 og á tónleikum kl. 17. Stjórnandi er Vivianne Sydnes sem hefur stjórnað óratóríu- og dómkór Niðarósdómkirkju í nokkur ár. Með í för er tónskáldið og organistinn Petra Björkhaug sem samið hefur tvö verka á efnisskránni. Aðalviðfangsefni kórsins eru stór kirkjuleg tónverk og skipa hann 90 félagar. Hann tekur þátt í árvissum flutningi á Jólaóratóríu Bachs en flytur að auki 2–3 stór verk ár hvert.Vivianne Sydnes er dómkantor i Niðarósdómkirkju og stjórnar bæði Óratóríukórnum og Dómkórnum. Hún er menntuð í kirkjutónlist í Noregi og Svíþjóð. Orgelleikarinn Petra Bjørkhaug, sem einnig er dómkantor við Niðarósdómkirkju, hefur einnig lagt stund á tónsmíðar og hefur samið tvö af verkunum, sem eru á efnisskránni.

Hugmyndin að Íslandsferð kviknaði vorið 2006 eftir að kórinn flutti verkið Harmsól, gamalt helgikvæði eftir Gamla-Kanóka,



**TÓNLIST** Óratóríukór Niðaróskirkju heldur tónleika hér á landi.

munk í Þykkvabæjarklaustri á 13. öld. Verkið var flutt í þýðingu Ivars Orgland, hins kunna Íslandsvinar, á nýnorsku. Tónlistin er eftir Wolfgang Plagge, sem notar stef úr gömlum sálmum frá Niðarósdómkirkju, sem nýlega hafa fundist. Það kom í ljós að verkið var of stórt til að taka með til Íslands. Í þetta sinn hefur kórinn því aðeins lítinn hluta verksins á efnisskránni, en einnig önnur verk frá Noregi bæði frá fortíð og nútíð, þeirra á meðal verk eftir Grieg. Vonandi gefst okkur tækifæri síðar til að heyra Harmsól, en heimsókn kórsins nú gefur einstakt tækifæri að heyra norskar raddir hljóma. pbb@frettabladid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 18. október

**Opnanir**

**21.00 Fordulópont** Lárus H. List opnar myndlistasýningu og Páll Szabó flytur tónverk í Ketilhúsinu, Listagilinu á Akureyri.

**Fundir**

**12.00 Ísland og Evrópusambandið, kostir og gallar** Landssamband kvenna í Frjálslynda flokknum heldur súpufund að Skúlatúni 4 (2. hæð). Ræðumenn fundarinns eru Jón Baldvin Hannibalsson og Skúli Thoroddsen. Allir velkomnir.

**Síðustu forvöð**

**Málverkasýningu Halls Karls Hinrikssonar** í Gallerí Fold, lýkur á morgun. Í dag mun Hallur vera með listamannaspjall kl. 13.00-16.00 og frá kl. 15.00 verður boðið upp á leiðsögn um sýninguna á frönsku. Opið til kl. 17.00

**Uppákomur**



**Haustverkin kalla** Minjasafnið á Akureyri stendur fyrir uppákomu milli kl. 14.00-16.00. Þar má m.a. sjá tóvinnufólk að störfum í baðstofunni og forvitnilegan markað með handverki og góðgæti. Minjasafnið á Akureyri, Aðalstræti 56.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**


PanicProductions í samstarfi við Borgarleikhúsið kynnir:

PRIVATE DANCER

30. október kl. 20 UPPSELT
1. nóvember kl. 15
2. nóvember kl. 20
Aðeins þessar 3 sýningar!

Sýnt á Stóra sviði Borgarleikhússins
Tryggðu þér miða núna!
s. 568 8000 eða á midi.is
www.panicproductions.is

Höfundar og flytjendur:
Margrét Sara Guðjónsdóttir
Sveinbjörg Þórhallsdóttir
Jared Gradinger



Borgarleikhúsið Menntamálaráðuneytið Reykjavíkurborg

MÁLVERKAUPPBOÐ

Erum að taka við verkum á næsta uppboð. Höfum kaupendur að góðum abstraktverkum eftir Þorvald Skúlason, Karl Kvaran, Nínu Tryggvadóttur og Kristján Davíðsson einnig módelmyndum eftir Gunnlaug Blöndal.

Vinsamlegast hafið samband við Pétur Þór í síma 511 7010 eða 847 1600

ÖRUGG ÞJÓNUSTA - LÆGRI SÖLULAUN
Gerum upp strax eftir uppboð

Opið í dag í SKIPHOLTI 35 frá kl. 13 til 16

Gallerí BORG
Skipholti 35
105 Reykjavík - sími 511 7010
petur@galleriborg.is

Þjóðleikhúsið
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Ástin er diskó, lífið er pönk
Hallgrímur Helgason
Ekki missa af eldfjörugum söngleik og ekta diskófjöri!
lau. 18/10 uppselt, sýningum lýkur í nóvember

Skilaboðaskjóðan
Þorvaldur Þorsteinsson og Jóhann G. Jóhannsson
Geysivinsælt ævintýri fyrir alla fjölskylduna!
sun. 19/10 örfá sæti laus

Klókur ertu, Einar Áskell
Bernd Ogrodnik
Heillandi og krúttleg brúðusýning fyrir yngstu börnin
sun. 19/10 tvær sýningar örfá sæti laus
Sýningum fer fækkandi

Utan gátta
Sigurður Pálsson
Snarskemmtileg sýning í Kassanum
Frumsýning 24. október

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Ástsælt verk sem hittir okkur öll í hjartastað
Örfá sæti laus í október

Macbeth
William Shakespeare
Blóð vill blóð...
Ekki missa af ögrandi sýningu

Sá ljóti
Marius von Mayenburg
Nú á leikferð um landið, sýningar í Reykjavík í nóvember



www.leikhusid.is

Framtíðin er núna!

B.Ý.K.Ú.P.A. er leynilegur skóli fyrir upprennandi afbrotamenn!
En er hægt að flýja þaðan?

Spenna, fjör og hröð atburðarás í vinsælli unglingabók eftir þekktan tölvuleikjahöfund.

★★★★
Lesendur Amazon.co.uk

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



NÝ BÓK

BÓKIN ER PRENTUÐ Á ÍSLANDI

B.Ý.K.Ú.P.A

# Fjórum dönsum betur

**LISTDANS**

ÍD sýnir á Nýja sviði Borgarleikhúss

**Duo**

Dansar eftir Gunnlaug Egilsson, Peter Anderson, Sveinbjörgu Þórhallsdóttur og Láru Stefánsdóttur. Tónlist eftir ýmsa. Leikmyndir og búningar: Una Stígsdóttir, Anik Todd, Filippía Elísdóttir, Harpa Einarsdóttir, Katrín Óskarsdóttir. Lýsing: Aðalsteinn Stefánsson. Flytjendur: Aðalheiður Halldórsdóttir, Steve Lorenz, Hjördís Lilja Örnólfsdóttir, Katrín Á. Johnson, Björn Ingi Hilmarsson, Unnur Birna Björnsdóttir, Cameron Corbett, Lovísa Ósk Gunnarsdóttir, Emilía Benedikta Gísladóttir, Hannes Þór Egilsson.

★★★

Betri helmingurinn fínn, hinn lakari.



**LISTDANS** Úr verki Gunnlaugs Egilssonar, Djöflafúgunni, sem þau Aðalheiður Halldórsdóttir og Steve Lorens fluttu á sviði og í skuggamyndum á tjaldi eftir Sverri Kristjánsson. MYND: ÍD/ GOLLI

Sýning Íslenska dansflokksins á fimmtudagskvöld á fjórum nýjum dúettum – tvídönsum – er um flest markverður vitnisburður um stöðu dansins hér. Innan dansflokksins eru flinkir dansarar, konurnar sterkari en karlarnir, efni flokksins til að gera sýningar sæmilega úr garði felast fyrst og fremst í tíma til æfinga og vinnu. Hann hefur takmörkuð fjárráð til að skapa sýningum fjölbreytileika í útliti. Það er stundum talað um að flokkurinn hafi skýran stíl sem er ofmat. Þrátt fyrir að yfir honum hafi verið sama listræna forystan um langt skeið, bregður jafnan fyrir nýjum brögðum þegar nýir höfundar koma flokknum til liðveislu.

Dansarnir fjórir sem sýndir voru á fimmtudag féllu í tvö horn, einkum fyrir misskýra sýn höfunda á efniviðinn. Fyrstur var dans Gunnlaugs Egilssonar og hafði á sér skýran og einfaldan stíl. Hann var unninn af þéttri tilfinningu fyrir stígandi, útsjónarsemi í átökum danspars á gólfi og skuggaleiks á tjaldi, snjallri en einfaldri hugmynd sem varð að æ þéttara neti höfundarins um efniviðinn – klár sýn unnin af ökonómíu – fumlaus tök og fullkomlega fagmannleg með styrkri byggingu sem slúttaði með glæsibrag. Verulega gleðileg aðkoma Gunnlaugs Egilssonar sem höfundar og Aðalheiður og Steve Lorens voru óaðfinnanleg í flutningnum.

Framlag Peter Anderson var brogaðra: hann hefur sýnt það í dönsum sínum að hann vill brjóta form, rjúfa hefðir og hér byggðist það á nánast skopstælingu sem var rofin úr sal með aðkomu Katrínar Johnson sem truflaði Hjördísi Lilju og fékk sér til hjálpar Björn Inga og Unni Birnu Björnsdóttur fiðluleikara. Þetta var kyndugt spaug en heldur rislítill dans – fókusinn var á öðru. En í dagskránni var þetta ágætis uppbrot og léttir og þjónaði vel þeim tilgangi.

Óljóst erindi var einkenni á dansi Sveinbjargar Þórhallsdóttur eins og oft áður. Íd á að vinna meira með dramatúrga sem liðsinni höfundum sem hafa tæknilega getu til danssmíða en veika tilfinningu fyrir uppbyggingu. Það örlaði víða í túlkun Lovísu Óskar á harmi sem manni virtist að gæti verið áhrifaríkt efnissvið í hugleiðingu um skekkju í sambandi milli fólks. Ekki sannfærandi verk en það er alltaf gaman að sjá Cameron á sviði.

Síðastur var dans milli þeirra Emilíu Benediktu og Hannesar Þórs eftir Láru Stefánsdóttur sem með fulltingi Filippíu Elísdóttur, hönnuðar sviðsmyndar og búninga, varð að eftirminnilegu atriði. Loksins varð rýmið dramatískt umhverfi með sáraeinföldum brögðum: dufti á gólfi sem teiknaði nýtt svið, fáeinum glanskúlum, einni rólu og búningi Emilíu. Sagan var ljós, dansinn studdi sig loks við umhverfi, myndsýn sem var úr annarri átt en þau minimalísku leiðindi sem fátækt flokksins hefur jafnan í för með sér. Hér var öllu stillt innarlega á sviðinu svo myndin varð heil, kompósisjónin naut sín sem heild í fallega tjásaðri endurminningu.

Þannig komu upphafs- og endaatriðið skemmtilega á óvart. Í báðum var heildin, myndin það sem réði úrslitum og gerði gæfumuninn.

Næstu sýningar á þessum fjórum dönsum verða 24., 25., og 26. október.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

KRINGLU KRÁIN
Upplyfting
í kvöld
Tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum




Ekki missa af Gosa
Aðeins tvær sýningar eftir
Sun. 19. okt. kl. 14
Sun. 26. okt. kl. 13
„Þetta er einfaldlega frábær sýning fyrir alla fjölskylduna“
VÞ, Fréttablaðið
Sett upp í samstarfi við
ávöxtur – alveg satt!
Miðasala er í síma 568 8000
og á borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

Eyrarrósin

## Viðurkenning fyrir framúrskarandi menningarstarf

Listahátíð í Reykjavík, Byggðastofnun og Flugfélag Íslands standa saman að Eyrarrósinni, viðurkenningu sem veitt er árlega einu afburða menningarverkefni á starfssvæði Byggðastofnunar á landsbyggðinni. Fyrstu Eyrarrósina, árið 2005, hlaut Þjóðlagahátíðin á Siglufirði; 2006 féll hún í skaut LungA, Listahátíðar ungs fólks á Austurlandi; Eyrarrósina 2007 hlaut Strandagaldur á Hólmavík og á þessu ári kom hún í hlut hinnar ísfirsku Rokkhátíðar alþýðunnar; Aldrei fór ég suður.

- **Úthlutunarnefnd tilnefnir þrjú verkefni úr hópi umsækjenda um Eyrarrósina 2009**
- **Eitt þeirra hlýtur viðurkenninguna, 1.500.000 kr. og verðlaunagrip til eignar**
- **Viðurkenningin verður afhent í ársbyrjun 2009 á Bessastöðum**
- **Verkefnið sem hlýtur viðurkenninguna fær sérstaka kynningu í tengslum við Listahátíð í Reykjavík 2009**
- **Verndari Eyrarrósarinnar er Dorrit Moussaieff forsetafrú**

### HÉR MEÐ ER AUGLÝST EFTIR UMSÓKNUM UM EYRARRÓSINA 2009

### UMSÓKNUM SKAL FYLGJA:

**Lýsing á verkefninu**
Lögð skal fram greinagóð lýsing á verkefninu; umfangi þess, sögu og markmiðum.

**Tíma- og verkáætlun**
Gerð skal grein fyrir stöðu og áætlaðri framvindu verkefnisins og áformum á árinu 2009. Skilyrði er að verkefninu hafi nú þegar verið hleypt af stokkunum.

**Upplýsingar um aðstandendur**
Lagðar skulu fram ítarlegar upplýsingar um helstu aðila sem að verkefninu standa og grein gerð fyrir þeirra þætti í því.

**Fjárhagsáætlun**
Tilgreina skal tekjur og gjöld verkefnisins á þessu ári. Uppgjör ársins 2007 fylgi umsókn.

- **Ef umsókn fylgja ekki ofangreindar upplýsingar verður hún ekki tekin til greina**
- **Umsækjendur geta verið m.a. stofnun, safn, tímabundið verkefni eða menningarhátíð**
- **Umsóknarfrestur er til 17. nóvember 2008 og verður öllum umsóknum svarað**
- **Viðurkenningin verður veitt í ársbyrjun 2009**
- **Umsóknir skal senda til Listahátíðar í Reykjavík, pósthólf 88, 121 Reykjavík, merktar „Eyrarrósin“**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**Allar nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri Listahátíðar í Reykjavík í síma 561 2444, johanna@artfest.is www.listahatid.is**

LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK REYKJAVIK ARTS FESTIVAL
Byggðastofnun
FLUGFÉLAG ÍSLANDS

## > TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR



**Klippingin í ár** Samkvæmt tískubiblíunni Vogue er klipping áratugarins „Aggy“, eða það er að segja stuttur aflitaður drengjakollur sem fyrirsætan **Agyness Deyn** gerði frægan. Það var breski hárgreiðslumaðurinn **Sam McKnight** sem klippti Deyn fyrir Vogue fyrir tveimur árum og klippingin hefur verulega breytt ferli fyrirsætunnar.

# stíll

utlit@frettabladid.is

## OKKUR LANGAR Í ...



**Sexy og rokkaða herraskó** frá Prada. Fást hjá Sævari Karli.



**Ótrúlega fallega augnskuggapallettu** frá haustlínu Christian Dior. Fullkomið fyrir náttúrulega útlitið.



**Dásamlegan „vintage“ kjól** úr blúndu og flaueli frá versluninni Einvera, Ægisíðu.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

**Anna Margrét Björnsson**

# *Að bæta og breyta*

Í seinni heimsstyrjöldinni var matur skammtaður en það voru föt líka, og fólk fékk heila 66 miða fyrir fatnaði á ári sem dugði fyrir sirka einu dressi. Náttkjóll kostaði til dæmis átta miða, vasaklútur tvo og þar fram eftir götunum. Á þessum tímum fór breska ríkið í herferð sem beindist að konum og kallaðist „Make do and Mend,“ þar sem gefin voru góð ráð til þess að nýta gamlan fatnað og gera úr honum nýjan. Meðal þessara góðu ráða voru til dæmis að sníða pils og kjóla úr gömlum gardínum, gamlar peysur voru raktar upp og garnið nýtt til að prjóna nýjar, konur teiknuðu línu aftan á fótleggina á sér til þess að þær litu út fyrir að ganga í nælonsokkabuxum og settu auk þess sósulit á lærin. Nú er ég kannski ekki að hvetja þær konur sem fóru illa út úr myntkörfulánunum til að nota afgangs sósu í stað brúnkuklúta (þetta athæfi dró víst flugur að) en það er samt aldrei að vita nema að brúnkukrem festist í gámum í tollinum ásamt hárspreyi og kampavínsflöskum. Erfiðir tímar eru að renna upp og því um að gera að rifja upp hvað ömmur okkar og langömmur gerðu fyrir sjötíu árum. Ég fór á bar um síðustu helgi (bjórinn var jú frír) og þar drógu tvær ungar konur prjóna upp úr töskunum og fóru að bera saman bækur sínar. Heimaprjón er sumsé það sem koma skal. En ef við lítum aftur í söguna til harðindatímabila er nokkuð augljóst að konur hafa alltaf reynt að gera það besta úr útlitinu þegar eitthvað bjátar á. Ég er viss um að sálfræðingar séu sammála um að það sé mikilvægt að halda andlitinu og sjálfsörygginu þegar eitthvað meiri háttar bjátar á. Í síðari heimsstyrjöldinni voru þær allar voðalega fínar í aðsniðnum drögtum, fallega greiddar og með eldrauðan varalit til dæmis. Það er kannski ekkert skrýtið að tískuhönnuðir séu með svona mikinn fókus á falleg snið og dragtir um þessar mundir, eins og þeir hafi næstum séð efnahagskreppuna fyrir. Reyndar vissi ofgnótt af skærrauðum fötum á tískupöllunum í vor ekki á gott en enginn fattaði undirtóninn um áhættu … áhættu … áhættu …






**PRJÓN** Grár kjóll með belti og fylgihlutir í „vintage“-stíl frá Marc Jacobs.



**SILKI** Gráköflóttur kjóll með belti frá Preen.




## SÍÐAR PEYSUR, KÖFLÓTTAR SKYRTUR OG LÁTLAUSIR LITIR Í HAUST

# GRUNGE-TÍSKAN SNÝR AFTUR

Það er spurning hvort hönnuðir skynjuðu ástand heimsmarkaðana í haust þegar þeir sóttu innblástur í „grunge“-tísku tíunda áratugarins. Tímabil hljómsveita eins og Nirvana og Pearl Jam sem klæddist hálfgerðum lörfum og sungu texta sem voru gegnsýrðir af „angst“. Alexander Wang sendi fyrirsætur á pallana í rifnum sokkabuxum, síðum peysum og grófum skóm, Marc Jacobs virtist hafa sótt innblástur til „vintage“-fatabúða og Thakoon og Preen notuðust óspart við köflótt efni sem voru samnefnari við „grunge-ið“.

**- amb**





**DÖMULEGT** Jakki með gamaldags sniði við hnésítt pils og leðurhanska frá Thakoon.



**RAUTT** Köflóttur jakki við dömulega blússu og pils frá Thakoon.





AFTUR TIL FRAMTÍÐAR

# Geimverulegir karlmenn hjá Balenciaga

Hönnuðurinn Nicolas Ghesquière er enn að kanna geimöld með hönnun sinni sem vakið hefur mikla aðdáun meðal tískuspekúlanta um heim allan. Hingað til hafa það verið línur hans fyrir kvenfólk sem helst hafa heillað heimspressuna en herralínan fyrir vor 2009 fékk glimrandi dóma. Hann sýndi efni með málmáferð og breiðum herðum sem minntu helst á einhvers konar herklæði í vísindaskáldsögu. - amb



**GÓÐIR DÓMAR** Franski hönnuðurinn Ghesquiere.







**GAMALDAGS** Grá kápa með stuttum ermum og gráir hár hanskar við frá Marc Jacobs.



**GRÆNT** Köflóttur skyrtukjóll við þykkar sokkabuxur frá Thakoon.

**TÖFFARALEGT** Grá síð skyrta, húfa og rifnar nælonsokkabuxur frá Alexander Wang fyrir haust 2008.


Fjörugt jólahlaðborð á Sögu







PIPAR • SÍA • 81945

Kvöldstund í Súlnasal hefst með rómuðu jólahlaðborði Hótels Sögu. Borðhaldið er svo fullkomnað með kostulegri skemmtidagskrá Arnar Árnasonar, Óskars Péturssonar og Jónasar Þóris. Að því loknu leikur hin ástsæla hljómsveit Saga Class fyrir dansi fram á rauða nótt. Jólahlaðborð, skemmtun og dans í Súlnasal Hótels Sögu.

Pantaðu borð núna í síma 525 9900.
Nánari upplýsingar á www.hotelsaga.is.

**Radisson SAS Saga Hotel**
Sími: 525 9900
hotelsaga@hotelsaga.is
www.hotelsaga.is

***Jólahlaðborð með skemmtun og dansi í nóvember og desember:***

| | | |
|---|---|---|
| 21. nóv. | 29. nóv. | 12. des. |
| 22. nóv. | 05. des. | 13. des. |
| 28. nóv. | 06. des. | |

***Fyrirtæki, hópar og einstaklingar geta bókað 3ja rétta máltíð með skemmtun og dansi í nóvember:***

01. nóv.
08. nóv.
15. nóv. örfá sæti laus.

Radisson SAS
SAGA HOTEL, REYKJAVIK




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| MAX PAYNE DIGITAL | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| MAX PAYNE LÚXUS DIGITAL | kl. 1 - 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 1 - 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| BURN AFTER READING | kl. 8 - 10.15 | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 3 - 5.30 | L |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 1 - 3 | L |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 1 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 1 - 3 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 650 kr.

| | | |
|---|---|---|
| BANGKOK DANGER | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 3.30 - 6 - 8.20 - 10.30 | L |
| BURN AFTER READING | kl. 8 - 10.15 | 16 |
| PINAPPLE EXPRESS | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| STEP BROTHERS | kl. 3.30 - 5.45 | 12 |
| RAFMÖGNUÐ REYKJAVÍK | kl. 5.30 - 6.45 | L |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 3.30 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| THE WOMEN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| MAX PAYNE | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| HAMLET 2 | kl. 6 - 10.15 | 7 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 - 8 - 10.10 | 14 |
| MAMMA MIA / MAMMA MIA SINGALONG | kl. 3.30 - 8 / 8.30 | L |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 3.30 | L |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 3.30 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 3.30 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| MAX PAYNE | kl. 8 - 10* kraftsýning | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 5.50 - 10 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 8 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 2 - 4 | L |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 4 | |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 2 | |
| MAMMA MIA | kl. 5.50 | |

AUKAKRÓNUR 5%
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó — LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE WOMEN | kl. 5.50, 8 og 10.10 | L |
| SKJALDBAKANN OG HÉRINN | kl. 2, 4 og 6 (650 kr) - ÍSL.TAL | L |
| RIGHTEOUS KILL | kl. 6, 8 og 10 | 16 |
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 8 og 10 | 12 |
| LUKKU LÁKI - Ísl. Tal | kl. 2 og 4 (650 kr.) | L |
| MAMMA MIA | kl. 2 og 4 | L |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SEX DRIVE | kl. 1:50 - 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| SEX DRIVE | kl. 3:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| MAX PAYNE | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| NIGHTS IN RODANTHE | 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| PATHOLOGY | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| WILD CHILD | kl. 3:40 - 8 | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 1:50 - 4 | L |
| JOURNEY 3D DIGITAL-3D | kl. 3:40 -5:50 | L |
| TROPIC THUNDER | kl. 10:20 | 16 |
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 5:50 | L |
| STAR WARS | kl. 1:30 | L |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 1:30 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SEX DRIVE | kl. 6 - 8:10 - 10:30 | 12 |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 5:50 - 8:10 | L |
| HAPPY GO LUCKY | kl. 8 | 12 |
| QUEEN RAQUELA | kl. 10:20D | 12 |
| DEATH RACE | kl. 10:20 | 16 |
| JOURNEY 3D DIGITAL-3D | kl. 1:40 - 3:50 - 6 | L |
| WILD CHILD | kl. 1:40 - 3:50 | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |

SparBíó 550kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| PINEAPPLE EXPRESS | kl. 8 | 16 |
| BABYLON A.D. | kl. 10:10 | 16 |
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 6 - 8 - 10:10 | 14 |
| SKJALDB. OG HÉRINN ísl. tali | kl. 2 | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 2 | L |
| LUKKU LÁKI m/ísl. tali | kl. 4 | L |
| JOURNEY | kl. 3:50 | L |
| WILD CHILD | kl. 6 síð. sýn. | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SEX DRIVE | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| WILD CHILD | kl. 2 | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |
| QUEEN RAQUELA | kl. 6 | 12 |
| RIGHTEOUS KILL | kl. 8 | 16 |
| PATHOLOGY | kl. 10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SEX DRIVE | 5:50 - 8- 10:10 | 12 |
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 6 | 14 |
| SMART PEOPLE | kl. 8 | L |
| BURN AFTER READING | kl. 10 | 16 |
| SKJALDB. OG HÉRINN ísl. tali | kl. 2 | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |
| LUKKU LÁKI m/ísl. tali | kl. 4 | L |





**BRESKT RAFPÖNK** Fuck Buttons voru svalir á sviðinu í Hafnarhúsinu. Tónleikar þeirra voru einn af hápunktum fimmtudagskvöldsins á Airwaves. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Fjölbreytt fimmtudagskvöld

**Airwaves-veislan hélt áfram á fimmtudagskvöldið. Það sem þá var í boði bar þeirri miklu fjölbreytni sem einkennir hátíðina glöggt vitni.**

Hafnarhúsið bættist í hóp tónleikastaða á fimmtudagskvöldið og dagskráin þar var undir merkjum Moshi Moshi útgáfunnar. Fyrstur á svið var Biogen. Hann dansaði á sviðinu og virðist vera endurfæddur sem stuðbolti eftir að hafa verið í hlutverki sérvitra vísindamannsins undanfarin ár. Margbrotnir taktarnir hjá honum voru truflaðir með flottum hljóðárásum. Minnti helst á snillinginn Squarepusher.

Dagskrá næstu sveitar, The Mae Shi frá LA byrjaði með því að nokkrir menn hlupu um gólfið og öskruðu og einn þeirra spilaði á gítar sem var tengdur þráðlaust við hljóðkerfið. Tónlistinni mætti lýsa sem póstmódernísku rafpönki. Öllu ægði saman. Hefðbundin rokkhljóðfæri blönduðust raftólum og stílbrigðin voru margvísleg. Við þetta bættist leikaraskapur og læti. Þeir settu t.d. tvo marglita tjaldhimna yfir fremstu áhorfendurna. Nokkuð tilþrifamikið, en alltaf spurning hvað svona nýjabrumsbönd endast.

Á Nasa reyndi Ólafur Arnalds að koma nýklassíkinni sinni til skila í gegn um skvaldrið með aðstoð strengjasveitar. Falleg tónlist, en skrítið val á tónleikastað. Florence & The Machine er eitt heitasta nafnið á Airwaves í ár og maður getur alveg skilið af hverju. Hún náði vel til áhorfenda í fullu Hafnarhúsinu með sterkum söng og líflegri sviðsframkomu. Tónlistin var svo sem ekkert stórkostleg, en Florence sjálf var mögnuð. Á Tunglinu gerði Ghostigital heiðarlega tilraun til að sprengja hljóðhimnur. Algjörlega frábær tónleikasveit. Ég fór hins vegar úr miðju setti hjá þeim til að sjá breska rafpönkdúóið Fuck Buttons í Hafnarhúsinu. Þeir félagar voru svalir á sviðinu. Stóðu sitt hvoru megin við stórt borð fullt af græjum. Fín hávaðahljómkviða sem einkenndist af einföldum grunnstefjum og þykkum hljóðvegg. Af og til spilaði svo annar meðlimurinn á páku og öskraði í hljóðnema. Óvenjulegt að sjá svona atriði á stóru sviði fyrir fullum sal.

Eftir hávaðann og tilraunamennskuna var kominn tími fyrir ljúfa popptóna sænsku söngkonunnar El Perro del Mar á Nasa. Söngur og kassagítar áttu lítinn séns í Nasa-skvaldrið, en mér tókst samt að njóta útgáfunnar hennar á Pale Blue Eyes með því að fara alveg upp að sviðinu. El Perro del Mar væri betra að sjá bara á Kaffi Hljómalind eða Babalú. Gusgus var að hita upp stappfullt Hafnarhúsið þegar ég kíkti þar við. Flott eins og vanalega. Á Nasa spilaði Lay Low aðallega efni af nýju kántrý-popp plötunni sinni, en þó að hún væri með stóra hljómsveit náði hún ekki almennilega í gegn um skvaldrið og gafst upp á því að reyna að kynna lögin af því að fáir voru að hlusta. Hún var samt flott. Það var svo breska rokkhljómsveitin The Young Knives sem kláraði kvöldið á Nasa. Þrír nördalegir gaurar eins og ættaðir úr Office-þætti. Þeir voru drulluþéttir og spiluðu nýbylgjurokk undir greinilegum XTC-áhrifum. Meinlaust, en það er spurning hvað það er spennandi að hita endalaust upp gamla grauta fyrir nýjar kynslóðir...

**Hápunktar: Ghostigital og Fuck Buttons.**

Trausti Júlíusson


TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ




50% AFSLÁTTUR Á NAMMIBAR Í SMÁRABÍÓ MILLI 12.30 OG 13.00 LAUGARDAG OG SUNNUDAG




SparBíó laugardag og sunnudag
SAMbio.is SAMBÍÓIN




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| SEX DRIVE | NIGHTS IN RODANTHE | STAR WARS | WILD CHILD | GEIMAPARNIR | JOURNEY 3D |
| kl. 1.50 í Álfabakka | kl. 1.30 í Álfabakka | kl. 1.30 í Álfabakka | kl. 1.40 í Kringlunni<br>kl. 2 á Akureyri | kl. 1.50 í Álfabakka<br>kl. 2 í Kringlunni<br>kl. 2 á Ak., í Kefl. og á Self. | kl. 3.40 í Álfabakka<br>kl. 1.40 í Kringlunni |

# MAX RAFTÆKI

## MAX Payne í MAX




**1.489 kr.**

**Tryggðu þér spennutryllinn Hitman á DVD og fáðu bíómiða* á heimsfrumsýningu á hina svakalegu Max Payne.**




*Aðeins í Max Holtagörðum á meðan birgðir endast

## EINNIG FÁANLEGAR Í NÆSTU VIKU!




**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-19 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

*Beint á móti IKEA*
*Við hliðina á BÓNUS*

MAX RAFTÆKI

## >Ummæli Viggós hugsanlega fyrir aganefnd



Viggó Sigurðsson, þjálfari Fram, fór hörðum orðum um Hörð Aðalsteinsson dómara í viðtali við Morgunblaðið eftir leik Fram og FH. „Ekki bætti úr skák að dómgæslan var gjörsamlega út í hött og öll á einn veg allan leikinn. Annar dómarinn, þá er ég ekki að tala um parið, var í „missjón“ gegn okkur frá upphafi til enda,“ sagði Viggó við Mogg-ann. Þjálfarar hafa lent inn á borð aganefnd-ar fyrir ýmis ummæli í gegnum tíðina og Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, sagðist vera að skoða málið en hann getur skotið ummælum Viggós til aganefndar telji hann ástæðu til.

**sport**

sport@frettabladid.is

**SKYTTAN ÓLAFUR GUÐMUNDSSON:** HEFUR LEIKIÐ MJÖG VEL MEÐ SPÚTNIKLIÐI FH Í N1-DEILDINNI Í HANDBOLTA

# *Góð byrjun kemur leikmönnum FH ekki á óvart*

FH-ingar hafa komið hressilega á óvart í N1-deild karla í handbolta og eru nú sem stendur í öðru sæti deildarinnar eftir að hafa spilað fimm leiki og tapað aðeins einu sinni. Flestra augu hafa þar beinst að leikstjórnandanum efnilega Aroni Pálmarssyni en fleiri efnilegir leikmenn hafa einnig kveðið sér hljóðs hjá Hafnarfjarðarliðinu. Skyttan Ólafur Guðmundsson er einn þeirra og hann fór til að mynda á kostum í jafnteflisleik gegn Fram í fyrrakvöld þegar hann gerði sér lítið fyrir og skoraði tólf mörk. Hinn átján ára Ólafur segir velgengni FH í upphafi móts ekki koma sér sérstaklega á óvart.

„Þessi byrjun kemur okkur leikmönnunum í sjálfu sér ekkert á óvart þar sem við erum aldir upp við að vinna leiki og höfum unnið allt sem í boði er með yngri flokkum FH, bæði hérlendis og erlendis. Við vorum snemma látnir vita af því að þessi kjarni myndi svo bara taka við meist-araflokknum, þannig að þetta er búið að vera svona ákveðið ferli og við erum mjög ánægðir með að fá þetta tækifæri svona ungir og ætlum að nýta okkur það,“ segir Ólafur.



Ólafur er þó með báða fætur á jörðinni og segir markmið-ið hjá FH, að svo stöddu, sé enn fyrst og fremst að halda sér í deildinni.

„Við náttúrulega vissum ekki alveg hvar við myndum standa gegn hinum liðunum í deildinni fyrir mót, en við erum núna alltaf að læra með hverjum leik. Mótið er bara rétt byrjað og markmiðið hjá okkur er enn bara að halda okkur í deildinni en síðan kemur bara í ljós seinna hvort við þurfum eitthvað að endurskoða það markmið og setja okkur nýtt. Við ætlum allavega ekkert að fara fram úr okkur og viljum bara halda áfram að bæta okkur og halda sama hraðanum í spilinu, en minnka mistökin. Það hefur verið svolítið einkennandi hjá okkur að þegar líða tekur á leikina og þreytan fer að segja til sín þá dettum við aðeins niður og við þurfum að finna leiðir til þess að bregðast við því,“ segir Ólafur að lokum.

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Iceland Express karla*

| | |
|---|---|
| Breiðablik-Skallagrímur | 78-66 (46-35) |

**Stig Breiðabliks:** Nemanja Sovic 26 (16 frák., 5 stolnir), Rúnar Ingi Erlingsson 12, Emil Þór Jóhannsson 10, Aðalsteinn Pálsson 9, Rúnar Pálmarsson 8, Kristján Sigurðsson 7, Halldór Halldórsson 4, Loftur Þór Einarsson 2.
**Stig Skallagríms:** Sveinn Davíðsson 18 (10 frák., 4 stoðs.), Þorsteinn Gunnlaugsson 14 (8 frák., 5 stoðs.), Pálmi Þór Sævarsson 12 (10 frák., 7 varin), Trausti Eiríksson 5, Óðinn Guðmundsson 5, Finnur Jónsson 4, Sigurður Þórarinsson 4, Sigurður Sigurðsson 2, Sigursteinn Hálfdánarson 2.

| | |
|---|---|
| Keflavík-Þór Ak. | 94-70 (48-31) |

**Stig Keflavíkur:** Gunnar Einarsson 17, Sverrir Þór Sverrisson 15, Vilhjálmur Steinarsson 14, Jón Norðdal Hafsteinsson 13, Hörður Axel Vilhjálmsson 13, Þröstur Leó Jóhannsson 11, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 9, Elvar Þór Sigurjónsson 2.
**Stig Þórs:** Cedric Isom 34 (9 frák., 5 stoðs.), Óðinn Ásgeirsson 15 (10 frák.), Baldur Stefánsspon 6, Hrafn Jóhannesson 5, Milorad Damjanac 4 (11 frák.), Guðmundur Jónsson 2, Bjarki Oddsson 2, Jón Orri Kristjánsson 2.

| | |
|---|---|
| Snæfell-Tindastóll | 55-57 (29-23) |

### NÆSTU LEIKIR

| | |
|---|---|
| **Tindastóll-FSu** | **sun. kl. 19.15** |
| Þór Ak.-Breiðablik | sun. kl. 19.15 |
| **KR-Keflavík** | **sun. kl. 19.15** |
| Njarðvík-Grindavík | mán kl. 19.15 |
| **Skallagrímur-Snæfell** | **mán kl. 19.15** |
| ÍR-Stjarnan | mán kl. 19.15 |

### *Þýski handboltinn*

| | |
|---|---|
| Gummersbach-HSG Wetzlar | 26-24 |

Róbert Gunnarsson skoraði 4 mörk fyrir Gummersbach í þessum leik.

| | |
|---|---|
| THW Kiel-Füchse Berlin | 38-29 |

Lærisveinar Alfreðs Gíslasonar fóru á toppinn en Lemgo á leik inni gegn HSV Hamburg í dag og hann er í beinni á Stöð2 Sport klukkan 13.00.

# Björn Bergmann í raðir Lilleström

**Skagamaðurinn Björn Bergmann Sigurðarson mun að öllu óbreyttu skrifa undir þriggja ára samning við norska úrvalsdeildarfélagið Lilleström á morgun en ÍA samþykkti kauptilboð í framherjann á dögunum.**

**FÓTBOLTI** Hinn sautján ára Björn Bergmann Sigurðarson mun á morgun gangast undir læknis-skoðun og í framhaldi af því skrifa undir þriggja ára samning við norska úrvalsdeildarfélagið Lill-eström. ÍA samþykkti nýlega kauptilboð í framherjann efni-lega.

Björn Bergmann var enn stadd-ur í Makedóníu með U-19 ára landsliði Íslands sem tók þar þátt í undankeppni EM en var að búa sig undir heimför þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gærdag. Hann mun þó stoppa stutt á Íslandi þar sem hann heldur aftur út á morg-un til þess að ganga frá sínum málum hjá Lilleström.

„Ég fer út á sunnudaginn til þess að fara í læknisskoðun og skrifa undir þriggja ára samning við Lilleström og er mjög ánægð-ur með það. Ég fór á dögunum og skoðaði leikvanginn og æfingarað-stöðuna hjá félaginu og leist strax mjög vel á þetta allt saman. Eftir spjall við knattspyrnustjórann þar sem hann sagðist ætla að gefa mér tækifæri þá ákvað ég að kýla á þetta,“ segir Björn Bergmann. En knattspyrnustjóri Lilleström er áhugamönnum um enska boltann að góðu kunnur því það er enginn annar en Henning Berg, fyrrum varnarmaður Manchester United.



**EFNILEGUR OG EFTIRSÓTTUR** Mörg félög í Evrópu voru á eftir hinum unga og efnilega Birni Bergmann en hann hyggst nú ganga til liðs við Lilleström og skrifa undir þriggja ára samning við norska félagið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Björn Bergmann vakti verð-skuldaða athygli í fyrra þegar hann skaust upp á stjörnuhimin-inn með ÍA í Landsbankadeildinni, þá aðeins sextán ára gamall. Fram-herjinn hélt áfram að heilla í sumar og skoraði þá fjögur mörk í nítján leikjum með Skagaliðinu og var undir smásjánni hjá fjölda félaga í Evrópu.

Gísli Gíslason, formaður rekstr-arfélags meistara- og 2. flokks ÍA, var ánægður fyrir hönd Björns Bergmanns þegar Fréttablaðið ræddi málin við hann í gær og ósk-aði Birni velfarnaðar en vildi ekk-ert segja til um hvert kaupverðið hafi verið. Gísli staðfesti þó að mörg félög hefðu spurst fyrir um framherjann unga.

**Gríðarlega eftirsóttur**

„Það hafa ýmis félög sýnt honum áhuga á undanförnum mánuðum, félög frá Englandi, Austurríki, Hollandi og Noregi þannig að það var engin vöntun á því. Við vildum hins vegar, meðvitað, halda því í lágmarki að senda hann á reynslu hingað og þangað um Evrópu þar sem við töldum hagsmunum hans ekki borgið með því. En forráða-menn Lilleström komu að máli við okkur fyrir svona hálfum mánuði. Það var allt saman mjög vel undir-búið og hann fór þá í framhaldi af því út til þess að skoða aðstæður og annað. Þeir voru búnir að fylgj-ast vel með honum og sáu hann spila með ÍA gegn KR og líka með U-19 ára landsliðinu. Félögin voru heldur ekki lengi að ná endum saman um kaupverðið og það er vonandi að þetta sé heillaskref hjá stráknum,“ segir Gísli.

omar@frettabladid.is




Tindastóll vann sigur í Stykkishólmi í Iceland Express deild karla í gærkvöldi:

# Blikar vígðu parketið með sigri

**KÖRFUBOLTI** Nýliðar Breiðabliks fylgdu eftir árangri kollega þeirra í FSU á fimmtudagskvöld-ið með því að vinna 12 stiga sigur á Skallagrími, 78-66, í vígsluleik nýja parketsins í Smáranum í gær. Á sama tíma unnu Íslands-meistarar Keflavíkur auðveldan sigur á Þór og Tindstóll vann dramatískan tveggja stiga sigur á Snæfelli í Stykkishólmi.

„Það var rosalega mikilvægt fyrir okkur að ná í þennan sigur í dag. Þeir eru baráttulið og gefa ekkert eftir og fyrir þeim var þetta eins og fyrir okkur gríðar-lega mikilvægur leikur,“ sagði Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Breiðabliks.

„Þetta eru tvö lið sem eru fyrir fram í botnbaráttu og hver sigur þar á milli er gríðarlega mikil-vægur. Það er líka ánægjulegt að byrja mótið með sigri,“ sagði Einar Árni.

„Ég er heilt yfir sáttur við það að menn voru að leggja sig fram og við spiluðum fína vörn og héld-um þeim í 66 stigum,“ sagði Einar sem var sáttur með framlag Nemanja Sovic sem sneri aftur til Blika á dögunum og var með 26 stig, 16 fráköst og 5 stolna bolta í gær. „Ég var mjög ánægð-ur með hans frammistöðu, hann er okkur mikilvægur og er þetta sóknarvopn sem heldur jafnvæg-inu fyrir okkur,“ sagði Einar.



**BARÁTTA** Þorsteinn Gunnlaugsson fær hér einn á lúðurinn frá Blikan-um Lofti Þór Enarssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Nemanja Sovic átti eins og áður sagði mjög góðan leik en þá var Rúnar Ingi Erlingsson drjúg-ur í lokin, sérstaklega þegar hann stal boltanum og kom Blikum sex stigum yfir þegar aðeins mínúta var eftir og Borgnesingar voru á góðri leið með að ná muninum niður í tvö stig.

Sveinn Davíðsson (18 stig, 10 fráköst, 4 stoðsendingar) og Þor-steinn Gunnlaugsson (14 stig, 8 fráköst, 5 stoðsendingar) byrjuðu vel í Skallagrímsbúningnum en fyrirliðinn og nú annar þjálfar-inn, Pálmi Þór Sævarsson, fór fyrir liðinu með baráttu sinni og endaði leikinn með 12 stig, 10 fráköst og 7 varin skot. Það vakti athygli að Ken Webb stjórnaði liði Skallagríms í gær en hann er hættur að þjálfa liðið.

Keflvíkingar fóru létt með Þórsara og unnu að lokum 24 stiga sigur þar sem sex leikmenn liðsins skoruðu ellefu stig eða meira og sjá sjöundi var með 9 stig. Það dugði lítið fyrir Þór að Cedric Isom skoraði 34 stig því gestirnir að norðan áttu ekki möguleika í breidd Keflavíkur-liðsins. Gunnar Einarsson setti niður 5 af 9 þriggja stiga skotum sínum og var stigahæstur hjá Keflavík með 17 stig

Tindastóll byrjar vel og vann 57-55 sigur á Snæfelli í Hólmin-um þar sem Snæfell var 29-23 yfir í hálfleik. Sigurður Þorvalds-son var stigahæstur Snæfells-manna með 12 stig en Svavar Birgisson skoraði 14 fyrir Tinda-stól.

- óój


BESTA LCD Í EVRÓPU
Tækið hlaut EISA verðlaunin 2008-2009 sem besta LCD í Evrópu. Viðurkennt fyrir myndgæði er spegla veruleikann fullkomlega.
PHILIPS
sense and simplicity
EISA AWARD
Best Product 2008-2009
LCD-TV
Philips 42PFL9803
Nýja Philips Flat TV tækið með LED Lux skjánum hlaut viðurkenninguna „European LCD-TV 2008-2009“ sem veitt var af óháðum dómnefndaraðilum EISA m.a. fyrir þróun á hinum hreina svarta skjátóni „True Black Level“ ásamt því að máðar útlínur vegna hreyfingar „Motion Blur“ eru úr sögunni. Tækið skartar Pixel HD Engine örgjörvanum er skilar lifandi myndgæðum, óviðjafnanlegri skerpu, flæðandi hreyfingu og ljómandi litaspili sem framkallar hina fullkomnu sjónrænu upplifun.
REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
SÍMI 569 1500
AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 36
460 3380
HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
464 1600
SELFOSS
EYRARVEGI 21
480 3700
Heimilistæki
ht.is



Ódýrt & gómsætt
NÓATÚN
TILBOÐ
Úr kjötborði
Grísalundir með sælkerafyllingu
1.998 kr./kg
Verð áður 2.998
Bestir í kjöti!
Úr kjötborði
Lamba Rib eye m/ hvítl. & rósmarín
2.698 kr./kg
Verð áður 3.998
Úr kjötborði
Ungnautafille rauðv/piparmarinerað
2.698 kr./kg
Verð áður 3.998
Nýtt í Nóatúni
Gevalia kaffi 1853, Gold / Dark
598 kr./pk
Göteborgs kex 3 tegundir
179 kr./pk
Doritos 2 tegundir
199 kr./pk
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is


Einfalt
& fljótlegt
Grillaður kjúklingur
798 kr./stk
Heitt með heim
30% afsláttur
Nóatúns þurrkr. lambalæri
1.399 kr./kg
Verð áður 1.998
Kalkúnn frosinn
798 kr./kg
Verð áður 1.198
Holda Kalkúnn
Bakað á staðnum
birkihorn & pistasíustykki
Melónur galia
299 kr/kg
Verð áður 389
Líf ACE
Líf Epla safi
Líf Appelsínu safi
Líf ávaxtasafi
109 kr/1L
Verð áður 139
Paprika græn / rauð
399 kr./kg
Tvöfaldir Vildarpunktar!
16. okt.-30. nóv.
Gildir af allri veltu
Kortið sem kemur þér út
www.noatun.is
Léttir þér lífið!
NÓATÚN

> **Kate Hudson**

„Ég hef engar áhyggjur af því sem er skrifað í blöðin um mig. Það eina sem skiptir mig máli er að nafnið mitt sé stafað rétt.“ Hudson leikur í myndinni Laus við gaurinn á 10 dögum sem sýnd er í Sjónvarpinu í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KAREN D. KJARTANSDÓTTIR VEIT AÐ JAFNVEL MANNÆTUR ERU EKKI ALSLÆMAR

# Álfar, tröll, skipskaðar og aðrar lygar

Í vikunni spurði erlendur blaðamaður mig og nýlega atvinnulausan vin minn hvers vegna Íslendingar væru ekki að gera eitthvað í málunum. Honum þótti til dæmis eðlilegt að einhverjir væru að skipuleggja uppreisn, flestir hefðu hug á því að taka lögin í sínar hendur auk þess sem honum þótti almenningur eiga fullan rétt á því að hefna sín á Landsbankamönnum sem hafa gert íslenskan almenning stórskuldugan án þess að hann hefði skrifað undir nokkra ábyrgð.

Við vorum blaðamanninum fyllilega sammála en reyndum að útskýra fyrir honum að Geir, Davíð og Björgvin hefði í bili tekist að ljúga því að almenningi að enginn mætti ganga af göflunum á meðan eitthvert gjörningaveður gengi yfir og þeir væru að reyna að ná stjórn á þjóðarskútunni, þetta væri nú allt að fara vel. Björgvin segði að enginn myndi missa vinnuna, Davíð að krónan væri góður gjaldmiðill og Geir að gjaldeyrir hefði komið á mánudag frá þeim fjarlæga stað útlöndum. Ástandið væri bara fínt.

Íslendingar væru kunnugir náttúruhamförum sem engum væri víst um að kenna og vissu þar að auki að það mætti ekki trufla björgunarmenn við störf sín. Þar að auki væri þjóðin svo vön að ekki mætti halla á auðmenn án þess að vera sökuð um svívirðilega afbrýðisemi að fáir hefðu lagt í það. Það kæmi alltaf einhver öskuillur og segði til dæmis að Björgólfur gamli væri ýkt fínn kall sem að sjálfsögðu hefði ekkert vitað hvað hann var að gera og ætti enga sök á þessum málum, ekki frekar en þegar hann sökkti fyrirtækinu Hafskipum á árum áður. Lítið þýddi að benda á þá staðreynd að jafnvel mannætur væru ekki alslæmar í viðkynningu. Auðmenn Íslands væru bara óttalega krúttlegir og ósnertanlegir sem einhverra hluta vegna ættu að fá að lifa óáreittir í ríkulegri hliðarheimi við venjulegt fólk. Þeir væru hinir einu sönnu álfar Íslands.



Það kom mér því ekki á óvart þegar ég sá á baksíðu Moggans í gær að Björgólfur Thor væri fundinn. Hann væri bara inni á Sirkus, stað krúttanna sem var alveg sjóðheitur góðærisárið mikla 2006 þegar Ísland var enn kennt við álfa og náttúrufegurð en ekki fátækt og fjársvik. Íslendingar væru svo farnir að trúa því að ástandið hér væri allt honum Gordon Brown að kenna, þeim illa tröllkarli.

## EKKI MISSA AF



▶ **13.45** Arsenal - Everton, BEINT STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **15.35** Víkingur - Akureyri, BEINT SJÓNVARPIÐ



▶ **19.35** Latibær STÖÐ 2



▶ **20.10** What I Like About You SKJÁR EINN



▶ **20.30** Ríkið STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Kóalabræðurnir, Herramenn, Sammi, Músahús Mikka, Skordýrin í Sólarlaut, Sögur frá Gvatemala, Trillurnar, Millý og Mollý og Tobbi tvisvar.
**10.25 Kastljós** (e)
**11.00 Hlýja Ísland - Hitaveita í heila öld** (e)
**11.30 Kiljan** (e)
**12.10 Kjarnakona** (1:6) (e)
**13.05 Kerfi Pútíns** (1:2)
**14.00 Stúlknasveitin 2** (The Cheetah Girls 2) (e)
▶**15.35 Íslandsmótið í handbolta karla** Bein útsending frá leik Víkings og Akureyrar í efstu deild karla.
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 Útsvar** (e)
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.35 Veður**
**19.40 Spaugstofan**
**20.05 Gott kvöld**
**21.00 Laus við gaurinn á 10 dögum** (How to Lose a Guy in 10 Days) Bandarísk gamanmynd frá 2003 með Kate Hudson og Matthew McConaughey í aðalhlutverkum.
**22.55 Barnaby ræður gátuna - Dauðinn í líkhúsinu** (Midsomer Murders: Things That Go Bump in the Night) Bresk sakamálamynd. Aðalhlutverk: John Nettles og John Hopkins.
**00.30 Umsátrið við Alamó** (The Alamo) (e)
**02.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Look Who's Talking**
**10.00 The Guardian**
**12.15 Lemony Snicket's A Series of Unfortunate events**
**14.00 Raise Your Voice**
**16.00 Look Who's Talking**
**18.00 The Guardian**
**20.15 Lemony Snicket's A Series of Unfortunate events**
**22.00 Night at the Museum**
**00.00 Missing**
**02.00 The Descent**
**04.00 Night at the Museum**
**06.00 Beauty Shop**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Barney og vinir, Kalli á þakinu og Hlaupin.
**08.00 Algjör Sveppi** Dynkur smáeðla, Refurinn Pablo, Louie, Lalli, Þorlákur, Sumardalsmyllan, Blær og Fífí.
**09.30 Hvellur keppnisbíll**
**09.45 Könnuðurinn Dóra**
**10.10 Bratz**
**10.35 Adventures of Jimmy Neutron**
**11.00 Markaðurinn með Birni Inga**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.30 Bold and the Beautiful**
**12.50 Bold and the Beautiful**
**13.10 Bold and the Beautiful**
**13.30 Bold and the Beautiful**
**13.50 Bold and the Beautiful**
**14.15 The Celebrity Apprentice** (6:13)
**15.10 Sjálfstætt fólk** (4:40)
**15.45 ET Weekend** Allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíðindað á hressilegan hátt.
**16.30 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru.
**16.55 Ríkið** (8:10)
**17.25 Dagvaktin** (4:11)
**18.00 Markaðurinn með Birni Inga**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.55 Lottó**
**19.01 Veður**
**19.10 The Simpsons** (10:20)
▶**19.35 Latibær** (10:18) Önnur þáttaröðin um Íþróttaálfinn, Sollu stirðu, Nennu níska, Glanna glæp og fleiri skemmtilega vini þeirra í Latabæ.
**20.05 Just Like Heaven** Rómantísk gamanmynd með Reese Witherspoon og Mark Ruffalo í aðalhlutverkum.
**21.40 Firewall** Hasarmynd með Harrison Ford í aðalhlutverki. Ford leikur sérfræðing í öryggismálum sem er neyddur til þess að fremja bankarán til þess að bjarga fjölskyldu sinni frá mannræningjum.
**23.25 Mr. and Mrs. Smith**
**01.20 Layer Cake**
**03.05 Exorcist. The Beginning**
**04.55 Dagvaktin** (4:11)
**05.25 The Simpsons** (10:20)
**05.50 Fréttir**

## 2 SPORT besta sætið

**07.45 NFL deildin**
**08.15 PGA Tour 2008 - Hápunktar**
**09.15 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**09.45 Utan vallar með Vodafone**
**10.35 F1. Við rásmarkið** Hitað upp fyrir Formúlu 1-kappaksturinn.
**11.15 Formúla 1 2008 - Kína** Útsending frá tímatöku.
**12.50 Þýski handboltinn** Bein útsending frá leik Lemgo og Hamburg í þýska handboltanum en með liði Lemgo leika þeir Logi Geirsson og Vignir Svavarsson.
**14.25 US Open** Útsending frá lokadegi US Open í golfi.
**17.20 Spænski boltinn** Fréttaþáttur spænska boltans þar sem hver umferð fyrir sig er skoðuð í bak og fyrir.
**17.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Atletico Madrid - Real Madrid.
**19.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Espanyol - Villarreal.
**21.50 UFC Unleashed** Í þessum þáttum eru bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.
**22.50 Ultimate Fighter**
**23.50 Box** Samuel Peter - Vitali Klitschko

## 2 SPORT 2 enski boltinn

**09.30 PL Classic Matches** Arsenal - Man. United, 2002.
**10.00 PL Classic Matches** Blackburn - Norwich, 1992.
**10.30 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.
**11.00 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum.
**11.30 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Middlesbrough og Chelsea.
▶**13.45 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Arsenal og Everton.
**16.15 Enska úrvalsdeildin** Bein útsendng frá leik Man. Utd og WBA.
**18.30 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum.
**19.40 4 4 2**
**20.50 4 4 2**
**22.00 4 4 2**
**23.10 4 4 2**

## SKJÁREINN

**06.05 Óstöðvandi tónlist**
**10.15 Vörutorg**
**11.15 Rachael Ray** (e)
**12.00 Rachael Ray** (e)
**12.45 Rachael Ray** (e)
**13.30 Rachael Ray** (e)
**14.15 Rachael Ray** (e)
**15.00 Kitchen Nightmares** (e)
**15.50 Robin Hood** (e)
**16.40 Charmed** (e)
**17.30 Survivor** (e)
**18.20 Family Guy** (e)
**18.45 Game tíví** (e)
**19.15 30 Rock** (e)
**19.45 America's Funniest Home Videos** Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
▶**20.10 What I Like About You** (14:22) Gamansería um tvær ólíkar systur sem búa saman í New York. Holly sér Henry með annarri stelpu og flýtir sér til Vince til að segja honum fréttirnar svo þau geti byrjað saman án þess að vera með samviskubit.
**20.35 Frasier** (13:24)
**21.00 Eureka** (e)
**21.50 House** (e)
**22.40 Singing Bee** (e)
**23.40 CSI. New York** (e)
**00.30 Law & Order. Special Victims Unit** (e)
**01.20 Criss Angel. Mindfreak** (e)
**01.50 The Eleventh Hour** (e)
**02.40 Our America** (e)
**04.20 Moto GP** Bein útsending frá Sepang í Malasíu þar sem næstsíðasta mót ársins í MotoGP fer fram. Keppni hefst klukkan hálffimm en kraftmestu hjólin verða ræst klukkan hálfátta á sunnudagsmorgun. Keppnin verður síðan öll endursýnd strax og beinni útsendingu lýkur.

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Valið endursýnt efni liðinnar viku** Sýnt á klst. fresti til 12.15 daginn eftir.
**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 11.00 OG 17.30

### Markaðurinn með Birni Inga



Fréttir af efnahagsmálum og viðskiptalífinu eru heitasta umræðuefnið í dag og Markaðurinn með Birni Inga er einmitt vettvangur fyrir vandaða og upplýsandi umfjöllun um þessi efni. Í dag er aðalgestur þáttarins Halldór Jón Kristjánsson, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, en hann er hugmyndafræðingurinn á bak við Icesave-innlánsreikningana sem eru bitbeinið í milliríkjadeilu okkar við Breta og fleiri þjóðir. Þá er einnig rætt við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra, Birnu Einarsdóttur, bankastjóra Nýja Glitnis, og í pallborði verða góðir gestir. Þátturinn er í opinni dagskrá.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Just Like Heaven
### Stöð 2 kl. 20.05

Rómantísk gamanmynd um unga konu sem lendir í bílslysi og fellur í dá. Á meðan sjúkrahúsdvöl hennar stendur flytur ekkill inn í íbúðina hennar. Áður en langt um líður fer andi hennar að sækja á hann. Hún er minnislaus og hann ákveður að hjálpa henni að finna út hver hún er í raun. Með aðalhlutverk fara Reese Witherspoon og Mark Ruffalo.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Stef
**09.03** Út um græna grundu
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Stjörnukíkir
**15.25** Lostafulli listræninginn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.05** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Bláar nótur í bland
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Heimur óperunnar
**19.50** Sagnaslóð
**20.30** Brot af eilífðinni
**21.10** Ísland og Evrópusambandið
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Hvað er að heyra?
**23.10** Villtir strengir og vangadans
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

**15.30 Hollyoaks** (36:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**15.55 Hollyoaks** (37:260)
**16.20 Hollyoaks** (38:260)
**16.45 Hollyoaks** (39:260)
**17.10 Hollyoaks** (40:260)
**18.05 Help Me Help You** (2:13)
**18.30 Smallville** (9:20)
**19.15 The Dresden Files** (10:13)
**20.00 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Hann fær góða viðmælendur í heimsókn og auk þess verður boðið upp á tónlistaratriði og ýmsar uppákomur.
▶**20.30 Ríkið** (8:10) Þættirnir gerast á óræðum tíma þar sem allt er kjánalegt, húsgögnin, aðbúnaðurinn, klæðaburðurinn, hárgreiðslan og þó sérstaklega fólkið.
**21.00 Dagvaktin** (4:11) Í Dagvaktinni liggja leiðir þremenninganna af næturvaktinni saman á ný fyrir einskæra tilviljun. Svakalegt uppgjör þeirra á milli verður óhjákvæmilegt.
**21.30 E.R.** (6:25) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**22.15 Smallville** (9:20) Sjöunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.
**23.00 The Dresden Files** (10:13)
**23.45 E.R.** (6:25)
**00.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**18.00 Hafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson.
**19.00 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm.
**19.30 Guðjón Bergmann**
**20.00 Lífsblómið** Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir.
**21.00 Líf og land** Valdemar Ásgeirsson.
**21.30 Borgarlíf** Marta Guðjónsdóttir.
**22.00 Hafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson.
**23.00 Neytendavaktin** Ragnhildur Guðjónsdóttir.
**23.30 Íslands safarí** Akeem Richard Oppong.

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Troldspejlet **10.30** Boogie Lørdag **11.00** Pigerne Mod Drengene **11.35** Family Guy **12.00** Talent 2008 **13.00** Talent 2008 **13.20** Nutty Professor II. Familien Klump **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Der var engang.... **16.00** Når søkøerne rejser hjemmefra **16.30** TV Avisen med Sport **16.55** SportNyt **17.05** Mr. Bean **17.30** Far, mor og bjørn - Hjem, kære hjem **18.00** Hvem ved det! **18.30** Agent 007 i Hendes Majestæts hemmelige tjeneste **20.45** Miss Marple **22.20** Honey

## NRK 1

**10.50** Kunnskapskanalen 2008 **11.20** Luksuscruise i havkajakk **11.45** Blå Kors - en hjelper mot nød i over 100 år **12.15** Nils og Ronny på vannvogna - en reise i blåkorsland **12.50** Ballen i øyet **14.05** Michael Palins nye Europa **15.00** Beat for beat **16.00** Kometkameratene **16.30** Amigo **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Kvitt eller dobbelt **18.55** Den store reisen **19.40** Sjukehuset i Aidensfield **20.30** Løvebakken **20.55** TV-aksjonen Blå Kors. Hva skjer i morgen? **21.05** Kveldsnytt **21.20** Et rom med utsikt **22.50** Singel i L.A.

## SVT 1

**11.05** Andra Avenyn **11.35** Andra Avenyn **12.05** Andra Avenyn **12.35** Uppdrag Granskning **13.35** Livet i Fagervik **14.20** Folk i bild 2008 **14.35** Doobidoo **15.35** Byss **15.50** Helgmålsringning **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.15** Pomos piano **16.45** Pettson & Findus **17.00** Eva & Adam **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Svensson, Svensson **18.30** Dansbandskampen **20.00** Brottskod. Försvunnen **20.45** Videokväll hos Luuk **21.15** Måsskratt **23.00** Svindlarna **23.55** Sändningar från SVT24


Fiton/SÍA

N1

# Öryggið skiptir öllu máli

## Þú færð hjólbarðaþjónustu N1 á eftirtöldum stöðum

Réttarhálsi 2, Reykjavík – Sími 440 1326
Bíldshöfða 2, Reykjavík – Sími 440 1318
Fellsmúla 24, Reykjavík – Sími 440 1322
Ægisíðu 102, Reykjavík – Sími 440 1320
Langatanga 1a, Mosfellsbæ – Sími 440 1378
Reykjavíkurvegi 56, Hafnarfirði – Sími 440 1374
Dalbraut 14, Akranesi – Sími 440 1394
Vesturbraut 552, Vallarheiði – Sími 440 1372

**Ekki bíða, komdu í dag**




**N1** HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
WWW.N1.IS

**Þér líður betur þegar vetrardekkin eru komin undir**
Það borgar sig ekki að bíða. Komdu núna og þú sleppur við allar biðraðir þegar snjórinn kemur. Þú færð framúrskarandi hjólbarðaþjónustu hjá okkur og safnkortspunkta af öllum viðskiptum. Renndu við hjá okkur og gerðu bílinn kláran fyrir veturinn!
**N1 – meira í leiðinni.**

KREPPAN



*„Davíð minn, partíið er búið. Taktu Hannes Hólmstein með þér og Ólaf Ragnar. Það þarf að koma nýtt fólk hérna til að þrífa upp eftir ykkur skítinn.“*

Bjartmar Guðlaugsson tónlistarmaður

# Dóttirin syngur aftur með Bubba í Köben

Gréta Morthens, dóttir Bubba, stígur á svið með föður sínum á tónleikum hans í salnum Audience í Kaupmannahöfn í kvöld. Stutt er síðan þau sungu saman á eftirminnilegan hátt lagið Með þér í þætti Ragnhildar Steinunnar, Gott kvöld. Núna munu þau endurtaka leikinn en í þetta sinn verður það fyrir framan hátt í eitt þúsund aðdáendur kappans, bæði íslenska og erlenda. Bubbi segir að tónleikarnir leggist mjög vel í sig, en undirbúningur var í fullum gangi þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær. „Gestur minn á tónleikunum verður Poul Krebs og það hafa fleiri þekktir danskir tónlistarmenn boðað komu sína,“ segir hann fullur tilhlökkunar. Á meðal þeirra verður hugsanlega Jesper Binzen, söngvari stærstu rokksveitar Dana, D-A-D, sem áður hét Disneyland After Dark. Þekktasta lag hennar er vafalítið I´m Sleeping My Day Away sem kom út 1989. Paul Krebs er aftur á móti talinn þekktasti danski tónlistarmaðurinn á eftir sjálfum Kim Larsen. Hitaði Bubbi einmitt upp fyrir Krebs á tónleikum hans í Borgarleikhúsinu fyrir rúmu ári síðan.

Páll Eyjólfsson, umboðsmaður Bubba, segist hafa fengið góðar móttökur í Danaveldi þrátt fyrir fjaðrafokið í kringum efnahagsmálin. „Engum hefur verið hent út úr búðum og hér er allt í sómanum,“ segir hann. „Ég er búinn að vera hér í nokkra daga og finn ekki fyrir öðru en eðlilegum viðskiptaháttum.“

Hann býst við frábærri stemmningu í kvöld: „Fólk verður ekki fyrir vonbrigðum. Hann verður með bandið með sér og mun taka klassísku slagarana í bland við nýrra efni.“ -fb



**GRÉTA MORTHENS** Dóttir Bubba stígur á svið með föður sínum á tónleikunum í kvöld.



**BUBBI MORTHENS** Bubbi stígur á svið í Danaveldi í kvöld fyrir framan hátt í eitt þúsund manns.



**LÁRÉTT**
**2.** skyldi, **6.** tveir eins, **8.** skítur, **9.** skilaboð, **11.** mun, **12.** vegna, **14.** nirfill, **16.** í röð, **17.** ról, **18.** drulla, **20.** gjaldmiðill, **21.** snöggur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** svei, **3.** tveir eins, **4.** skerðing, **5.** svelg, **7.** aðhlynning, **10.** skjön, **13.** líða vel, **15.** listi, **16.** skraf, **19.** guð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** ætti, **6.** uu, **8.** tað, **9.** sms, **11.** ku, **12.** sökum, **14.** nánös, **16.** mn, **17.** ark, **18.** aur, **20.** kr, **21.** snar.
**LÓÐRÉTT: 1.** fuss, **3.** tt, **4.** takmörk, **5.** iðu, **7.** umönnun, **10.** ská, **13.** una, **15.** skrá, **16.** mas, **19.** ra.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Jónas Ingi Ragnarsson.
2. Geir Ólafsson.
3. Birgitta Haukdal.






SIRRÝ SPÁ: FÁUM LÁN UTAN ÚR HEIMI OG ÞVÍ MUN FYLGJA GÆFA

# Davíð hvergi nærri hættur

„Davíð hopar ekki. Hann ætlar ekki að skilja okkur eftir í djúpum skít. Hann ætlar að hreinsa betur til,“ segir Sirrý Sigfús spákona – sem gegnir nafninu Sirrý spá.

Í dag klukkan þrjú verður efnt til mótmæla á Austurvelli og þess krafist að Davíð Oddsson segi af sér sem seðlabankastjóri. Fréttablaðið getur tilkynnt mótmælendum það að þeir geti gleymt þeirri kröfu. Fáir þekkja Davíð betur en Sirrý spá. Hún hefur verið aðdáandi hans númer eitt, tvö og þrjú um langt skeið og fylgst vel með honum. Það varð fréttamatur þegar hún gekk á Davíðs fund þegar hann hélt upp á sextugsafmæli sitt í ráðhúsinu í janúar síðastliðinn og færði honum forláta spákristalkúlu að gjöf – kúlu sem hún hafði einmitt gefið nafnið Davíð. Óneitanlega gustar um seðlabankastjóra þessa dagana og Fréttablaðið fékk því Sirrý til að leggja spil og spá fyrir um næstu vendingar. Aðdáendur Davíðs þurfa ekki að örvænta. Það er bjart yfir Davíð.

„Ég er búin að leggja hann tvisvar. Og hann kemur upp sem tígulkóngur. Nú er ég ekkert að hæla honum þótt ég sé hans megin en spilin sýna að Davíð hefur gríðarlega háa réttlætiskennd og kemur upp sem mjög heiðarlegur. Hann er mikið að hugsa þessa stundina en er rólegur og yfirvegaður,“ segir Sirrý. Hún segir að hann sé af einhverjum ástæðum tvístígandi en hann sé langt í frá búinn að segja sitt síðasta orð. „Það er alveg á hreinu. Eitthvert rifrildi er í uppsiglingu eða hreinskilni. Það er verið að reyna að sverta hann eins og hægt er í þjóðfélaginu en hann tekur það ekki inn á sig. Hann stendur fastur á sínu. Hann er ekki á leið úr Seðlabankanum. Davíð er ekki maður sem gefst upp þegjandi og hljóðalaust og þótt einhverjir, Ingibjörg Sólrún og fleiri, vilji hann burt þá gefur hann ekkert eftir. Hann fer eftir sinni sannfæringu og fer ekki enda á ýmislegt eftir að koma í ljós sem ekki hefur þolað dagsljósið.“

Sirrý segir mikla reiði í fólki en það ætti að gera sér grein fyrir því að ef ekki hefði verið gripið í taumana hvað varðar Glitni hefði skellurinn orðið miklu meiri. Það sem meira er. Sirrý segist sjá aðstoð sem kemur utan úr heimi. Fjárhagsaðstoð sem tengist Seðlabankanum. Jafnvel úr tveimur áttum. Og þessum peningum mun fylgja mikil gæfa. Ekki þarf að því að spyrja hvort Sirrý ætli að mæta við mótmælin í dag. Það beinlínis fussar í spákonunni við þessari fáránlegu spurningu. „Nei! Það er sko engin hætta á því.“

jakob@frettabladid.is



**SIRRÝ SPÁ** Davíð tekur árásir óvildarmanna ekki inn á sig og er ekki á leið úr Seðlabankanum fyrr en hann hefur hreinsað betur til. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Svo virðist sem Spaugstofan hafi gefist upp á sínu jákvæða og uppbyggilega gríni eins og lagt var upp með fyrir viku. Að **Karl Ágúst Úlfsson** fái útrás fyrir alla sína jákvæðni í trommuhringjum sem hann stjórnar víðs vegar um landið. Spaugstofuþátturinn í kvöld verður að hluta til þemaþáttur og ber heitið Icetanic – hamfaraþáttur því þar er siglt um á skipinu Icetanic sem siglir um heimsins höf og stímir á hugsanlega og óhugsanlega ísjaka.



Og meira úr bækistöðvum RÚV-ara. Svo virðist sem hinn ágæti fréttamaður **Björg Eva Erlendsdóttir** hafi ekki sagt skilið við útvarpið með öllu eins og allt stefndi í meðan 24 stundir voru og hétu en þar ritaði Björg Eva. Hún er nú umsjónarmaður þáttakorns sem heitir Í mótbyr og er á dagskrá í þættinum Samfélaginu í nærmynd og Popplandi Rásar 2 en þar er fjallað um ýmsar hliðar kreppunnar sem nú þjarmar að einstaklingum og fjölskyldum.



**Geir Jón Þórisson** yfirlögregluþjónn er nú staddur í Orlando en hann lét drauminn rætast og hefur verið á ferð á mótorhjóli um Bandaríkin eftir hinni sögufrægu slóð Route 66 ásamt félögum sínum í mótorhjólaklúbbnum Trúboðunum. Ferðin hefur gengið vel og án áfalla en henni lýkur á miklu mótorhjólamóti á Daytona Beach. Geir Jón er svo væntanlegur heim á sunnudag og bíður hans ærinn starfi og breytt staðan en þegar hann fór var hér allt í lukkunnar velstandi. - jbg







Munum eftir útiljósunum

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.

Fyrirfram þakkir, dreifing Fréttablaðsins

Pósthúsið - S: 585 8300 - www.posthusid.is


# Berbrjósta stúlka á umslagi

Berbrjósta skosk stúlka prýðir umslag fyrstu plötu hljómsveitarinnar The Viking Giant Show, The Lost Garden of the Hooligans, sem er nýkomin út.

Skoski ljósmyndarinn Brian Sweeney tók myndirnar í heimalandi sínu en hann bjó á sínum tíma hér á landi og tók meðal annars ljósmyndir fyrir síðustu plötu Botnleðju, Iceland National Park. Á umslagi hennar var umdeild mynd af allsnöktum karlmanni og er Sweeney því á svipuðum slóðum á þessari nýju plötu.

Heiðar Örn Kristjánson, forprakki The Viking Giant Show og fyrrverandi liðsmaður Botnleðju, vill ekki meina að Sweeney sé einhvers konar öfuguggi sem stundi það að taka nektarmyndir. „Þetta er mjög fínn ljósmyndari og hann hefur aðallega verið í músíkbransanum að taka myndir af hljómsveitum. Hann tók líka myndir af yfirgefnum sveitabæjum hérna heima og hélt sýningu,“ segir hann. „Hann vildi endilega fá að gera þetta „cover“ og hann var með þetta í sínum höndum. Ég gaf honum alveg lausan tauminn.“

Heiðar Örn á ekki von á því að umslagið verði bannað erlendis þrátt fyrir nektina. „Það sjá allir að þarna er listin í hávegum höfð og þarna er ekkert sem viðkemur einhverjum sora. Þetta eru fallegar myndir og ef þetta fer fyrir brjóstið á fólki þá þarf það aðeins að líta í eigin barm.“



**NAKIN ÚTI Í NÁTTÚRUNNI** Myndir af berbrjósta skoskri stúlku prýða umslag fyrstu plötu The Viking Giant Show sem er nýkomin út.

Næstu tónleikar The Viking Giant Show verða í Iðnó í kvöld klukkan 21.30 á Iceland Airwaves-hátíðinni. Þar verða nýju lögin spiluð og vafalítið verður platan með þessu athyglisverða umslagi einnig á boðstólum. -fb

Gerðu þér glaðan dag og komdu í afmælisveislu í Tekk-Company

**Síðasta tilboðshelgin**




Gerum hús að heimili

Kynntu þér fjölda afmælistilboða á www.tekk.is

Opið alla helgina

**TEKK COMPANY**

OPIÐ LAUGARDAGA 10-16 OG SUNNUDAGA 13-16

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

FABRIKAN Afmælismynd: Gísli Egill Hrafnsson Afmæliskjóll: Rokk og rósir Afmæliskaka: Jói Fel.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**

Guðmundar Steingrímssonar


## Sko

Ég persónulega er búinn að gera það algerlega upp við mig, að best sé núna að horfast fullkomlega í augu við það að hér á Íslandi er allt farið á versta veg. Ég veit fyrir víst að heill embættismannaher hefur unnið við það dag og nótt að slökkva elda eins og það er kallað á vinsælu líkingamáli. Mig grunar að fáir viti hvers lags kraftaverk eru unnin í því slökkvistarfi fyrir hönd þjóðarinnar á hverri klukkustund. Ég sendi baráttukveðjur.

**VIÐ** erum í djúpum skít, svo notað sé annað líkingamál og nú úr landbúnaði. Mér sýnist að flestir í kringum mig átti sig á svartri stöðu. Jafnvel hef ég á stundum lent í bölsýniskeppni á förnum vegi við kunningja, þar sem keppt er í bölsýnisspám og vinnur sá sem er svartsýnastur.

**ÞJÓÐIN** er þess vegna, að ég held, alveg með á nótunum. Það þarf ekkert að fegra þessa mynd. Margir bjuggust við þessum ósköpum. Meginþorri almennings held ég að hafi fyrir löngu áttað sig á því að þetta útrásarbrölt allt saman var í meira lagi grunsamlegt og að allir þessir Range Roverar, sem nú heita Game Overar, væru í raun bensínlausir.

**FLESTUM** held ég að líði dálítið eins og í fjölskyldu, þar sem einn bróðirinn er búinn að tala hátt í fjölskylduboðum um nokkurt skeið, og nú er komið í ljós að hann hafði veðsett hús foreldranna upp í topp og er núna með allt niðrum sig. Óheppni, segir hann. Hinir dæsa.

**ÞETTA** er auðvitað gömul saga og ný, svona rugl. En það breytir ekki því að nú þarf að halda fjölskyldufund, svo ég noti enn eina líkinguna, og gera samning: Ef við sem búum í þessu landi eigum að bretta upp ermar og hefja endurreisnarstarfið – og ég fyrir mitt leyti skal alveg djöflast eins og brjálæðingur, ekki síst fyrir hönd barnanna minna sem ég vil síður að þurfi að bogra hér í skuldafangelsi lungað úr 21. öldinni – að þá þurfa nokkrir hlutir að vera á hreinu áður en við hefjumst handa:

**1)** ÞEIR sem eiga sök á þessu þurfa að skammast sín. 2) Þetta má ekki gerast aftur. 3) Skýra sýn, takk. Pólitíska. Hvar, svo ég noti nú sívinsælt líkingamál úr siglingum, ætlum við í þessu beljandi fárviðri að bera að landi og í örugga höfn? Hvert er förinni heitið?

**ÞESSU** þarf skipstjórinn að svara.



### GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 18. október, 291. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.28 | 13.13 | 17.56 |
| Akureyri | 18.19 | 12.58 | 17.35 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


